skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
2. maí 2011
100. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011

Leikfélag Hólmavíkur

Fagnar þrjátíu ára afmæli með bráðfjörugum gamanleik.

tímamót 18

Tónleikar í Danmörku

Hjörvar Hermannsson heldur tónleika í Álaborg í kringum Evrópumót U-21 landsliðsins.

Fólk 38

Akureyri á enn von

Akureyri framlengdi einvígið með FH í handboltanum með sigri í gær.

sport 32

veðrið í dag

VÍÐA BJART Í dag verða suðaustan 8-13 m/s við SV-ströndina, annars hægari. Víða bjartviðri en dálítil væta NV-til í fyrstu. Hiti 5-17 stig að deginum.

VEÐUR 4



Samherji kaupir Brim hf. á Akureyri fyrir 14,5 milljarða

Eignir gamla Útgerðarfélags Akureyringa, sem Brim hf. keypti árið 2003, eru aftur komnar í eigu heimamanna. Skip, hús auk 5.900 þorskígildistonna verða undir dótturfélagi Samherja sem ber nafn ÚA.

SJÁVARÚTVEGSMÁL Um helgina var gengið frá samningi milli Brims hf. og dótturfélags Samherja um kaup á eignum Brims á Akureyri. Kaupverðið er fjórtán og hálfur milljarður króna. Félagið fær nafnið Útgerðarfélag Akureyringa en rekstur gamla útgerðarfélagsins, sem bar sama nafn, er þar með aftur kominn í eigu heimamanna. Þetta eru stærstu viðskipti innan íslensks sjávarútvegs um langt árabil, eða frá því að Brim keypti ÚA árið 2003 að því er næst verður komist.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að viðskiptin séu vissulega tilfinningalegs eðlis enda liggja rætur Samherja á Akureyri.

Um er að ræða fiskvinnslu á Akureyri og Laugum, ísfisktogarana Sólbak EA 1 og Mars RE 205, veiðiheimildir í þorski, ýsu, steinbít og skarkola, samtals 5.900 þorskígildistonn.

Þorsteinn segir að samanlagðar veiðiheimildir Samherja og ÚA séu talsvert undir leyfilegu hámarki í einstökum tegundum og í heild samkvæmt núgildandi lögum um stjórn fiskveiða.

Starfsmenn Brims á Akureyri og á Laugum eru um 150. Haldinn verður fundur með starfsmönnum í dag, til að kynna þeim þessar breytingar.

Samherji leggur fram eigið fé til kaupanna að fjárhæð 3.600 milljónir, sem að hluta er fjármagnað með sölu erlendra eigna. Landsbankinn fjármagnar 10.900 milljónir af kaupverðinu og verður viðskiptabanki nýs félags.

Þorsteinn segir í tilkynningu að þrátt fyrir óvissu um stjórn fiskveiða hafi stjórnvöld lýst því yfir að þau hyggist skapa sjávarútveginum traustan rekstrargrundvöll og öryggi til framtíðar. „Við höfum ávallt haft trú á sjávarútveginum. Þess vegna höfum við ákveðið að leggja 3.600 milljónir króna í þennan rekstur. Við gerum okkur grein fyrir því að þessi ákvörðun felur í sér nokkra áhættu en við teljum okkur ráða við hana, ekki síst vegna þess að afkoma af starfsemi okkar erlendis hefur verið ágæt að undanförnu. Í ljósi yfirlýsinga stjórnvalda gerum við ráð fyrir að geta haldið áfram þeirri starfsemi sem nú er hjá fyrirtækinu og tryggt afkomu starfsfólks okkar," segir Þorsteinn.

Samherji rekur öfluga útgerðarstarfsemi, landvinnslu og fiskeldi á Íslandi og er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins. Fyrir á Samherji viðamikla landvinnslu í Dalvíkurbyggð.

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

- shá

BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐSINS Hátíðahöld í tilefni 1. maí fóru fram víða um land að venju, meðal annars á Austurvelli í Reykjavík þar sem gestir spígsporuðu í snjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Banvænt fíkniefni í umferð:

Efni af fjórum stöðum sent til rannsóknar

LÖGREGLUMÁL Lögreglan lagði hald á nokkurt magn fíkniefna í fjórum húsleitum í kjölfar þess að tilkynnt var um látna stúlku í Árbæ um hádegisbil á laugardag. Meðal þess er hvítt efni sem ekki er hægt að útiloka að sé PMMA, baneitrað efni sem grunur leikur á að hafa dregið stúlkuna til dauða.

Efnið hefur verið sent til greiningar, sem getur tekið nokkurn tíma. Lögregla leggur nú allt kapp á að rekja uppruna og dreifingarleiðir efnisins, sem talið er að hafi orðið sextán manns að aldurtila í Noregi og Hollandi á undanförnum mánuðum.

Yfir tíu manns hafa verið handteknir vegna málsins um helgina, meðal annars Borgnesingur sem efnið fannst hjá fyrr í mánuðinum fyrstum allra á Íslandi. Öllum hefur verið sleppt. **- sh, jss / sjá síðu 2**

Allt útlit fyrir að Guðlaugur Þór Þórðarson stefni Birni Val Gíslasyni fyrir meiðyrði:

Dregur ummælin ekki til baka

STJÓRNMÁL Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, ætlar ekki að verða við boði Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um að draga til baka ummæli um mútuþægni hins síðarnefnda. Guðlaugur gaf honum frest til þess til mánaðamóta, ellegar mundi hann stefna honum fyrir meiðyrði.

Björn Valur svaraði lögmanni Guðlaugs í gær. „Mér þykir miður að hafa valdið skjólstæðingi þínum hugarangri, en ítreka undrun mína á því að hann hafi ekki gert athugasemdir vegna sambærilegra ummæla, sem eru sannanlega sett fram miklu fyrr en mín orð féllu," skrifar Björn Valur meðal annars.

Vísar hann sérstaklega til orða flokkssystkina sinna, Svandísar Svavarsdóttur og Ögmundar Jónassonar, um REI-málið í því samhengi. Hann hafi því haft tilefni til að ályktta að Guðlaugur væri ekki viðkvæmur fyrir því að vera vændur um mútuþægni. Auk þess sé orðið mútur nú til dags notað í víðtækri merkingu.

Guðlaugur vildi ekki tjá sig um svarbréfið í gær, þar sem hann hafði aðeins heyrt af efni þess en ekki lesið það. **- sh**

SPURNING DAGSINS

Þóra Björk, var brúðkaupið gott fyrir sinn hatt?

„Ég þori að éta minn hatt upp á það að brúðkaupið var skrautfjöður í hatt krýndra sem ókrýndra drottninga heimsins."

Þóra Björk Ólafsdóttir viðskiptafræðingur, til vinstri, og vinkonur hennar hittust á föstudagsmorgun, fylgdust með konunglega brúðkaupinu í sjónvarpinu, settu upp hárskraut og gæddu sér á gúrkusamlokum.

Dýpkunarskip er við störf við Landeyjahöfn:

Landeyjahöfn opnar líklega í vikunni

SAMGÖNGUR Dýpkunarskipið Skandia er við störf við Landeyjahöfn og liggur fyrir að hægt verði að opna höfnina aftur á miðvikudag. Herjólfur sigldi síðast frá Landeyjahöfn þann 12. janúar.

Að sögn Gísla Vals Gíslasonar, stýrimanns á Herjólfi, náði dýpkunarskipið fimm ferðum aðfaranótt sunnudags og gekk vinnan mjög vel. Dýpt hafnarinnar verður mæld aftur í dag og verður þá hægt að áætla hvenær siglt verður á Landeyjahöfn að nýju.

Ef veður helst gott og dýpkunarstarfið gengur vel eru líkur á að höfnin opni á miðvikudag.

„Höfnin var mæld á laugardag og þá var lítið eftir. Ef veðurskilyrði haldast góð áfram ættu þeir að geta athafnað sig allan sólarhringinn. Þá ættum við að geta byrjað að sigla aftur til Landeyjahafnar innan skamms," segir Gísli Valur.



LANDEYJAHÖFN Talið líklegt að hún opni á miðvikudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þann 6. apríl var minnsta dýptin í hafnarmynninu 4,5 metrar en Herjólfur ristir 4,2 metra þegar skipið er í kyrrstöðu. Æskileg dýpt hafnarmynnisins er því minnst 6 metrar. - sm

Kjarasamningar ASÍ og SA:

Viðræður halda áfram í dag

KJARAMÁL Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir kjaraviðræður munu halda áfram við framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins (SA) í dag. Ekkert samband hafi verið milli aðilanna yfir helgina. Gylfi hélt ræðu á Akureyri í gær í tilefni af baráttudegi verkalýðsins. „Við töluðum til þeirra [SA] en ekki beint við samtökin," segir Gylfi.

Á föstudag sagði Gylfi verkalýðshreyfinguna nú undirbúa allsherjarverkfall í þessum mánuði. - kg

Gæslan á Reykjaneshrygg:

Sjö togarar veiddu löglega

SJÁVARÚTVEGUR Landhelgisgæslan kannaði í gær veiðar sjö togara frá Spáni og Rússlandi sem sáust að veiðum á Reykjaneshrygg fyrir þremur dögum. Við skoðun kom í ljós að skipið frá Spáni var á langhalaveiðum en rússnesku skipin úthafskarfaveiðum.

Veiðum á langhala er ekki stjórnað með beinum hætti og eru skipin því í fullum rétti hafi viðkomandi þjóð veiðireynslu. Rússnesku skipin eru á karfaveiðum en fjölþjóðlegt samkomulag er um að veiðarnar hefjist ekki fyrir 10. maí. Rússar eru ekki bundnir af samþykktinni.

Öll skipin eru að veiðum utan íslenskrar fiskveiðilögsögu. - shá

SÆL SAMAN Katrín og Vilhjálmur vörðu brúðkaupsnóttinni í Buckingham-höll.

Brúðkaupsferðinni frestað:

Mætir til vinnu aftur á morgun

BRETLAND Hertoginn og hertogaynjan af Cambridge eyða fyrstu helgi sinni sem hjón á leynilegum stað. Hjónin hyggjast ekki fara í brúðkaupsferð sína strax og mun Vilhjálmur prins mæta aftur til vinnu sinnar á morgun.

Ekki hefur verið gefið upp hvenær farið verður í væntanleg brúðkaupsferð eða hvert verður farið, en margir telja líklegt að hveitibrauðsdögunum verði eytt í Keníu þar sem Vilhjálmur bað Katrínar. -sm

Lögregla gerir dauðaleit að banvænu dópi

Lögregla leitar nú logandi ljósi að stórhættulegu fíkniefni sem talið er komið í almenna umferð. Ung stúlka lést á laugardag eftir neyslu. Nokkurt magn fíkniefna fannst á fjórum stöðum um helgina og hefur nú verið sent til rannsóknar.

LÖGREGLUMÁL Lögregla leggur nú allt kapp á að rekja uppruna og dreifingarleiðir fíkniefnisins PMMA, sem grunur leikur á að hafi dregið tvítuga stúlku til dauða á laugardagsmorgun.

Stúlkan var stödd í samkvæmi hjá kunningja sínum þegar hún lést. Hún hafði neytt fíkniefna. Dánarorsök liggur ekki fyrir en í ljósi þess að PMMA hafði fundist í fyrsta sinn á Íslandi fyrr í apríl, í fórum manns í Borgarnesi, beindist grunur strax að því. Lögregla handtók fjóra á staðnum og lagði hald á fíkniefni.

> Maður ætlar svo sem engum að dreifa svona efnum vitandi að þau kunni að vera eitruð
>
> **KARL STEINAR VALSSON**
> YFIRMAÐUR FÍKNIEFNADEILDAR LÖGGREGLUNNAR

Á laugardagskvöld var leitað í tveimur húsum til viðbótar og fleiri handteknir. Lögregla hélt áfram að rekja sig eftir viðskiptaslóðinni og gerði þriðju húsleitina í gær.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fannst nokkurt magn fíkniefna á öllum fjórum stöðunum, þar á meðal hvítt efni sem við fyrstu sýn virðist vera amfetamín en ekki er hægt að útiloka að sé umrætt PMMA. Efnið hefur verið sent Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræðum til greiningar. Hún getur tekið nokkurn tíma.

Meira en tugur manna hefur verið handtekinn og yfirheyrður vegna rannsóknarinnar, meðal annars áðurnefndur Borgnesingur á laugardagskvöld. Síðdegis í gær hafði hins vegar öllum verið sleppt úr haldi.

Heimildir Fréttablaðsins herma að mikil áhersla sé lögð á það að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu efnisins. Talsvert lögreglulið hafi unnið að því myrkranna á milli alla helgina og svo verði áfram á meðan af því er talin steðja hætta.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, segir lögreglu óttast mjög að

KARL STEINAR VALSSON

meira af efninu sé í umferð. Hann segir ómögulegt að vita hvort innflytjendur og sölumenn efnisins viti sjálfir hversu hættulegt efnið er. „En maður ætlar svo sem engum að dreifa svona efnum vitandi að þau kunni að vera eitruð," segir hann. Hann vildi að öðru leyti ekki tjá sig um rannsóknina í gær. - sh, jss

Sextán látnir í Noregi og Hollandi

Efnið skeinuhætta er skammstafað PMMA en fræðiheitið er parametoxímetamfetamín. Það er náskylt metamfetamíni en hefur virkni ekki ósvipaða MDMA, eða e-töflum og e-töfludufti. Efnið er ýmist selt í duft- eða pilluformi, og þá sem amfetamín eða MDMA, en er þó mun líklegra til að valda hjartastoppi, ekki síst vegna þess að áhrifin koma síðar fram og því freistast fólk til að neyta meira en ella.

Í janúar fluttu norskir fjölmiðlar fréttir þess efnis að tólf hefðu látist eftir neyslu efnisins á undanförnu ári. Fyrir mánuði var svo greint frá því í Hollandi að efnið hefði dregið fjóra þar til dauða síðan í nóvember.

Tala látinna fer hækkandi:

Yfir 300 látnir

BANDARÍKIN Tala látinna fer hækkandi eftir að skýstrokkar fóru yfir suðurríki Bandaríkjanna í síðustu viku.

Alls hafa 340 látið lífið í hamförunum og varð Alabama einna verst úti, en þar fórust 248 manns í óveðrinu. Um tvö hundruð skýstrokkar fóru yfir sex fylki í Suður-Bandaríkjunum og er eyðileggingin gríðarleg.

Björgunarsveitir og hermenn leita enn að fórnarlömbum sem gætu verið föst í húsarústum. Um milljón heimili á svæðinu eru enn án rafmagns. Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, heimsótti hamfarasvæðið í gær. - sm

OBAMA OG TRUMP Sá síðarnefndi kunni ekki meta háðsglósur forsetans.

Obama hæðist að Trump:

Hvíta húsið yrði eitt syndabæli

BANDARÍKIN Barack Obama Bandaríkjaforseti virðist ekki taka hugmynd auðjöfursins Donalds Trump um mögulegt forsetaframboð ýkja alvarlega. Forsetinn hæddist að Trump í árlegum kvöldverði með blaðamönnum um helgina og sýndi meðal annars mynd af Hvíta húsinu þar sem sjá mátti bikiníklæddar stúlkur með kokteila í heitum potti.

Obama gerði einnig grín að þeim orðrómi að hann hafi ekki fæðst í Bandaríkjunum. Nú þegar hann hefði birt fæðingarvottorðið sitt gæti Trump snúið sér að mikilvægari álitaefnum, eins og því hvort tunglferðin 1969 hafi verið sviðsett. Trump sat svipbrigðalaus undir öllu gamninu. - sh

Mesta snjólag í aldarfjórðung mældist í Reykjavík í gærmorgun:

Spáð hlýnandi veðri í dag

VEÐUR Mesta snjólag í tæplega aldarfjórðung, 16,3 sentimetrar, mældist í Reykjavík í gærmorgun samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands. Leita þarf aftur til ársins 1987 til að finna jafn snjóþungan fyrsta maí en þá var 17 sentimetra snjólag í höfuðborginni. Jörð var síðast alhvít í maímánuði árið 1993.

Í öðrum landshlutum var þó mögulegt að fagna baráttudegi verkalýðsins í sumarlegra veðri. Víða á Austurlandi skein sól í heiði og mældist þar 17 gráðu hiti síðdegis. Á Norðurlandi fór hitinn upp í 13 stig. Veðurstofan spáir hlýnandi veðri í dag.

Páll Bergþórsson, fyrrverandi veðurstofustjóri, segir óneitanlega dálítið sérstakt að svo mikið snjói hér á landi í byrjun maí. Það sé þó alls ekki einsdæmi. „Fyrsta veðrið sem ég man eftir var 3. maí 1929, þegar ég var fimm ára gamall drengur í Borgarfirði. Þá skall á feykilegur bylur um land allt. Þetta man ég," segir Páll og bætir við að honum lítist afbragðsvel á sumarið sem fram undan er.

„Veturinn hefur verið mildur og það veit á gott, sérstaklega fyrir gróðurinn. Margir hafa kvartað undan þessum aprílmánuði sem er nýliðinn, og kannski með réttu því veðrið hefur verið hálfleiðinlegt, en staðreyndin er sú að þessi apríl er líklega sá níundi hlýjasti síðan mælingar hófust hér á landi árið 1846. Svona vill náttúran hafa þetta og ekki þýðir að kvarta yfir því," segir Páll. - kg

VETRARTÍÐ Ungir sem aldnir drógu skemmtu sér í snjónum á Seltjarnarnesi í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nova fer vel í lófa!

Netið í símann!
Fylgir í áskrift
150 MB/mán.
20 kr. í frelsi
5 MB/dag

3.490 kr. á mán. í 12 mán.

LG Optimus One

39.990 kr./stgr.

2.000 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!

2.690 kr. á mán. í 12 mán.

LG Optimus Me

29.990 kr./stgr.

1.000 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Farsímatilboð Nova gilda með áskrift og frelsi: Mánaðarleg afborgun er greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald.
Ekkert mánaðargjald í frelsi en 590 kr. í áskrift og þá fylgir 150 MB netnotkun á mánuði.

DAGUR & STEINI

GENGIÐ 29.04.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	110,60	111,12
Sterlingspund	184,21	185,11
Evra	164,35	165,27
Dönsk króna	22,036	22,164
Norsk króna	21,080	21,204
Sænsk króna	18,406	18,514
Japanskt jen	1,3589	1,3669
SDR	179,34	180,40

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,1875
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forseti ASÍ hélt ræðu á Akureyri í tilefni af baráttudegi verkalýðsins í gær:

Kallar eftir vori hins vinnandi manns

KJARAMÁL „Þetta er sá frostavetur sem íslenskt launafólk hefur gengið í gegnum og þetta er sá frostavetur sem við viljum sjá ljúka. Við viljum sjá vor, vor hins vinnandi manns," sagði Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, í ræðu sinni á Akureyri í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins í gær.

Gylfi sagði að öflugt velferðarsamfélag yrði aðeins reist á trúverðugum og varanlegum efnahagslegum stöðugleika og uppbyggingu. Þá vék hann meðal annars að aðildarviðræðum við Evrópusambandið, sem hann sagði mikilvægt að þjóðin fengi að taka afstöðu til í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Að venju fóru fram hátíðahöld í tilefni dagsins víða um land. Í ræðu sinni á útifundi á Austurvelli gerðu nokkrir gestir hróp að Signýju Jóhannesdóttur, varaforseta ASÍ, þegar hún hélt þar ræðu sína. Kveikt var á blysi fyrir framan ræðupúltið og Signý meðal annars kölluð svikari og spurð hvers vegna sjálfur forseti ASÍ hefði ekki haldið ræðu í Reykjavík.

Forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaflutti hátíðarávarp í íþróttahöllinni, en hundrað ár voru liðin frá stofnun Verkamannafélags Húsavíkur. - kg

UNGUR NEMUR Ungviðið lét sig ekki vanta á útifundinn á Austurvelli í tilefni af 1. maí.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

REYKT Í KÍNA Kínverjar munu enn mega reykja í vinnunni. NORDICPHOTOS/AFP

Reykingabann sett í Kína:

Ómeðvitaðir um hætturnar

KÍNA, AP Reykingabann hefur tekið gildi í Kína. Markmið bannsins er að draga úr dauðsföllum sem rekja má til reykinga.

Ekki er leyfilegt að reykja á veitingastöðum, hótelum, lestarstöðvum og í leikhúsum en þó verður áfram leyfilegt að reykja á vinnustöðum. Bannið hefur sætt gagnrýni því engin refsing er við broti á því og þess vegna talið ólíklegt að banninu verði fylgt eftir. Mikill fjöldi Kínverja virðist alveg ómeðvitaður um þær hættur sem stafa af reykingum og aðeins einn af hverjum fjórum þekkir slæm áhrif óbeinna reykinga. - sm

Breyttur útivistartími barna:

Útivistartími barna lengist

LÖGREGLAN Breyttur útivistartími barna og unglinga tók gildi í gær.

Nú mega börn tólf ára og yngri vera úti til klukkan tíu á kvöldin og unglingar sextán ára og yngri til miðnættis. Í tilkynningu frá Lögreglunni kemur fram að börn mega ekki vera á almannafæri utan fyrrgreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum.

Reglur um útivistartíma barna eru samkvæmt barnaverndarlögum og er meðal annars ætlað að tryggja börnum nægan svefn. - sm

Tillögur um fiskveiðistjórn í anda íslenska kerfisins

Framkvæmdastjórn ESB vinnur með hugmyndir sem bylta munu fiskveiðistjórnun innan sambandsins. Þær eru mjög í anda íslenska kerfisins með upptöku framseljanlegra aflaheimilda og banni við brottkasti.

EVRÓPUMÁL Evrópusambandið (ESB) virðist stefna á að taka upp marga meginþætti íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins. Framseljanlegar aflaheimildir og bann við brottkasti eru þar veigamestar en hugmyndafræðin er sú sama og íslenskra stjórnvalda við innleiðingu breyttrar veiðistjórnunar á sínum tíma.

Framkvæmdastjórn ESB vinnur nú að því að móta tillögur að breytingum á sameiginlegu fiskveiðistjórnunarkerfi sambandsins sem munu líta dagsins ljós í júlí næstkomandi. Tillögurnar miða að því að snúa við óheillaþróun síðustu ára og bjarga ofveiddum fiskistofnum fyrir árið 2015. Þetta er takmark Maríu Damanaki, sjávarútvegsstjóra ESB, að sögn dagblaðsins Europolitics, eða að fiskveiðar innan ESB verði sjálfbærar hið fyrsta.

Tillögurnar kallast mjög á við íslenska kerfið eins og það er í dag. Framseljanlegar aflaheimildir yrðu teknar upp með kvóta á einstök skip. Framsal á milli skipa sem gera út undir sama fána yrði leyft. Þetta yrði ekki síst gert til að minnka evrópska flotann sem er allt of stór miðað við mögulega veiði. Framkvæmdastjórnin íhugar jafnframt að banna brottkast sem hefur lengi verið ljóður á kerfinu og þyrnir í augum allra sem koma að útgerð.

Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent við Háskólann á Bifröst og forstöðumaður Evrópufræðaseturs, segir að nái tillögurnar fram að ganga yrði það til að kollvarpa núverandi kerfi ESB. „Með þeim nálgast ESB íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið í mikilvægum atriðum. Hér er þó aðeins um að ræða tillögur og með öllu óvíst hvort eða í hvaða formi þær muni ná fram að ganga. Það er langur og gryttur vegur enn í þeim efnum."

Aðalsteinn Leifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir að framkvæmdastjórnin þekki vel til fiskveiðistjórnunar hér og í Noregi. Áherslan sé á að ná fram ábyrgari og hagkvæmari nýtingu auðlindarinnar með því að minnka sókn, banna brottkast og minnka miðstýringu. „Ef til vill má segja að menn horfi meira til félagslegra sjónarmiða og byggðasjónarmiða hjá ESB. Sjávarútvegur er víða óburðugur innan aðildarríkjanna og það má gera ráð fyrir viðbrögðum við breytingum sem fela í sér minni og hagkvæmari sókn."

Í grein Europolitics kemur fram að hugmyndirnar mæti andstöðu, meðal annars í Frakklandi þar sem litið er á fiskveiðar sem sameign undir forræði ríkisins og að markaðsöflin eigi þar ekki að hafa aðkomu. Spánverjar vilja ekki banna brottkast með öllu og margar þjóðir finnt takmarkið um sjálfbærni árið 2015 óraunhæft, segir í frétt Europolitics.

svavar@frettabladid.is

BROTTKAST Helsti ljóður á fiskveiðistjórnun í ESB hefur verið gegndarlaust brottkast.

AÐALSTEINN LEIFSSON

EIRÍKUR BERGMANN

MARIA DAMANAKI

Um fiskveiðistjórnun

- Markmið íslenskra stjórnvalda með stjórn fiskveiða er lögum samkvæmt að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.
- Við stjórnun veiða íslenskra skipa er ýmsum aðferðum beitt. Þar má nefna úthlutun veiðileyfa og aflaheimilda, reglur um gerð og útbúnað veiðarfæra og lokanir veiðisvæða.
- Allar fiskveiðar í atvinnuskyni eru háðar leyfi frá Fiskistofu. Að jafnaði eru um 1.300 skip og bátar með leyfi frá Fiskistofu til veiða í atvinnuskyni.
- Fiskistofa úthlutar aflamarki (í tonnum) til veiða á kvótabundnum tegundum til eins fiskveiðiárs í senn á grundvelli aflahlutdeildar hlutaðeigandi skips og ákvörðunar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um leyfilegan heildarafla í einstökum tegundum á fiskveiðiárinu.
- Aflaheimildir verða lögum samkvæmt alltaf að vera bundnar við fiskiskip. Að tilteknum skilyrðum uppfylltum og með ákveðnum takmörkunum er heimilt er að flytja aflaheimildir á milli fiskiskipa. Flutningur aflaheimilda öðlast ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann.
- Heimilt er að flytja allt að 15 prósent af aflamarki flestra tegunda frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta og þá er heimilt að veiða allt að 5 prósent umfram úthlutað aflamark skips á einstöku fiskveiðiári og dregst sá afli frá úthlutun á næsta ári.
- Aflamark er tvenns konar, almennt aflamark, sem nýta má með veiðum með öllum leyfilegum veiðarfærum og krókaaflamark sem einungis er heimilt að nýta með krókaveiðarfærum (handfæri og lína). Bátar sem stunda veiðar á grundvelli krókaaflamarks eru minni en 15 brúttótonn.

Heimild: Fiskistofa

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veður-fréttamaður

ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA Hlýnandi veður um vestanvert landið í dag og léttir einnig til. Útlit fyrir þurrt veður og tveggja stafa hitatölur í flestum landshlutum í viku unni og því engar líkur á snjókomu!



HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	21°
Berlín	13°
Billund	10°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	19°
Gautaborg	9°
Kaupmannahöfn	9°
Las Palmas	21°
London	16°
Mallorca	19°
New York	18°
Orlando	31°
Ósló	11°
París	21°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

11

Nr. 11: Við ætlum að kynna nýja og heilsteypta stefnu um samfélagslega ábyrgð ásamt lykilverkefnum

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU



Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.

Ný stefna um samfélagslega ábyrgð

Landsbankinn hefur samþykkt nýja og heilsteypta stefnu um samfélagslega ábyrgð. Stefnan byggist á fimm megin málaflokkum og skal hún vera komin að fullu til framkvæmda árið 2015. Samtímis kynnir bankinn nokkur lykilverkefni í samræmi við hina nýju stefnu.

Sjálfbært samfélag

Í nýrri stefnu bankans segir að Landsbankinn sé alhliða fjármálafyrirtæki sem ætli að sýna samfélagslega ábyrgð í rekstri með því að samþætta efnahags-, samfélags- og umhverfismál við starfshætti bankans. Landsbankinn ætlar að vera sjálfbær banki með því að byggja markvisst upp trausta innviði og öfluga liðsheild. Hlustað er á viðskiptavini, starfsmenn njóta virðingar og eru hvattir til virkrar þátttöku í samfélaginu. Landsbankinn á að vera traustur samstarfsaðili og álitlegur fjárfestingakostur sem skilar eigendum ásættanlegri arðsemi og ávinningi til samfélagsins.

Lykilverkefni

Samhliða kynnir bankinn fyrstu lykilverkefnin til að fylgja eftir nýju stefnunni. Verið er að greina útlánastefnu, áhættumörk, hagsmunaaðila, vörur og þjónustu bankans út frá sjónarmiði samfélagslegrar ábyrgðar. Starfsfólki Landsbankans býðst að gera samkomulag við bankann um vistvænar samgöngur. Landsbankinn hefur þegar kolefnisjafnað akstur og millilandaflug starfsmanna til og frá Íslandi.

Ellefta loforðið

Með því að kynna nýja stefnu um samfélagslega ábyrgð efnum við ellefta loforðið á aðgerðalista okkar.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • ji.is • SÍA NBIHF.(LANDSBANKINN).KT.471008-0280

KJÖRKASSINN

Horfðir þú á konunglega brúðkaupið í beinni útsendingu?

JÁ 42,3%

NEI 57,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú á opnunarhátíð tónlistarhússins Hörpu?

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Árni Páll Árnason kallar til sín stjórnendur Seðlabanka og Samkeppniseftirlits:

Ráðherra vill fá lyktir í dagsektadeilunni

FJÁRMÁL Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, hefur kallað stjórnendur Seðlabanka Íslands og Samkeppniseftirlitsins á sinn fund í næstu viku til að reyna að finna lausn á deilumáli á milli stofnananna. Stofnanirnar heyra báðar undir efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

Samkeppniseftirlitið lagði dagsektir á bankann í síðustu viku með því fororði að bankinn hafi hafnað því að gefa upplýsingar um útlán einstakra banka og sparisjóða. Með neituninni hefur Seðlabankinn brotið samkeppnislög að mati eftirlitsins. Seðlabankinn útskýrir ákvörðun sína um að neita Samkeppniseftirlitinu um gögn með þeim rökum að þagnarskylda bankans sé afar rík. Samkeppniseftirlitið telur hins vegar að bankinn hafi vanrækt ótvíræða lagaskyldu um afhendingu gagna og upplýsinga.

Árni Páll segir deiluna óheppilega og að greiða verði úr henni sem fyrst. „Það er mikilvægt að eftirlitsstofnanir vinni í takt. Það er einn af lærdómum hrunsins að þær deili upplýsingum að því marki sem mögulegt er. Það er líka mikilvægt að nauðsynlegur trúnaður gildi um viðkvæmar upplýsingar. Það er líka brýnt að þeir sem láta trúnaðarupplýsingar frá sér til tiltekinna stofnanna geti treyst því að farið sé með þær af virðingu."

Árni segir báðar stofnanirnar gegna afar mikilvægu samfélagslegu hlutverki og í því ljósi nálgist hann deiluna. **- shá**

ÁRNI PÁLL ÁRNASON Ráðherra mun funda með forsvarsmönnum Seðlabankans og Samkeppniseftirlitsins.

Alþjóðadagur tjáningarfrelsis:

Málþing um mótmælarétt

MÁLÞING Í tilefni alþjóðadags tjáningar- og fjölmiðlafrelsis verður haldið málþing um tjáningarfrelsi og mótmælarétt í Bíó Paradís á morgun.

Málþingið er skipulagt af íslensku Unesco-nefndinni í samstarfi við Blaðamannafélag Íslands og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Markmið málþingsins er að efna til gagnrýninnar og uppbyggilegrar umræðu um mótmælaréttinn. Þingið hefst klukkan tvö eftir hádegi og stendur til klukkan fimm. - sm

GEIMSKUTLAN Endeavour sést hér á skotpallinum í Flórída.

Bilun í kælikerfi Endeavour:

Stefnt að geimskoti á morgun

BANDARÍKIN Bandaríska geimvísindastofnunin frestaði fyrirhuguðu geimskoti geimskutlunnar Endeavour vegna bilunar í kælibúnaði. Reynt verður aftur á morgun.

Að sögn yfirmanna NASA er enn óljóst nákvæmlega hvað orsakaði bilunina í kælikerfinu.

Endeavour hefur lagt að baki 209 milljón kílómetra leið um geiminn. Fyrirhuguð ferð geimskutlunnar er hennar tuttugasta og fimmta og jafnframt hennar síðasta. **- sm**

Bændur skjóta fast á Matvælastofnun

Sauðfjárbændur fordæma stjórnsýslu eftirlitsstofnana í Funa-málinu og vilja opinbera rannsókn. Matvælastofnun svarar því til að verið sé að hengja bakara fyrir smið og gagnrýnin eigi frekar að beinast að þeim sem mengaði umhverfið.

LANDBÚNAÐUR Landssamtök sauðfjárbænda (LS) fordæma stjórnsýslu Matvælastofnunar í fjölmörgum málum og ekki síst í Funamálinu. Það er mat LS að enn sé óvíst hversu miklum skaða stofnunin hafi „valdið orðspori íslenskra landbúnaðarvara erlendis með ónákvæmri og illa tímasettri upplýsingagjöf til erlendra aðila."

SINDRI SIGURGEIRSSON

Matvælastofnun vísar gagnrýni LS á bug og furðar sig á því af hverju gagnrýni bænda snýr að eftirlitsstofnun en ekki þeim sem varð þess valdandi að díoxín barst út í náttúruna, eða sorpbrennslunni Funa í Skutulsfirði.

LS setti þessa gagnrýni sína fram í samþykktum á nýafstöðnum aðalfundi. Í samþykkt um Funamálið [díoxínmálið] er stjórnsýsla Matvælastofnunar fordæmd eins og áður segir og þess er krafist af Alþingi að starfshættir og stjórnsýsla MAST verði tekin til athugunar „af til þess bærum aðilum enda sé óvíst hversu miklum skaða upplýsingagjöf stofnunarinnar hefur valdið."

Matvælastofnun hefur í ítarlegri greinargerð svarað ávirðingum LS og telur að vegið sé að stofnuninni af full mikilli hörku og ekki „í samræmi við það sem rétt er".

Sindri Sigurgeirsson, formaður LS, sagði í viðtali í Bændablaðinu að tilkynning frá MAST hafi verið fréttaefni í fimm heimsálfum og þar hefði ekki komið fram nauðsynlegar upplýsingar; til hversu lítils svæðis mengunin náði og aðeins náð til brotabrots af framleiðslunni.

Á FJALLI Ímynd íslenskra landbúnaðarafurða byggir fyrst og síðast á hreinleika. Sauðfjárbændur telja stjórnsýslu MAST í Funamálinu hafa skaðað þá ímynd í augum útlendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Við vonum að tekist hafi að róa kaupendur okkar. Þetta var áhyggjuefni þar sem 40 prósent af okkar afurðum fara á erlenda markaði.
>
> **SINDRI SIGURGEIRSSON**
> FORMAÐUR LANDSSAMTAKA SAUÐFJÁRBÆNDA

Til þessara orða er vitnað í greinargerð MAST en sagt að brugðist var við fyrirspurnum systurstofnana tveimur dögum eftir að fyrstu fréttir birtust um innköllun díoxínmengaðs kjöts. Var fréttatilkynning send út, meðal annars í gegnum viðvörunarkerfi Evrópu (RASFF). Þar hafi nákvæmlega verið tekið fram hvaða magn var um að ræða og hvert það fór til markaðssetningar. Þá segir að í tilkynningu frá stjórnvöldum hafi komið fram að innköllunin væri gerð í varúðarskyni.

„Við vonum að tekist hafi að róa kaupendur okkar. Þetta var áhyggjuefni þar sem 40 prósent af okkar afurðum fara á erlenda markaði," segir Sindri. „Hins vegar vil ég hrósa vinnubrögðum Matvælastofnunar sem brást tafarlaust við okkar samþykktum og kom með athugasemdir sínar."

Sindri merkir breytingu innan eftirlitsstofnana eftir að Funamálið kom upp, enda sé það fyrsta mál þessarar gerðar hérlendis. „Við kunnum einfaldlega ekki á svona lagað en erum að læra," segir Sindri. **svavar@frettabladid.is**

ÞÝSKALAND

Telja voðaverki afstýrt

Þýska lögreglan handtók á föstudag þrjá meinta liðsmenn Al-Kaída-hryðjuverkasamtakanna sem taldir eru hafa ætlað að fremja sprengjuárásir á fjölförnum stöðum þar í landi. Tveir mannanna voru af marokkóskum uppruna og sá þriðji írönskum.

MÚLINN jazzklúbbur

Opnunartónleikar jazzklúbbsins verða 2. maí kl. 21:00.

Tríó Agnars M. Magússonar hefur leikinn. Djammsessjón eftir hlé.

Norræna húsinu Sturlugötu 5

sjá nánar á www.mulinn.is

Ráðist á skrifstofur Sameinuðu þjóðanna og erlend sendiráð í Líbíu:

SÞ flytur starfsfólk frá Trípólí

LÍBÍA Sameinuðu þjóðirnar (SÞ) ákváðu í gær að flytja allt alþjóðlegt starfslið sitt á brott frá Trípólí, höfuðborg Líbíu. Ákvörðunin var tekin í kjölfar þess að hópur fólks réðist á skrifstofur SÞ og erlend sendiráð í borginni. Ástæðan mun hafa verið þær fréttir að sonur Múammars Gaddafis Líbíuleiðtoga hefði verið drepinn í loftárás NATO.

Í samtali við breska ríkisútvarpið (BBC) sagði starfsmaður SÞ að sú ákvörðun að flytja starfsliðið á brott verði endurskoðuð í næstu viku. Einnig að Líbísk yfirvöld hefðu beðist afsökunar á árásinni á skrifstofu SÞ og kennt „reiðum múg" um skemmdarverkin.

Í frétt BBC segir einnig að breska sendiráðið í Trípóli hafi verið brennt til grunna. Bresk yfirvöld hafi vísað sendiherra Líbíu úr landi í kjölfar árásarinnar. Þá hafa ítölsku yfirvöld fordæmt árásina sem gerð var á sendiráð þjóðarinnar í Trípóli. **- kg**

LÍBÍA Stuðningsmenn Gadaffis mótmæla fyrir utan hús leiðtogans sem sprengt var í árás NATO. Sonur Gadaffis var drepinn í árásinni. NORDICPHOTOS/AFP

exquisit

WA-1010
1000 snúninga þvottavél með stillanlegum vinduhraða
- Hraðval
- Ullarkerfi og handþvottakerfi
- Stór hurð
- Tekur allt að 5 kg
- Einföld í notkun
- A+/A/C einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- Verð áður kr **74.900**

5 KG

1000 SN

ÞÚ SPARAR 25.000

Verð nú **49.900**

Electrolux

EWF-147110
Ein mest selda þvottavélin okkar. Ótúlega lág bilanatíðni. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni.
- **1400 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Tekur allt að **6 kg.** af taui
- **Hraðval**
- Hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann
- **Stórt 30 cm hurðarop**
- Öflugt handþottakerfi
- Einföld og þægileg í notkun
- A+/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- Verð áður kr **119.900**

7 KG

1400 SN

34%

ÞÚ SPARAR 40.000

Verð nú **79.900**

2000W hraðsuðukanna
Áður 4.990

AFSLÁTTUR 50%
Verð nú **1.990**
2Eldhúsvog digital með skál
Áður 3.990

AFSLÁTTUR 50%
Verð nú **2.490**

AFSLÁTTUR 60%
Verð nú **990** pr. stk

Salt-og piparkvörn fyrir rafhlöðu.
Áður 2.490 pr. stk

AFSLÁTTUR 45%
Verð nú **2.490**
200W handþeytari með hnoðjárnum
Áður 4.490

Glerkanna
Malar ís

AFSLÁTTUR 43%
Verð nú **5.990**
500W stálblandari með glerkönnu
Áður 10.490

Poppvél. Engin olía notuð.
Áður 6.990

AFSLÁTTUR 50%
Verð nú **3.490**

Baðvog úr gleri

AFSLÁTTUR 60%
Verð nú **1.990**
Nákvæm glerbaðvog með stórum skjá
Áður 4.990

Electrolux

ESB-4600 Blandari
Byltingarkenndur ofurhljóðlátur blandari með kraftmiklum 600W mótor. Þríhyrningslöguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrifum. Malar ís létt. Verð áður kr **21.990**

AFSLÁTTUR 34%
Verð nú **9.990**

Ný glerkanna
Ofurhljóðlátur

best í test
96°C heitt

AFSLÁTTUR 28%
Verð nú **12.990**

AFSLÁTTUR 37%
Verð nú **13.990**

Electrolux

ESTM-4200 Töfrasproti
Vandaður töfrasproti með sérhönnuðum hljóðdempuðum mótor. Stálfótur sem þolir að fara í heitan pott. Þeytari, hakkari og skál fylgir. Verð áður kr **14.990**

Electrolux

EKF-7000 Kaffivél
Alvöru kaffivél sem hitar vatnið 96°C. Fékk hæstu einkunn í gæðakönnun sænsku neytendasamtakanna. Með klukku og Auto Off. Verð áður kr **17.990**

AFSLÁTTUR 43%
Verð nú **19.990**

Electrolux

EMS-21400S Örbylgjuofn
Flottur silfurlitaður örbylgjuofn með 1000W grilli. Hægt að velja um örbylgjur með eða án grills eða bara grill. Digital skjár og stór 27 cm snúningsdiskur. Verð áður kr **34.900**

með grilli | toppmódel

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM!

LAGER HREINSUN

AFSLÁTTUR 45%
Verð nú **4.990**

Vandað vöfflujárn úr burstuðu stáli. Ekta hnausþykkar belgískar vöfflur einsog þær gerast bestar. Verð áður kr. 8.990

Belgískar vöfflur

45%
AFSLÁTTUR

exquisit

GS-190 Frystiskápur
- 155 lítra frystiskápur
- 4 skúffur + 2 frystihólf með loki
- Hitastillir
- Orkuflokkur A
- HxBxD: 142x50x58 cm
- Verð áður kr **74.900**

1,42 m

ÞÚ SPARAR 25.000

Verð nú **49.900**

Electrolux

ENB-24100W Kæli- og frystiskápur
Hér þarftu aldrei aftur að affrysta frystinn. Hann sér um það sjálfur.
- **165 lítra kælir og 55 lítra frystir (nettó)**
- Sjálfvirk affrysting í kæli og frysti
- Björt lýsing
- HxBxD 168x55x60 cm
- Verð áður kr **149.900**

1,68 m

ÞÚ SPARAR 50.000

Verð nú **99.900**

34%

exquisit

EKC-30F Keramik helluborð
Flott keramik helluborð með glerkanti og snertitökkum
- Verð áður kr **64.900**

ÞÚ SPARAR 15.000

Verð nú **49.900**

3xA

45/60 cm

exquisit

GSP-8009 & GSP-8012 uppþv.vél
Aðeins 45 cm breið uppþvottavél með 6 þvottakerfum. Fæst einnig 60 cm breið. og val milli 4 hitastiga
- 3xA einkunn
- Framstillt ræsing möguleg
- HxBxD: 85x45 eða 60 x58 cm
- Verð áður kr **79.900**

ÞÚ SPARAR 20.000

Verð nú **59.900**

Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
laugardag 11-17
sunnudag 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða geimskutla verður síðust út í geiminn í sumar?*

2 *Hvað heitir forseti Sýrlands?*

3 *Hvers lensk er hljómsveitin Cut Copy?*

SVÖR

1. Atlantis 2. Bashar Assad 3. Hún er ástralsk

Aldrei fleiri börn í leikskólum landsins en á síðasta ári:

Starfsfólki fækkar en börnum fjölgar

MENNTAMÁL Starfsfólki í leikskólum landsins fækkaði úr 5.639 í 5.488 á milli áranna 2009 og 2010. Er það fækkun um 151 starfsmann, en stöðugildum fækkaði einnig, úr 4.847 í 4.770. Körlum sem starfa í leikskólum fjölgar um 23 frá fyrra ári en konunum fækkar um 174. Eru þetta upplýsingar frá Hagstofu Íslands.

Brottfall starfsmanna fer hækkandi og er fækkunin mest í aldurshópnum 30 til 39 ára. Barngildi á hvert stöðugildi starfsmanns fer hækkandi, en þar er tekið tillit til aldurs og dvalartíma barnsins og menntunar starfsfólks. Börnum á starfsmann fækkaði talsvert frá árinu 1998 til 2008 en eftir það hefur börnum á hvern starfsmann fjölgað á ný.

Á sama tíma og starfsfólki fækkar fjölgar börnum í leikskólum og hafa þau aldrei verið fleiri. Í desember 2010 sótti 18.961 barn leikskóla á Íslandi og fjölgaði þeim um 245 frá desember 2009. Þó hefur hlutfall barna á leikskólum á aldrinum eins til fimm ára lækkað lítillega, úr 83 prósentum í 82 prósent.

Færri börn en áður fá sérstakan stuðning í leikskólum vegna fötlunar eða félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, en þeim fækkaði úr 9,5 prósentum af heildarfjölda barna í 6,5 prósent. Þá hefur börnum með erlent ríkisfang fjölgað um 82 frá fyrra ári. **- sv**

LEIKSKÓLABÖRN Á HOFI VIÐ GULLTEIG Aldrei hafa verið fleiri börn í leikskólum landsins, en að sama skapi fækkar starfsfólki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FORNLEIFAPPGRÖFTUR Átján milljónir voru til skiptanna í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Úthlutun Fornleifasjóðs:

Sextán fengu en 45 sóttu um

RANNSÓKNIR Stjórn Fornleifasjóðs hefur lokið úthlutun styrkja úr sjóðnum fyrir árið 2011. Fjárveiting til sjóðsins í ár var 17,2 milljónir króna. Samtals bárust 45 umsóknir að þessu sinni að upphæð 73 milljónir. Samþykktir voru styrkir til sextán aðila að upphæð átján milljónir.

Áframhaldandi fornleifarannsókn á Skriðuklaustri fékk hæsta styrkinn, þrjár milljónir króna. Fornleifauppgröftur í kirkjugarðinum á Hofsstöðum í Mývatnssveit fékk tvær og hálfa milljón. **- shá**

Breytingar á Ströndum:

Bæjarhreppur vill sameinast

SVEITARSTJÓRN **Bæjarhrepps á Ströndum samþykkti á fundi sínum að óska eftir því að sameinast sveitarfélaginu Húnaþingi vestra í Vestur-Húnavatnssýslu, að því er kemur fram á vef Bæjarins besta.**

Töluvert samstarf er nú þegar milli sveitarfélaganna og sækja íbúar Bæjarhrepps, sem eru um eitt hundrað talsins, ýmsa þjónustu til Húnaþings vestra. Tæplega hundrað íbúar eru í Bæjarhreppi en hann er sjötta fámennasta sveitarfélag landsins. Flestir hafa atvinnu af landbúnaði, verslun og þjónustu. Dálítið þéttbýli er á Borðeyri, sem er eitt minnsta þorp landsins. - kh.

Atvinnuleysi og lítill hagvöxtur í Bandaríkjunum

Atvinnuleysi hefur aukist í Bandaríkjunum og hagvöxtur er undir væntingum. Neytendur halda að sér höndum. Seðlabankinn gerir allt hvað hann getur til að koma efnahagslífinu í gang.

EFNAHAGSMÁL Hagvöxtur mældist 1,8 prósent í Bandaríkjunum á ársgrundvelli á fyrstu þremur mánuðum ársins, samkvæmt upplýsingum viðskiptaráðuneytisins þar í landi.

Þetta er verulegur samdráttur á milli ársfjórðunga en hagkerfið óx um 3,1 prósent á síðasta ársfjórðungi í fyrra. Ekki bætti úr skák að atvinnuleysi jókst vestanhafs í þarsíðustu viku. Þessi afturkippur í efnahagslífinu þykir draga úr væntingum um viðspyrnu efnahagslífsins eftir fjármálakreppuna.

Hagtölurnar vestra eru nokkuð undir væntingum en samkvæmt meðalspá Reuters var almennt reiknað með 2,0 prósenta hagvexti á fjórðungnum. Þá hljóðaði hagspá bandarískra seðlabankans upp á 3,4 til 3,9 prósenta hagvöxt á árinu öllu.

Ben Bernanke seðlabankastjóri sagði á blaðamannafundi fyrir helgi að bankastjórnin myndi leggja lóð sitt á vogarskálarnar til að koma efnahagslífinu í gang, þar á meðal að halda stýrivöxtum lágum.

Eftir birtingu upplýsinganna í gær birti seðlabankinn endurskoðaða hagspá þar sem væntingar um hagvöxt voru dregnar niður í 3,1 til 3,3 prósent. Rökin fyrir endurskoðuninni voru veikur bati efnahagslífsins og almennar verðhækkanir sem hafi keyrt upp verðbólgu.

Breska ríkisútvarpið, BBC, segir hækkun á raforkuverði ekki óeðlilega nú um stundir enda kaldur vetur að baki. Reuters-fréttastofan bætir við að veðurfarið hafi hamlað framkvæmdum utandyra. Við þá þróun hafi bæst snörp hækkun á eldsneyti og matvælum, ekki síst korni og hveiti, sem kom illa við buddu neytenda og olli því að þeir héldu að sér höndum í byrjun árs. **jonab@frettabladid.is að**

Vísbendingar um ofhitnun í Asíu

Á sama tíma og verðhækkanir og aukin verðbólga setur hagspár úr skorðum í Bandaríkjunum varaði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, AGS, við því í gær að vísbendingar væru um ofhitnun í hagkerfum Asíuríkjanna. Hagvöxtur þar mældist 8,3 prósent í fyrra og hljóðar spá upp á 7,0 prósenta hagvöxt þar á næstu tveimur árum.

Í skýrslu AGS um aðstæður Asíuríkjanna eftir fjármálakreppuna sem kom út í Hong Kong í gær segir að gert sé ráð fyrir að eftirspurn á heimamarkaði og traustur útflutningur haldi þar uppi hagvexti. Á hinn bóginn hafi verðbólga aukist hratt frá því í október í fyrra. Það geti verið varasamt þar sem svo virðist sem Asíubúar hafi greiðan aðgang að lánsfé og fasteignaverð sé enn hátt. Seðlabankar ríkjanna verði því að herða tökin og draga úr fjármagni í umferð til að draga úr ofhitnun hagkerfisins, að sögn AGS.

HORFT Á BANKASTJÓRANN Ben Bernanke seðlabankastjóri sagðist á blaðamannafundi í fyrradag ætla að gera allt hvað hann geti til að koma efnahagslífi Bandaríkjanna á réttan kjöl. Þar á meðal að halda vaxtastigi lágu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Össur Skarphéðinsson í heimsókn á Indlandi:

Ráðherra ræddi aukið samstarf við Indverja

STJÓRNMÁL Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra átti á laugardaginn fund með Prithviraj Chavan, forsætisráðherra Maharastra, og fór fundurinn fram í höfuðborginni Mumbai samkvæmt tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu.

Á fundinum ræddu ráðherrarnir möguleika aukins viðskiptasamstarfs Íslands og Indlands meðal annars í sjávarútvegi og jarðhitamálum.

Maharastra er annað stærsta hérað Indlands með ríflega 110 milljónir íbúa og þar eru jarðhitasvæði sem indversk stjórnvöld hafa hug á að nýta til að mæta orkuþörf landsins.

Jafnframt ræddu ráðherrarnir fyrirhuguð áform um að indverskir sérfræðingar komi til náms í Jarðhitaskóla og Sjávarútvegsháskóla SÞ, og mögulegt samstarf í kvikmyndaiðnaði en Mumbai er, auk þess að vera miðstöð viðskipta og fjármálalífs, einnig höfuðborg indverskra kvikmynda. kvikmyndaiðnaðurinn er stundum kallaður Bollywood þar í landi.

Síðar um daginn hitti utanríkisráðherra Kateekal Sankarnarayanan, héraðsstjóra Maharastra, og ræddu þeir á sömu nótum mögulegt samstarf Íslands og Indlands.

Á föstudag opnaði utanríkisráðherra nýja kjörræðisskrifstofu Íslands í Mumbai. Kjörræðismaður Íslands í borginni er Gul Kripalani, stofnandi og framkvæmdastjóri indverska sjávarútvegsfyrirtækisins Pijikay.

ÚRVAL AF
FÆÐUBÓTAREFNUM!

VIÐ HJÁ HAGKAUP HÖFUM EINBEYTT OKKUR Í AÐ BJÓÐA
ÚRVAL AF FÆÐUBÓTAREFNUM FYRIR FÓLK Á ÖLLUM ALDRI

WHEY2GOOD BAR
30 grömm prótein og 4 ljúffengar bragðtegundir.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

MAXX KREATÍN
Kreatín gefur sprengikraft og styrk og byggir upp vöðva.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

MAXX GLÚTAMÍN
Glútamín verndar vöðvana gegn niðurbroti við æfingar.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

MYOPLEX
Myoplex Strenght er sérstaklega framleitt með þarfir íþróttafólks í huga.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

QNT PROTEIN SHAKE
Vastu að koma af æfingu? Öflugasti próteindrykkurinn!

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

QNT BURNER
400mg L-Carnitin
50mg koffín

QNT BOOSTER
150mg coffein
0 kaloríur

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

PROFITT
Íslensk vara án litarefna, gerviefna og E- efna.

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

SYNTHA-6
Fæst í Skeifu, Kringlu og Smáralind

TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

Gildir til 3. maí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



1. MAÍ Í ST. PÉTURSBORG Stuðningsmaður rússneska Kommúnistaflokksins heldur á kröfuspjaldi með mynd af Jósep Stalín. AFP/NORDICPHOTOS

Viðsnúningur á eiginfjárstöðu Orkuveitu Húsavíkur eftir sölu Þeistareykja:

Orkuveita Húsavíkur verði opinbert hlutafélag

SVEITARSTJÓRNARMÁL Ný stefnumótun Orkuveitu Húsavíkur (OH) gerir ráð fyrir að Orkuveitan verði opinbert hlutafélag, auk þess sem veiturekstur verði skilgreindur sem kjarnastarfsemi veitunnar. Stefnumótunin var samþykkt á aðalfundi OH í gær.

„Hlutverk Orkuveitu Húsavíkur er þannig að veita íbúum og fyrirtækjum í Þingeyjarsýslum aðgang að heitu og köldu vatni, auk fráveitu. Önnur starfsemi en sú sem að framan er getið skal komið fyrir í dóttureða hlutdeildarfélögum," segir á vef OH.

Eftir skatta var 870 milljóna króna hagnaður á rekstri OH, en þar koma til áhrif af sölu eignarhluta félagsins í Orkustöðinni á Þeistareykjum. Eignir OH voru um síðustu áramót bókfærðar á 1.682 milljónir króna, en skuldir 1.003 milljónir. Eiginfjárhlutfall OH er 40,4 prósent, en var neikvætt um 13 prósent í byrjun árs 2010.

Fram kemur að rekstrartekjur OH hafi í fyrra numið 191,5 milljónum króna, en rekstrargjöld 100,9 milljónum. „Hreint veltufé frá rekstri jókst um 31,5 prósent á milli áranna 2009 og 2010, fór úr 79 milljónum króna í 104 milljónir." - óká

VIÐ HÖFUÐSTÖÐVARNAR Guðrún Erla Jónsdóttir, framkvæmdastjóri OH.

Fundað var um áfallahjálp:

150 tóku þátt í hópslysaæfingu

ALMANNAVARNIR Æfð var móttaka tuttugu slasaðra einstaklinga og fyrstu viðbrögð heilbrigðisþjónustu á umfangsmikilli æfingu á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fyrir helgi.

Allir starfsmenn stofnunarinnar fengu boð um slys og um 150 starfsmenn tóku þátt í æfingunni, auk starfsfólks Neyðarlínu og almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra.

Auk æfingarinnar funduðu samráðshópar áfallahjálpar í umdæmum lögreglunnar á Selfossi, Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum og fulltrúar samráðshóps áfallahjálpar í Samhæfingarstöðinni. Endað var á „skrifborðsæfingu" þar sem æfð var samhæfing áfallahjálpar vegna hópslyss í umdæmi Selfosslögreglunnar. - óká

Forstjóri Marels segir markaðina vera að taka við sér:

Útilokar ekki yfirtöku á erlendu iðnfyrirtæki

VIÐSKIPTI Marel mun á næstu fimm árum leggja áherslu á innri vöxt fyrirtækisins, þeim tækifærum sem eru á markaðnum, stöðugri nýsköpun og markaðssetningu á nýjum matvælavinnsluvélum. Ekki er útilokað að annað fyrirtæki verði keypt ef það styður við áætlanir Marels, að sögn Theos Hoen, forstjóra. Ekki yrði um stórar yfirtökur að ræða.

Stjórnendur Marels sömdu um kaup á matvælavinnsluvélahluta hollensku iðnsamsteypunnar Stork í nóvember 2007 og gengu kaupin í gegn árið eftir. Kaupverð nam 415 milljónum evra, um 38 milljörðum króna á þávirði. Þetta voru síðustu fyrirtækjakaup Marels.

Theo Hoen fór yfir stöðu fyrirtækisins á uppgjörsfundi Marels fyrir helgi. Þar kom fram að staðan hefði batnað síðustu misserin.

Mest er pantað af vélum til vinnslu á kjúklingakjöti í Kína, Suður- og Mið-Ameríku, Evrópu og Rússlandi en kjötvinnsluvélum í Bandaríkjunum. Þá er evrópski markaðurinn að taka við sér.

Hoen sagði ljóst að vöruverð væri að hækka um heim allan. Það gæti komið Marel til góða enda ættu matvælaframleiðendur erfitt með að keyra verðhækkanir í gegnum alla virðiskeðjuna niður til neytenda. Í stað þessa fjárfesti þeir í vélbúnaði sem dragi úr rekstrarkostnaði. - jab

Á LÍNUNNI Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri Hrefnuveiðimanna, segir ekki rétt að þeir hafi veitt hrefnu á ólöglegu svæði á laugardaginn. Dýrið hafi hins vegar verið verkað á línunni eins og hann orðar það. Það hafi verið gert fyrir mistök og verði ekki endurtekið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hrefnuveiðimenn hófu veiðar í síðustu viku:

Fyrstu dýrin á land

HVALVEIÐAR Hrefnuveiðimenn hafa veitt fyrstu hrefnur sumarsins og var þeim landað í Hafnarfjarðarhöfn á laugardagskvöld. Vinnsla kjötsins er komin á fullt og stefnt er að því að kjötið verði komið í verslanir í dag. Dýrin voru frekar mögur, en kjötið fallegt að sjá.

Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri hrefnuveiðimanna, segir að Hrafnreyður KÓ 100 hafi haldið til veiða fyrir viku í Faxaflóa í leiðindaveðri. Þá sáust nokkrar hrefnur sem hurfu fljótt í ölduna. Veðrið var öllu betra á laugardaginn sem skilaði tveimur dýrum.

Hrefnuveiðimenn mega veiða 216 dýr á vertíðinni, auk fimmtungs af óveiddum dýrum síðustu vertíðar. „Við munum ekki taka allan þennan kvóta, í fyrra veiddust sextíu dýr og við vorum með fimmtíu af þeim," segir Gunnar sem segir að kjötið frá síðustu vertíð hafi klárast nýlega.

Sagt var frá því í fréttum um helgina að hrefnuveiðimenn hafi veitt dýr innan svæðis þar sem hvalaskoðun er aðeins leyfð. Þetta er byggt á misskilningi segir Gunnar en hins vegar hafi verkun hrefnu staðið yfir. Við vorum á línunni við að verka dýrið, sem var athugunarleysi sem ekki verður endurtekið. Hins vegar var dýrið veitt fyrir utan línu. Það kom líka tilkynning um að við höfum verið staðnir að meintum ólöglegum veiðum, sem er rangt. Hins vegar hafði Gæslan ekki fengið upplýsingar um veiðileyfið okkar frá Fiskistofu, sem var hins vegar um borð í skipinu," segir Gunnar. - shá

HRAFNREYÐUR Hvalveiðibáturinn er gerður út frá Hafnarfirði.

Bolur fylgir með öllum gallabuxum.

OPNUNARTÍMI
MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17
S. 572 3400

Herra

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Firði, Hafnarfirði • Sími 572 3400

Tilboðsdagar á SAMSUNG sjónvörpum

Hér býðst einstakt tækifæri að eignast hágæða SAMSUNG sjónvarp á frábæru verði.

ATH!! 20.000–50.000 kr. afsláttur á tækið!

SJÁ EINNIG NÁNAR Á:
www.samsungsetrid.is
Verslanir og umboðsmenn um land allt

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

PIPAR\TBWA • SÍA • 111161

-5 KR.

MEÐ ÓB-LYKLINUM OG ÓB-FRELSI

Í DAG

2. MAÍ

Þú getur sótt um ÓB-lykilinn í snjallsímanum þínum með QR-merkinu hér fyrir ofan, á ob.is eða í síma 515 1141.

www.ob.is
31 stöð um land allt.
Þú finnur okkur líka á Facebook!

ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Icelandair.

FRÉTTAVIÐTAL: Mikolaj Dowgielewicz, aðstoðarutanríkisráðherra Póllands

Ísland getur gengið í voldugasta klúbbinn

Mikolaj Dowgielewicz er aðstoðarutanríkisráðherra Póllands og sér um Evrópumál. Pólverjar eru hlynntir stækkun ESB og verða í forystuhlutverki eftir að rýniferli Íslands lýkur. Dowgielewicz segir aðildarviðræðurnar mun stærra mál en Icesave. Sú deila sýni þó að það borgi sig að vera í þessum volduga klúbbi.

MIKOLAJ DOWGIELEWICZ Gangi Ísland í ESB getur það haft áhrif á gang mála og tekið þátt í að semja leikreglur fyrir sambandið, segir Dowgielewicz. Engin ástæða sé til að óttast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sex mánaða formennskutímabil Pólverja í ráðherraráði ESB hefst 1. júlí og mun standa í sex mánuði. Gangi allt að óskum, þannig að yfirstandandi rýniferli Íslands verði lokið í júní, verða Pólverjar því í mikilvægu hlutverki í aðildarviðræðum Íslands.

Mikolaj Dowgielewicz, sem stýrir Evrópumálum í pólska utanríkisráðuneytinu, segir Pólverja vilja auðvelda áframhaldandi umsóknarferli Íslands. Þetta sé Pólverjum mikilvægt, því þeir eru hlynntir stækkun Evrópusambandsins yfirleitt. Hann vill helst ekki gera of mikið úr Icesave og áhrifum af þjóðaratkvæðagreiðslunni á umsóknarferlið eða lánveitingar til Íslands.

Er Icesave ekkert á dagskrá í þessari heimsókn þinni til Íslands? Pólska eftirhrunslánið til Íslands var á sínum tíma tengt lausn Icesave, eins og lán fleiri þjóða. Hver er staðan á þeim lánum?

Icesave þarf að leysa á einn hátt eða annan, en aðild að Evrópusambandinu snýst ekki bara um Icesave. Það snýst um að ganga í pólitískan og efnahagslegan klúbb sem er sá voldugasti í heimi og getur komið Íslandi að miklu gagni. Icesave er hins vegar dæmi um hve gott er að vera innan borðs en ekki utan. Það sést á því að ESB hjálpar sínum félögum til að leysa og semja um erfið mál. Ef þið gangið í ESB gætuð þið einnig samið reglurnar og haft áhrif á dagskrána. Um stöðu lánanna til Íslands get ég ekkert sagt. Því þarf íslenska ríkisstjórnin og þingið fyrst og fremst að svara. En ég held að það ætti ekki að takmarka ESB-aðildarviðræður við Icesave. Þegar við sömdum við ESB óttuðumst við margt. Við vorum hrædd um að Þjóðverjar myndu kaupa landið okkar og eignir, við vorum hrædd um landbúnaðinn og heiðir okkar og fullveldi en ég get sagt þér að eftir sjö ára veru í ESB hefur komið í ljós að engin þessara efasemda, ekki ein einasta, átti við rök að styðjast. Sjálfsmynd okkar sem þjóðar hefur ekki dofnað á nokkurn hátt. Okkur finnst við miklu sterkari sem hluti ESB og aðildin er hluti af okkur.

Sumir hér líta svo á að það hafi verið ljótt af löndum ESB að standa með Bretum og Hollendingum gegn Íslandi.

Lífið er harkalegt og ef þú ert í klúbbi þá hjálpar klúbburinn þér. Fólk ætti að íhuga það. Ísland hefur einstakt tækifæri til að hagnast á aðildarferlinu. Ég tala fyrir hönd ríkis sem gekk í ESB fyrir sjö árum og hefði ekki farið í gegnum efnahagskrísuna með jákvæðan vöxt í efnahagslífinu annars. Fyrir aðild voru margir hópar í Póllandi mótfallnir ESB, til dæmis bændur. En þeir hafa hagnast mest allra á inngöngunni og nú eru 70% bænda hlynnt aðild, því hún hefur bætt lífsskilyrði til sveita en ekki verið róttæk umbylting og tortíming eins og óttast var.

Um EES og Norður-Afríku

Síðustu misseri hafa verið erfið ESB og sífellt bætist við vandræðin. Nú síðast er deilt um Schengen á Ítalíu og í Frakklandi …

Schengen verður erfið umræða í formennskutíð okkar. En ESB er ekki óundirbúið fyrir hana, heldur þvert á móti. Við erum vongóð um lýðræðislega bylgju og umbætur í Norður-Afríku og ef það gengur vel þá dregur úr þörf fólksins til að koma til Evrópu.

En að hleypa Norður-Afríkuríkjum inn í EES, eins og Stefan Fule, framkvæmdastjóri stækkunarmála ESB, leggur til?

Já, ég held að EES sé gott dæmi um hvað hægt er að gera fyrir þessi lönd með aukinni samvinnu og líka fyrir löndin í austri eins og Úkraínu og Moldóvíu. Ef þessi lönd gengjust undir EES-reglur kæmi það bæði þeim og okkur að gagni.

Margir hér líta svo á EES að það sé slæmt að þurfa að samþykkja öll þau lög án þess að hafa fulltrúa í ákvarðanatökunni. Telur þú að stórt ríki eins og Úkraína myndi sætta sig við þetta, lýðræðislega séð?

Stærsta vandamál ykkar í EES er að þið hafið engin áhrif á ferlið heldur samþykkið bara það sem aðrir ákveða fyrir ykkur. Það eru aðrar aðstæður á Íslandi en í Úkraínu og ekki hægt að bera það saman. Ísland er komið í umsóknarferli og er vestrænt ríki, nútímalegt land, sem er ekki að ganga í gegnum róttækar efnahags- eða stjórnkerfisbreytingar. Þið getið ekki borið ykkur saman við Líbíu eða Túnis.

Enginn deilir um ESB-aðildina á þingi

Pólland mun taka upp evruna þegar tækifæri gefst og það hefur uppfyllt skilyrðin, segir Dowgielewicz, sem er sannfærður um að sameiginlegi gjaldmiðillinn sé á bataleið. Hann vill ekki spá fyrir um hvort krísan sé í rénun eða spekúlera um efnahagsmál á Spáni og hefur ekki áhyggjur af því að Portúgalar kjósi í sumar flokka sem segi Nei við björgunarpakka ESB. Hann kannast ekki við að í Póllandi séu efasemdir um Evrópusamstarfið.

„Pólverjar eru með helstu stuðningsmönnum ESB, ekki bara af því að fólk trúir á hið pólitíska verkefni, samruna Evrópu, heldur af því að allir sjá og finna kosti aðildarinnar á eigin skinni. Hvort sem er Schengen-samstarfið, innri markaðurinn, landbúnaður eða menntun og að fá að fara og læra í öllum þessum löndum, Pólverjar kunna svo sannarlega að meta þetta frelsi. Á pólska þinginu er enginn sem efast um aðildina að ESB. Menn eru auðvitað með mismunandi áherslur en í það heila deilir enginn um að Pólland hefur hagnast gífurlega á aðildinni."

Í KRAKÁ Aðstoðarutanríkisráðherrann segir engar ESB-efasemdir á pólska þinginu.

Klemens Ólafur Þrastarson
klemens@frettabladid.is

Nánari upplýsingar fást í síma 570 2400 eða í tölvupósti, **namskeid@oryggi.is.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 111049

Dyravarðanámskeið

Öryggismiðstöðin býður upp á námskeið fyrir dyraverði sem er viðurkennt af lögreglustjóra. Námskeiðið fer fram dagana 17.–19. maí nk. Námskeiðsgjald er 42.000 kr.

Námskeið fyrir dyraverði er styrkhæft af fræðslusjóðum aðila vinnumarkaðarins.

Námskeiðið er 20 kennslustundir og tekur á eftirfarandi þáttum:

Lög og reglugerðir
Samskipti við lögreglu og neyðaraðila
Skyndihjálp
Fíkniefni
Brunavarnir
Sjálfsvörn

ÖRYGGI ○ VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

Þú ...

... getur tryggt þér miða á betra verði
í Vildarþjónustu Byrs!

Í HÖRPU 17. JÚNÍ

HELGI BJÖRNS SYNGUR ÍSLENSKAR

DÆGURPERLUR

ÁSAMT GESTUM:

Bogomil Font | Eivör | Högni Egilsson | Mugison | Ragga Gröndal | Karlakórinn Þrestir | Strengjasveit Rolands Hartwell

HVAÐ GETUM VIÐ GERT FYRIR ÞIG?

Þeir sem eru í **Vildarþjónustu Byrs** geta fengið **20% afslátt** ef þeir kaupa miða í forsölu þann 4. maí.
Farðu á **byr.is** en þar eru nánari upplýsingar um afsláttinn og tónleikana.
Við hvetjum viðskiptavini okkar til þess að tryggja sér miða í tíma þar sem takmarkaður miðafjöldi er í boði.

Þú finnur nánari upplýsingar um tónleikana og fjölda tilboða á byr.is.
Hafðu samband og fáðu persónulega þjónustu.
Hvað getum við gert fyrir þig?

Sími 575 4000 | byr@byr.is | www.byr.is

BYR

Dynamo Reykjavík

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hnúturinn í kjaraviðræðum er ekki bara sök LÍÚ.

Sameiginleg ábyrgð

Forystumenn verkalýðshreyfingarinnar og forysta ríkisstjórnarinnar hafa fundið sér sameiginlegan blóraböggul ef marka má ræðuhöld gærdagsins, Landssamband íslenzkra útvegsmanna. Hin ófrávíkjanlega krafa atvinnurekenda að fá einhverja vissu um starfsskilyrði sjávarútvegsins áður en gengið yrði frá kjarasamningum er kölluð „grímulaus sérhagsmunagæzla“ og „kúgun“ LÍÚ.

Það hentar Jóhönnu Sigurðardóttur alveg ágætlega að leitast við að beina reiði almennings vegna ástandsins í kjaramálum að LÍÚ.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það breiðir yfir innri ágreining og veikleika stjórnarsamstarfsins að eiga sameiginlegan óvin. Það felur líka þá staðreynd að hnúturinn sem nú er kominn í kjaraviðræður á almenna vinnumarkaðnum er ekki sízt til kominn vegna þess að það tók ríkisstjórnina átta mánuði að vinna úr niðurstöðum sáttanefndarinnar svokölluðu um stjórn fiskveiða. Ábyrgðin á því að almennir launamenn eru enn með lausa samninga liggur hjá ríkisstjórninni, ekkert síður en vinnuveitendum.

Það þvældist ekki fyrir Gylfa Arnbjörnssyni, forseta ASÍ, að hella sér yfir hina óvinsælu útgerðarmenn og þeirra ófrávíkjanlegu kröfur í 1. maí-ávarpi sínu á Akureyri. Hann er þó sjálfur með sínar ófrávíkjanlegu kröfur í farteskinu, til að mynda þá að tekið verði á þeim mun sem er á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna og almennra launþega. Það er ekki síður réttmæt krafa en krafa vinnuveitenda um að fá skýrleika í sjávarútvegsmálin áður en þeir semja til þriggja ára – og álíka loðin svör hafa fengizt frá ríkisstjórninni um hvernig á að mæta henni.

Þrennt þarf að hafa í huga vegna þeirrar stöðu, sem komin er upp í kjaraviðræðunum. Í fyrsta lagi er alveg ljóst að starfsskilyrði sjávarútvegsins eru sameiginlegt hagsmunamál allra Íslendinga, vinnuveitenda og launþega, svo þungt vegur sú atvinnugrein í efnahagslífinu. Breytingar á fiskveiðistjórnun sem skerða afkomu í greininni munu koma niður á öllu launafólki, jafnt því sem starfar í sjávarútveginum og öðrum. Það þarf að finna lausn sem tryggir viðurkenningu þjóðareignar og réttlætissjónarmið í sjávarútveginum og skapar honum jafnframt hagstæð rekstrarskilyrði.

Í öðru lagi vita allir, bæði vinnuveitendur og verkalýðsforingjar, að kauphækkanir sem fyrirtækin geta ekki staðið undir eru gagnslausar. Nú þarf að auka kaupmátt og atvinnu. Verði samið um innistæðulausar hækkanir, þýðir það aðeins tvennt; að fyrirtækin hækka hjá sér verðið, sem hleypir verðbólgunni af stað og hækkar lánin okkar, eða að þau fækka fólki og atvinnulausum fjölgar.

Í þriðja lagi myndu allsherjarverkföll vinna óbætanlegan skaða á efnahagslífinu. Mörg fyrirtæki eru illa stödd og þyldu ekki verkföll. Slíkar aðgerðir gætu líka sett risavaxið strik í reikninginn hjá ferðaþjónustunni, í upphafi sumars sem flestir spá að geti orðið bezta ferðamannavertíð frá upphafi.

Vinnuveitendur, verkalýðshreyfingin og ríkisstjórnin bera sameiginlega ábyrgð á því að leysa úr hnútnum og leiða samningaviðræður farsællega til lykta. Þá er betra að spara stóru orðin.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Óboðlegt
Formaður Þjóðhátíðarnefndar í Vestmannaeyjum þarf að gæta orða sinna. Á hátíðinni sem hann stendur fyrir á hverju ári fremja ölóðir menn jafnan nokkur kynferðisbrot – jafnvel þótt hann vilji sem minnst af þeim vita. En að saka Stígamót – samtök sem eftir 20 ára starf eru sérhæfð í að hjálpa þolendum slíkra brota – um að fjölga níðingsverkunum og nærast á þeim er óboðlegt. Og verður hálfu verra þegar litið er til þess hvaða stöðu hann gegnir.

Semingur
Páll Scheving Ingvarsson hefur reynd-ar beðist afsökunar á ummælum sínum (með dálitlum semingi) en það væri ekki verra ef hann léti hug fylgja máli, byði Stígamót velkomin á hátíðina og liðkaði fyrir starfi þeirra eins og honum frekast er unnt. Af orðum hans að dæma verður það hins vegar ekki gert.

Gull og silfur
Þegar Björgólfur Thor Björgólfsson boðaði það á dögunum að hann hygðist leiðrétta ýmislegt bull í rannsóknarskýrslu Alþingis á vef sínum var þeirri spurningu velt upp á þessum vettvangi hvort hann mundi leiðrétta eitthvað í æsilegri snúðasögu Össurar Skarphéðinssonar. Henni lauk eftirminnilega með því að gullúrsprýdd hönd Björgólfs kippti Sigurjóni Þ. Árnasyni út úr Ráðherrabústaðnum. Björgólfur hefur nú svarað kallinu og leiðrétt söguna um „snúðaát Sigurjóns Þ. Árnasonar og meint inngrip mín í þá athöfn“. Hann var sum sé með silfurúr. Annað virðist standa.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

Mýtan hrakin – skapandi greinar hafa ótvírætt hagrænt gildi

Menning

Anna Hildur Hildibrandsdóttir
framkvæmdastjóri ÚTÓN

Þriðjudaginn 3. maí nk. verður skýrsla sem nefndist „Hagræn áhrif skapandi greina“ kynnt á málstofu í Háskóla Íslands. Þetta er tímamótaskýrsla þar sem skapandi greinar eru í fyrsta sinn skilgreindar á Íslandi sem atvinnuvegur með ótvírætt hagrænt gildi.

Hagræn áhrif af starfssemi skapandi greina hafa aldrei áður verið tekin saman. Af vanþekkingu hafa margir, þar á meðal sumir framámenn þjóðarinnar, búið til mýtu og fullyrt að listamenn séu afætur á samfélaginu. Sú mýta hefur nú verið hrakin.

Menning og listir gefa af sér verðmæti í víðum skilningi en í þessari skýrslu er einungis leitast við að leggja mat á efnahagsleg verðmæti, byggð á skilgreiningu sem Unesco, Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, hefur innleitt.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt og ritað um vöxt skapandi greina í heiminum. Í Grænbók Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar, sem gefin var út í lok árs 2007, er talað um hraðan vöxt í skapandi greinum og að í þeim fælist vaxtarsproti sem gefa beri gaum. Í Grænbók sem kom út á vegum Evrópusambandsins í apríl 2010 er atvinnuvegurinn skilgreindur sem „Culture and Creative Industries (CCI)“ og jafnframt talað um að stefnumótandi aðilar þurfi að veita þessari atvinnugrein meiri athygli og skilning.

Umræðan á Íslandi hefur þróast í eðlilegu samhengi við þetta. Keðjuverkandi áhrif leikjagerðar, kvikmyndaframleiðslu, ritstarfa, sviðslista, tónlistar, hönnunar og myndlistar, mega nú vera öllum ljós.

Skapandi greinar á Íslandi velta að minnsta kosti 189 milljörðum króna á ári. Með þessar upplýsingar í farteskinu vitum við að skapandi greinar eru einn stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar og verðskuldar athygli og skilning í framtíðar atvinnuuppbyggingu á Íslandi. Það er brýnt að vel verði haldið utan um áframhaldandi mælingar. Stefnumótun í atvinnu- og menntamálum þarf að skoða í samhengi við þann styrk sem hlýst af því að Íslendingar eru skapandi þjóð og allar skapandi greinar eru mikilvægir hlekkir í þeirri keðju.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Er þinn auður í góðum höndum?

Okkar viðskiptavinir velja óháðan aðila sem hefur skynsemi og áhættumeðvitund að leiðarljósi.

• Séreignarsparnaður
• Eignastýring
• Langtímasparnaður

Taktu góða ákvörðun

AUÐUR CAPITAL
Borgartúni 29
S. 585 6500
www.audur.is

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson seth@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

Snjótittlingur / sólskríkja

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Stundum er talað af hálfgerðri forakt um veðrið sem umræðuefni og haft til marks um andleysi og doða. Það er fjarri sanni. Ekkert umræðuefni er verðugra hér á landi en veðrið. Fólk sem fylgist með veðrinu og ræðir það í þaula hefur einmitt til að bera hugrekki til að horfast í augu við tilvistarleg skilyrði okkar og gott ef ekki hinstu rök. Það er einmitt með á nótunum. Eiginlega ættu ekki að vera veðurfréttir á kvöldin þar sem manneskja situr með prik við kort og sýnir hæðir og lægðir, vindstig og hneysklanlegar hitatölur heldur ætti að vera umræðuþáttur um veðrið undir stjórn Egils Helgasonar þar sem farið væri almennilega í saumana á fjölbreytilegu veðri dagsins af veðurfræðingi, heimspekingi, veðurglöggri sveitakonu, fulltrúa reiðra Íslendinga – og náttúrlega Gunnari Smára.

Veðrið og exístensíalisminn

Veðrið er nefnilega aldrei bara veðrið. Þetta er ekkert bara einhver vindur að ólmast, einhver sól að skína, einhverjir dropar að detta úr lofti. Veðurfræðin er um leið verufræðileg; veðrið er ástand, það er hlutskipti og umfram allt möguleiki. Þetta er veran og neindin, ástand sem óháð er dáðum okkar og ódáðum og veldur okkur sífelldri ógleði.

Veðrið umlykur okkur og nístir okkur inn að merg og beini. Vera kann að nokkru færri eigi nú undir veðri með beina efnislega afkomu en forðum var en við erum engu að síður ofurseld veðrinu sem er dyntótt og ósvífið eins og alkóhólískur heimilisfaðir; heldur okkur í heljargreipum dynta sinna; dekrar við okkur um hríð með blíðu og lognværum kvöldum svo að við erum næstum farin að slaka á – þó kannski aldrei alveg – lætur svo dynja á okkur skyndilega og óvænt eitthvað fáheyrt og algerlega óboðlegt: Það er vorhret á glugga.

Íslendingar hafa alltaf átt mikið undir veðrinu og verið um leið gersamlega ráðalausir gagnvart því. Skyldi nokkur þjóð í jafn harðbýlu landi hafa verið jafn lítið gefin fyrir hlý föt? Menn voru ekki einu sinni með vettlinga þar sem þeir urðu úti á leiðinni út í beitarhús, og skóbúnaðurinn einna helst sniðinn fyrir rölt um suðlægar baðstrendur.

> Hann er hér snjórinn frá því í fyrra og hitteðfyrra og árinu þar áður. Hann var sendur okkur af Samtökum atvinnulífsins til að tryggja að ekkert greri hér nema tryggt væri í lögum að sömu fimmtán mennirnir fengju að hirða allan gróða af öllu sem hér er gert, og ætt þeirra öll um ókomin ár.

Einu sinni benti bróðir minn mér á það hversu einkennilegt það var í íslenskum táknheimi að á meðan pelsar og skinn þóttu það allra fínasta í klæðnaði í Evrópulöndum þá var slíkur búningur í gömlum íslenskum leikritum aðeins talinn hæfa útilegumönnum og flækingum – bara Skugga-Sveinn og Fjalla-Eyvindur og Halla voru í gærum. Gærurnar voru til marks um að viðkomandi væri svo illa sett að þurfa að vera utandyra, útilegumanneskja, utangarðs. Þegar ég var að alast upp var talað um „gæruhippa“ og þótti ekki gæfulegt fólk.

Við reynum að leiða hjá okkur veðrið til þess að halda sönsum. Sama daginn er sól, rigning, snjókoma, bylur og logn og við þurfum að beita öllum ráðum við að lágmarka áhrifin sem þessi veðrabrigði hafa á okkur. Nóg er nú samt.

„Hvar skal nú mjöllin…“

Hvar er snjórinn frá í fyrra, orti Francois Villon í „Söngnum um konur fyrri alda“, franskt skáld á fimmtándu öld, flækingur og þjófur – hefði verið settur í gæru í íslensku leikriti – og hefur þetta síðan verið viðkvæði þeirra sem ekkert finnst jafnast á við það sem var í gamla daga og spyrja: Hvað varð um allt?

Hvar er snjórinn frá í fyrra? Því er auðvitað fljótsvarað: hann er hér. Hann liggur yfir öllu. Við sjáum enga vaxtarsprota fyrir honum, ekki grasið græna, ekki gula, rauða og fjólubláa lauka. Kvíðnar trjágreinar híma hrelldar og reyna að stöðva brumið í sjálfum sér og fjúkandi farfuglar vita ekki sitt rjúkandi ráð en tipla um hjarnið í leit að ánamöðkum sem liggja harmþrungnir í frosinni mold og spyrja hvort þeir eigi að búa að eilífu við þetta haftafyrirkomulag, hvort hér eigi að ríkja endalaus Lurkur…

Hann er hér snjórinn frá því í fyrra og hittiðfyrra og árinu þar áður. Hann var sendur okkur af Samtökum atvinnulífsins til að tryggja að ekkert greri hér nema tryggt væri í lögum að sömu fimmtán mennirnir fengju að hirða allan gróða af öllu sem hér er gert, og ætt þeirra öll um ókomin ár. Snjórinn frá því í fyrra liggur yfir umræðunni og sér til þess að engin rödd heyrist nema ásökunarhvæs, bælt muldur þeirra sem grafið hafa sig í fönn greiðsluaðlögunarinnar, hryssingslegt taut þeirra sem eru svangir og blása í kaun …

Sem sagt: Lurkur. En það er ekki heldur hægt að ganga út frá því sem vísu að hér verði alltaf snjór yfir öllu. Það er ekki einu sinni víst að hér verði rok og rigning í allt sumar – þó að það sé að vísu afar sennilegt. Við vitum ekkert fyrir víst en getum engu að síður gert okkur vonir um að sólin snúi senn úr suðri. Þá gerast mikil undur. Veturinn hopar, grösin grænka, laukar spretta, fuglar tísta og öllum höftum verður aflétt. Og fuglarnir sem hoppa um hér á hjarninu fyrir utan hjá mér hætta að heita snjóttittlingar og fara að heita sólskríkjur, bara vegna þess að þeir fara að tísta um sólina. Þetta gætum við líka.

Allir þurfa sitt olíufélag

Fiskveiðistjórn

Tryggvi Þór Herbertsson
prófessor í hagfræði og alþingismaður

Í tvö og hálft ár höfum við Íslendingar burðast með þær þungu byrðar sem fjármálahrunið lagði á herðar okkar – hrunið sem stafaði af eftirlitsleysi stjórnvalda á Vesturlöndum og fífldirfsku fjármálamanna sem nýttu sér glufurnar. Flestum þykir nóg um en það á víst ekki af okkur að ganga. Alvarleg staða blasir nú við á ný í efnahagsmálum þjóðarinnar. Enn á að þyngja byrðarnar, ekki af nauðsyn heldur vegna tækifærismennsku ófyrirleitinna stjórnmálamanna.

Bjarni heitinn Benediktsson hélt því eitt sinn fram að síðasta ráð stjórnmálamanns sem kominn er upp að vegg vegna málefnaskorts sé að ráðast á olíufélögin og fordæma þau fyrir gróðafíkn og okur. Eldsneytisverð snerti alla og því gætu allir sameinast um að leggja fæð á þau. Athygli almennings væri beint frá vanda stjórnmálamannsins að olíuverðinu. Bjarni lýsti þarna því sem kallað er lýðskrum. Skrumið felst í að leita uppi frumstæðar tilfinningar hjá almenningi – hræðslu, reiði, öfund eða afbrýðisemi – og spila síðan á þær sér til framdráttar. Að ala á óbeit á olíufélögunum kann að hafa dugað á tímum Bjarna heitins en í dag eru svokallaðir sægreifar og kvótakerfið betri skotmörk.

Umræðan um fiskveiðistjórnun hérlendis hefur lengi verið á miklu flugi. Í þeirri orrahríð hafa mörg stór orð fallið og ýmsum staðhæfingum verið varpað fram. Þetta er ekki aðeins eðlilegt, heldur nauðsynlegt því opin og fjörleg umræða er ómissandi í lýðræðisþjóðfélagi. Hins vegar hefur málefnagrundvöllurinn ekki verið mjög sterkur. Hafa ber í huga að sjávarútvegur er höfuðatvinnugrein landsmanna og því miklir, en oft ólíkir, hagsmunir í húfi. Þessi togstreita hefur sett sitt mark á umræðuna sem virðist oft og tíðum vera meira í ætt við manntafl einstakra hagsmunahópa fremur en óvilhöll og yfirgripsmikil umfjöllun sem veltir upp öllum hliðum málsins.

Stjórnarsáttmáli ríkistjórnarinnar kveður á um að endurskoða skuli fiskveiðistjórnunarkerfið. Í þeirri viðleitni að skapa sem mesta sátt um kerfið var fulltrúum allra þeirra aðila sem hagsmuni hafa af sjávarútvegi boðið að borðinu. Þetta var klókt því sáttin er grundvöllur fyrir góðum varanlegum lausnum. Sáttanefndin setti fram tillögu, svokallaða samningaleið, sem allir hagsmunaaðilar nema einn stóðu að og allar stjórnmálahreyfingar nema Hreyfingin samþykktu. Nú hefði eftirleikurinn átt að vera auðveldur. Stjórnvöldum hefði verið í lófa lagið að byggja breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu á samningaleiðinni og ná þannig fram langbráðri sátt um kerfið. En nei, ef stríð er í boði þá skal friðurinn rofinn.

Hugsanlega er þetta röng greining hjá mér. Kannski var meiningin með því að hafa sáttanefndina skipaða jafn ólíkum hagsmunum og raun bar vitni til að koma í veg fyrir sátt. Að sáttin hafi orðið óvænt. Allir þurfa jú sín olíufélög. Forsætisráðherra þarf sitt LÍÚ.

Núverandi fiskveiðastjórnunarkerfi er ekki hafið yfir gagnrýni né heldur er það meitlað í stein. Framfarir í fiskvísindum og breytingar á pólitískum áherslum munu án efa verða til þess að fiskveiðistjórnun við landið mun breytast á næstunni. En breytingarnar verða að vera gerðar á réttum forsendum. Margt af þeirri gagnrýni sem nú er varpað fram er ekki réttmætt og umræðan um meinta galla kvótakerfisins virðist að miklu leyti snúast um staðleysur sem virðast víða teknar sem viðurkenndar staðreyndir.

Næstu vikuna ætla ég í nokkrum greinum hér í blaðinu að fara yfir íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið með tólum hagfræðinnar – kosti þess og galla. Ég ætla í þessum greinum mínum að höfða til skynsemi lesenda fremur en tilfinninga. Málið er of mikilvægt fyrir efnahagslega framtíð okkar til að hægt sé að spila með það í ómerkilegri pólitík. Í þeirri baráttu sem nú fer fram um fjöregg þjóðarinnar ætla ég að láta öðrum eftir lýskrumið. Ég mun m.a. fjalla um hagrænan grunn þess að takmarka aðgang að fiskveiðum, um hagkvæmni kvótakerfisins og áhrif þess á byggðaþróun, um auðlindarentu og skattlagningu hennar og um tækniframfarir og hagkvæmni. Í lokagreininni mun ég draga saman helstu niðurstöður og lýsa því sem einkenna ætti gott fiskveiðistjórnunarkerfi.

Loksins góðar fréttir frá Palestínu

Mið-Austurlönd

Sveinn Rúnar Hauksson
læknir og formaður félagsins Ísland-Palestína

Það var stór dagur fyrir Palestínu í gær þegar gengið var frá samkomulagi milli Fatah, Hamas og annarra pólitískra afla í Palestínu um sættir, bráðabirgðastjórn og kosningar.

LOKSINS, LOKSINS góðar fréttir frá Palestínu. Ég leyfi mér að gleðjast innilega, enda ástæða til, en á hinn bóginn held ég í mér andanum þar til samkomulagið hefur verið undirritað og séð verður fram á heiðarlega framkvæmd. Vonbrigðin hafa of oft og of lengi verið hlutskipti okkar sem fylgjumst með fréttum frá þessum heimshluta. Nú er lítið annað að gera en leggjast á hnéskeljarnar eða hvað? Jú, það er hægt að gera kröfur til okkar stjórnvalda um að þau grafi ekki undan sjálfsákvörðunarrétti og sjálfstæði palestínsku þjóðarinnar, heldur hafni stefnu Ísraels og Bandaríkjanna, hótunum þeirra og hefndarverkum gegn einingu Palestínumanna.

Einangrunarstefna gegn Hamas og PLO

Evrópusambandið hefur einnig fylgt þeirri stefnu og neitað að viðurkenna á borði rétt Palestínumanna til að kjósa sér ríkisstjórn. Evrópusambandið styður og tekur þátt í einangrunarstefnu Ísraels og Bandaríkjanna gagnvart Hamas, og stimpla þau sem hryðjuverkasamtök. Það er sama stefna og sneri að Fatah og PLO, Frelsissamtökum Palestínu, undir forystu Yassers Arafat, einmitt á þeim tíma sem PLO viðurkenndi tilvistarrétt Ísraelsríkis með sjálfstæðisyfirlýsingunni árið 1988. Þá fékk „hryðjuverkamaðurinn“ Arafat ekki vegabréfsáritun til Bandaríkjanna og flytja þurfti Allsherjarþingið frá New York til Genfar svo að Arafat gæti ávarpað það.

Hin sögulega eftirgjöf

Palestínska þjóðin og öll stjórnmálaöfl hennar, þar með talin Hamas, hafa lýst yfir vilja til að stofna sjálfstætt ríki innan landamæranna frá 1967. Í því felst söguleg eftirgjöf á 78% af landi Palestínu undir Ísraelsríki. Sjálfstæð Palestína á Gaza og Vesturbakkanum með Austur-Jerúsalem sem höfuðborg nær aðeins yfir 22% upphaflegrar Palestínu.

Eftirgjöfin jafngildir viðurkenningu á Ísraelsríki

Í þessu felst að sjálfsögðu viðurkenning á Ísraelsríki, þótt áróðursmeistarar þess virðist treysta á aðferðir Göbbels, að fólk trúi því á endanum sem er endurtekið nógu oft. Þannig er áróðurinn endurtekinn aftur og aftur, um að Hamas-samtökin vilji Ísraelsríki burt af landakortinu, þótt viðurkenning þeirra hafi í raun verið komin fram árið 2003 hjá Sheik Yassin, leiðtoga Hamas-samtakanna, ári áður en hann var myrtur í sínum hjólastól með loftárás í mars 2004. Þegar Hamas-samtökin hófu stjórnmálaþátttöku í sveitarstjórnarkosningum árið 2005 og tóku þátt í kosningum til löggjafarþings á herteknu svæðunum árið 2006 staðfestu þau þessa afstöðu. Þessar kosningar byggja á Óslóarsamningnum við Ísrael frá árinu 1993 sem setur ramma fyrir þessa stjórnskipan. Þátttaka í þeim felur því líka í sér viðurkenningu á tilvist Ísraelsríkis.

> Í þessu felst að sjálfsögðu viðurkenning á Ísraelsríki, þótt áróðursmeistarar þess virðist treysta á aðferðir Göbbels, að fólk trúi því á endanum sem er endurtekið nógu oft.

Viðurkenning á sjálfstæði Palestínu

Það reynir á ríkisstjórn Íslands og sérstaklega utanríkisráðherrann, hvort fylgt verður samhljóða stefnu Alþingis, sem mótuð var í maí 1989 og áréttuð síðan, þar sem kveðið er á um viðurkenningu á sjálfsákvörðunarrétti palestínsku þjóðarinnar, eða hvort farið verður í gamla farið að láta Ísrael og Bandaríkin ráða ferðinni í samskiptum við Palestínumenn. Það er sú leið sem Evrópusambandið hefur því miður fylgt, þrátt fyrir mörg góð orð og ályktanir á Evrópuþinginu. Það eru hins vegar ýmis merki þess að mörg Evrópusambandsríki séu búin að fá meira en nóg af framferði Ísraelsríkis og breytt stefna sé í uppsiglingu hjá ESB. Þannig hefur heyrst að jafnvel Bretland og Frakkland muni viðurkenna sjálfstæði Palestínu í haust, eins og meirihluti Sameinuðu þjóðanna gerði strax um 1988 og á síðasta ári bættust mörg Suður-Ameríkuríki við sem losað hafa sig undan ofurvaldi Bandaríkjanna. Danmörk, Noregur og fleiri ríki hafa verið að hækka stjórnmálasambandið á hæsta stig, næst viðurkenningu sjálfstæðis.

Verður Ísland fyrst?

Ísland hefur áður sýnt frumkvæði í að viðurkenna nýfrjáls ríki í Eystrasaltinu, en ekki hefur heyrst nú af slíku. Enn gæti þó Ísland orðið fyrst vestrænna ríkja til að viðurkenna sjálfstæða Palestínu.

Þann 1. júní 2010 í kjölfar árása Ísraelshers á hjálparskip á leið til Gaza og níu sjálfboðaliðar voru myrtir af ísraelskum sérsveitarmönnum á alþjóðlegu hafsvæði, brást Alþingi við með meirihlutasamþykkt utanríkismálanefndar. Þar var meðal annars kveðið á um að utanríkisráðherra skyldi fara til Gaza með hjápargögn. Ráðherra hafði áður lýst hug sínum á sama veg í þessu sambandi mánuði áður á aðalfundi Félagsins Ísland-Palestína. Enn hefur ekki orðið af þessari ferð. Það er alls ekki of seint fyrir Össur Skarphéðinsson að fara til Gaza. Segja má að ferðin sé brýnni nú en áður og kæmi enn frekar út sem jákvæður og mikilvægur stuðningur við það sáttaferli sem er að hefjast og ráða mun úrslitum fyrir palestínsku þjóðina.

Lifi frjáls Palestína!

VERKEFNASTJÓRI
VIÐ TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HR

Háskólinn í Reykjavík auglýsir eftir verkefnastjóra í tækni- og verkfræðideild.

Starfið felst í upplýsingagjöf, þjónustu og samskiptum við nemendur og kennara tækni- og verkfræðideildar. Verkefnastjóri tilheyrir skrifstofu tækni- og verkfræðideildar og ber ábyrgð á samskiptum við ákveðinn hóp nemenda og kennara, en starfar einnig náið með ýmsum stoðdeildum innan HR.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf (BA eða BSc)
- Mjög góð tölvukunnátta
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og hæfni til að forgangsraða
- Góð færni í íslensku og ensku

Umsóknir skal senda á netfangið **appl@hr.is** fyrir 15. maí og skulu innihalda kynningarbréf, starfsferilskrá, mynd og upplýsingar um umsagnaraðila. Nánari upplýsingar veitir Sigrún Þorgeirsdóttir skrifstofustjóri (sigrunth@hr.is).

Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Tækni- og verkfræðideild HR er ein stærsta háskóladeild landsins með tæplega 1000 nemendur og um 70 akademíska starfsmenn á mörgum sviðum verkfræði, tæknifræði, íþróttafræði og iðnfræði. Deildin útskrifar um 2/3 þeirra sem ljúka tækninámi á háskólastigi á Íslandi. Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði. Nemendur skólans eru um 3000 í fjórum deildum og starfa yfir 250 fastir starfsmenn við skólann auk fjölda stundakennara.

www.hr.is

Gylliboð í fjárfestingum: Ekki láta skilja þig eftir með sárt ennið

Fjárfestingar

Ómar Þór Ómarsson
sérfræðingur á verðbréfasviði Fjármálaeftirlitsins

Þrátt fyrir að hin alþjóðlega fjármálakreppa hafi leikið marga grátt virðist ekkert lát vera á margs konar gylliboðum um fjárfestingar, ekki síst á veraldarvefnum. Fjölmargar erlendar vefsíður bjóða einstaklingum fjárfestingarþjónustu sem ekki er öll þar sem hún er séð og upp hafa komið tilvik hérlendis þar sem íslenskar vefsíður eru að bjóða þjónustu af sama tagi. Iðulega byggist þjónustan á því að bjóða viðskiptavinum að opna sérstakan reikning hjá viðkomandi aðila gegn fljótlegri og öruggri ávöxtun.

Full ástæða er til þess að vara við þessum síðum. Mörg fyrirtækjanna sem standa að baki vefsíðunum hafa ekki viðeigandi starfsleyfi heldur stunda eingöngu svikastarfsemi með því að svíkja til sín fé frá sem flestum aðilum með loforðum um gríðarlega ávöxtun en nota í raun peningana ekki til fjárfestinga. Viðskiptavinir fá oft tímabundið greiðslur til baka, yfirleitt mánaðarlega, sem ávöxtun af höfuðstólnum að því gefnu að þeir kjósi að leggja gróðann ekki* inn áfram til ávöxtunar, sem þeim er að sjálfsögðu boðið. Að lokum hætta leg. Fjárfestum er vanalega lofað miklum og öruggum hagnaði fljótt, allt frá 10% ávöxtun á mánuði til 100% á dag. Þeim er talin trú um að þeir megi ekki missa af þessu einstaka tækifæri, oft vegna þess að aðrir reyndir fjárfestar séu þegar búnir að fjárfesta, og er þannig búin til tímapressa með því að halda því fram að framboð sé takmarkað. Oftar en ekki eru fyrirtækin skráð í löndum þar sem lítið sem ekkert eftirlit er með fjármálamarkaði. Til að mynda er gjaldeyrismiðlun ekki eftirlitsskyld starfsemi í Panama, þar sem mikið er um vafasamar vefsíður sem bjóða fjárfestingar á gjaldeyrismarkaði. Það sem veitir svikastarfsemi sem þessari hins vegar mestan byr er vitnisburður vina og vandamanna sem nú þegar hafa fjárfest í þjónustunni. Eins og fyrr kom fram fá viðskiptavinir yfirleitt tímabundið endurgreidda peninga af þeim höfuðstól sem þeir sjálfir lögðu til, undir því yfirskini að hér sé um ávöxtun að ræða, þar til einn daginn að fyrirtækið hverfur á brott með mismuninn. Viðskiptavinir eru vissulega ánægðir með þjónustuna, svo lengi sem þeir fá greitt fé til baka, og mæla ósjaldan grandalausir með henni við aðra í kringum sig. Enn fremur aukast hagsmunir viðskiptavinarins til muna við að skrá nýja meðlimi ef hann hlýtur þóknun frá vefsíðunni fyrir vikið, sem oft er tilfellið.

> Mikilvægt er að kunna einhver skil á þeim aðferðum sem fyrrgreindar vefsíður beita svo hægt sé að vara sig á þeim.

fyrirtækin oftast starfsemi sinni, vefsíðunni er skyndilega lokað og eigendurnir hverfa á brott með alla þá peninga sem viðskiptavinirnir höfðu lagt til. Í flestum tilvikum er ómögulegt að endurheimta nokkurt fé til baka.

Mikilvægt er að kunna einhver skil á þeim aðferðum sem fyrrgreindar vefsíður beita svo hægt sé að vara sig á þeim. Hér fyrir neðan eru nokkrar þeirra dregnar saman í örstuttu máli, til umhugsunar fyrir fjárfesta.

Vísbendingar um hugsanlega svikastarfsemi

Ein aðferð til að hljóta traust fjárfesta er að gefa til kynna að fyrirtækið hafi trúverðugan uppruna, til dæmis með því að vísa til öflugs samstarfsaðila. Enn fremur reyna viðkomandi fyrirtæki oft að fullvissa fjárfesta um að þau hafi starfsleyfi og lúti eftirliti hjá viðeigandi eftirlitsstofnun. Þá leitast mörg svikafyrirtæki við að öðlast yfirbragð trausts með virðulegri heimasíðu uppfullri af tölfræðigögnum, fáguðum viðskiptaorðum og glæsilegum bréfhausum. Dæmi eru jafnvel um að þau nýti myndmerki eftirlitsstofnana í óleyfi og setji á vefsíður hjá sér. Í því sambandi má nefna að bandaríska verðbréfaeftirlitið (SEC) leyfir einkafyrirtækjum ekki að nota myndmerki sitt, jafnvel ekki einu sinni til að vísa af heimasíðu sinni á heimasíðu SEC. Þrátt fyrir þetta er merki stofnunarinnar oft misnotað. Önnur aðferð við að sannfæra fjárfesta um trúverðugleika er að búa til dýrðarljóma um fyrirtækið. Þetta gerist til dæmis þegar jákvæð persónueinkenni manneskjunnar, sem býður fram fjárfestinguna, færast yfir á fjárfestinguna sjálfa. Sé manneskjan talin traust og ábyggileg eru oft miklar líkur á því að fjárfestingin sé talin örugg.

Ummerki um mögulega svikastarfsemi geta verið margvís-

Ástæða til að fara varlega

Fjölmargir einstaklingar um allan heim hafa tapað verulegum fjárhæðum á svikum sem þessum og eru Íslendingar engin undantekning. Erfitt getur verið að greina hvort um svikastarfsemi sé að ræða því margar af fyrrgreindum aðferðum gilda ekki aðeins um svikamyllur heldur eru einnig notaðar fyrir löglega fjárfestingarþjónustu. Gott ráð fyrir þá sem vilja fjárfesta er að muna að hafa ávallt varann á og athuga hlutina sjálfstætt. Fjárfestar ættu til dæmis alltaf að ganga úr skugga um hvort viðkomandi fyrirtæki hafi leyfi til að bjóða viðskiptavinum fjárfestingarþjónustu. Þetta er hægt að gera með því að hafa samband við viðeigandi fjármálaeftirlit eða fara á heimasíðu þess. Þá er sjálfsagt að vera einatt tortryggin gagnvart óumbeðnum tilboðum eða fjárfestingarmöguleikum sem virðast of góðir til að vera sannir, sama með hvaða sniði þeir kunna að vera eða hvaðan þeir eiga uppruna sinn að rekja. Enn fremur eru birtar á heimasíðum fjármálaeftirlita, þ.m.t. Fjármálaeftirlitsins á Íslandi, aðvaranir til fjárfesta um fyrirtæki sem ekki hafa starfsleyfi eða leyfi til að veita þjónustu fjármálafyrirtækis (http://www.fme.is/?PageID=565).

Förum varlega með peningana okkar og höfum varann á þegar fjárfestingarmöguleikar sem bera ofangreind ummerki standa okkur til boða. Föllum ekki fyrir freistandi gylliboðum um óraunhæfan gróða á skömmum tíma heldur stöndum vörð um okkur sjálf og aðra í kringum okkur. Höfundur biður alla þá sem hafa orðið varir við starfsemi sem ber merki um svik að tilkynna Fjármálaeftirlitinu hana. Höfundur ítrekar enn fremur að kynning eða sala á erlendum fjárfestingarkostum til almennings á Íslandi er starfsleyfisskyld.

skemmtilegri

Sjáumst í maí!

Á STÖÐ 2

GREY'S ANATOMY

60 MINUTES

modern family

rizzoli & isles

THE MENTALIST

glee

LÁTI BÆR

NÝTT!

GRILLSKÓLI JÓA FEL

American Idol

ÚRSLIT

VILD

Allt fyrir áskrifendur

Þú safnar allt að 1250 Stöðvar punktum á mánuði

ID. INVESTIGATION DISCOVERY

Discovery ID fylgir frítt með Stöð 2 í maí. Raunveruleg sakamál og sannar sögur. Engin kapalstöð hefur átt eins vaxandi vinsældum að fagna í Bandaríkjunum.

ÞAÐ ER

ÓDÝRARA

AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

VINSÆLASTA SJÓNVARPSEFNI Í HEIMI OG FRÁBÆR ÍSLENSK DAGSKRÁ ALLAN SÓLARHRINGINN Á ÞREMUR SJÓNVARPSSTÖÐVUM FRÁ AÐEINS 229 KR. Á DAG

Tryggðu þér áskrift í dag!

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

tímamót

timamot@frettabladid.is

36 **DAVID BECKHAM** knattspyrnumaður er 36 ára

„Það er pláss fyrir bæði stráka- og stelpufótbolta í veröldinni. Ég trúi ekki öðru.“

Merkisatburðir 2. maí

1615 Þrettán skip farast og áttatíu menn drukkna í aftakaveðri á Breiðafirði.

1822 Skipbrotsmenn af tveimur erlendum skipum komast til lands; sextán manns á Vopnafirði og sex manns við Glettinganes. Bæði skipin höfðu farist í hafís.

1968 Maíuppþotin í París hefjast með því að stjórn Parísarháskóla í Nanterre ákveður að loka skólanum vegna árekstra við stúdenta.

1970 Búrfellsvirkjun vígð og formlega tekin í notkun.

1992 Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra undirritar samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Samningurinn er um tuttugu þúsund blaðsíður.

1997 Tony Blair tekur við embætti forsætisráðherra Bretlands eftir átján ára stjórnartíð Breska íhaldsflokksins.

Múlinn efnir til tónleikaraðar

Opnunartónleikar tónleikaraðar Jazzklúbbsins Múlans verða í Norræna húsinu í kvöld. Tríó pínóleikarans Agnars Más Magnússon leikur fyrir gesti. Alls verða sextónleikar í tónleikaröðinni og allir í Norræna húsinu.

Í fyrra setti leikur tríóið tónlist Agnars af útkomnum geisladiskum hans í bland við þekkt lög. Í seinna setti leiðir tríóið opna jamsession fyrir alla sem vettlingi geta valdið og er von á hópi djassleikara sem taka þátt. Meðlimir tríósins eru auk Agnars, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson bassaleikari og Scott McLemore sem leikur á trommur.

Múlinn er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Jazzvakningar. Klúbburinn heitir í höfuðið á Jóni Múla Árnasyni sem jafnframt var heiðursfélagi og verndari Múlans. Opnunartónleikarnir hefjast klukkan 21.



TÓNLEIKAR OG JAMSESSION Tríóið leikur tónlist Agnars af útkomnum geisladiskum hans í bland við önnur lög.

ÞETTA GERÐIST: 2. MAÍ 1536

Anne Boleyn handtekin fyrir landráð

Anne Boleyn, önnur eiginkona Hinriks VIII., var handtekin þann 2. maí 1536, ásökuð um landráð, hórdóm, sifjaspell og kukl. Hún var flutt í Tower of London þar sem réttað var yfir henni og hún dæmd sek þann 15. maí. Fjórum dögum síðar var hún hálshöggvin á Tower Green.

Anne var krýnd drottning Englands þann fyrsta júní 1533, eftir að Hinrik hafði skilið við fyrstu konu sína Katrínu af Aragon. Páfinn bannfærði Hinrik í kjölfarið og hjónaband þeirra Anne var ekki viðurkennt af kirkjunni. Dóttir þeirra Elísabet var talin hórgetin, en varð þó seinna drottning Englands og ríkti í fjörutíu og fimm ár sem Elísabet I.

Eftir að Elísabet komst til valda var orðspor Anne reist við og hún talin píslarvottur og hetja umbyltingarsinna. Seinni tíma fræðimenn telja flestir að ásakanir á hendur henni hafi verið mjög ósannfærandi og ástæðan fyrir handtöku hennar og aftöku hafi fyrst og fremst verið sú að Hinrik VIII. hafi viljað ryðja henni úr vegi svo hann gæti kvænst Jane Seymour.

AFMÆLISSÝNING Í Leikfélagi Hólmavíkur hjálpast allir að, hér eru leikarar í afmælissýningu félagsins, Með táning í tölvunni, eftir Ray Cooney.

LEIKFÉLAG HÓLMAVÍKUR: FAGNAR ÞRJÁTÍU ÁRA AFMÆLI MEÐ LEIKFERÐ

Í Árneshreppi mæta oftast allir hreppsbúar og meira til

Afmælið er reyndar á morgun, 3. maí, en við höfum verið að halda upp á það undanfarið,“ segir Kristín Sigurrós Einarsdóttir, formaður Leikfélags Hólmavíkur, sem fagnar þrjátíu ára afmæli um þessar mundir. „Félagið hefur verið nokkuð öflugt í þessi þrjátíu ár og í seinni tíð höfum við sett upp sýningar annað hvert ár en hitt árið verið í samstarfi við grunnskólann og þá hafa gjarnan verið settir upp söngleikir,“ heldur Kristín áfram. „Nánast allar okkar uppsetningar hafa verið gamanleikir eða farsar og við brugðum ekki út af vananum núna og settum upp bráðfjörugan gamanleik í tilefni af afmælinu.“ Leikritið sem leikfélagið frumsýndi fyrir páska heitir Með táning í tölvunni og er eftir Bretann Ray Cooney. „Því er leikstýrt af heimamanninum Arnari S. Jónssyni, sem hefur verið virkur í leikfélaginu frá tólf ára aldri og meðal annars í tvígang verið formaður þess,“ segir Kristín. Í sýningunni taka þátt sjö leikarar og að minnsta kosti annar eins fjöldi á bak við tjöldin. Kristín segir virka félaga í leikfélaginu vera í kringum þrjátíu sem lætur nærri að séu tíu prósent bæjarbúa, sem verður að teljast ansi gott.

KRISTÍN SIGURRÓS EINARSDÓTTIR

Hluti af afmælisfagnaðinum felst í því að fara með sýninguna á nærliggjandi firði. „Já, við erum svona að leggja lokahönd á það,“ segir Kristín. „Um sjómannadagshelgina ætlum við að fara Vestfjarðarúnt og sýna á Patreksfirði, Þingeyri og Bolungarvík. Síðan ætlum við að enda samkvæmt hefðinni í Árneshreppi á Ströndum 16. júní.“ Spurð hvernig sú hefð hafi skapast segist Kristín nú ekki alveg vita það. „En aðallega er bara svo gaman að fara þarna norður. Þar mæta alltaf allir sem vettlingi geta valdið, oft allir íbúar hreppsins og rúmlega það.“

Kristín hefur sjálf verið virk í leikfélaginu allar götur síðan hún flutti á Hólmavík fyrir ellefu árum og er nýkjörin formaður þess. „Ég er búin að koma að hinu og þessu hjá leikfélaginu,“ segir hún hlæjandi. „Ég hef leikið, séð um leikskrá, eldað og ýmislegt fleira. Það gengur ekki að vera með stjörnustæla í svona félagi, hér hjálpast alltaf allir að.“

fridrikab@frettabladid.is

Farfuglar hljóta Kuðunginn

Kuðungurinn, umhverfisviðurkenning umhverfisráðuneytisins, var veitt í sextánda sinn á föstudag og kom í hlut Farfuglaheimilanna í Reykjavík fyrir framlag til umhverfismála á síðastliðnu ári. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra afhenti verðlaunin við athöfn í Þjóðmenningarhúsinu og sagði Farfuglaheimilin vel að verðlaununum komin.

Farfuglaheimilin í Reykjavík eru tvö. Farfuglaheimilið Vesturgötu 17 var opnað á vormánuðum 2009 í glæsilegu húsnæði en þar hefur markvisst verið unnið að því að takmarka áhrif rekstursins á umhverfið og hlaut heimilið vottun norræna umhverfismerkisins Svansins um ári eftir opnun.

Farfuglaheimilið í Laugardal hefur um langa tíð hagað rekstri sínum í sátt við umhverfið og fékk Svansvottun 2004. Heimilið hefur ávallt lagt áherslu á umhverfisfræðslu og hvatt gesti til að taka þátt í umhverfisstarfi á ferðalögum sínum. Farfuglaheimilin leggja sig einnig fram um að bæta nærumhverfi sitt með því að taka þátt í og standa fyrir menningarviðburðum sem glæða samfélagið lífi. Þau eru sem stendur einu umhverfisvottuðu gististaðirnir á höfuðborgarsvæðinu og lykilheimili í hópi 37 farfuglaheimila á Íslandi.

KUÐUNGURINN Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra og Sigríður Ólafsdóttir, rekstarstjóri Farfuglaheimilanna í Reykjavík, með verðlaunagripinn, sem er kuðungur unninn af listakonunni Ingu Elínu Kristinsdóttur.

†

Elskulegur sambýlismaður minn, pabbi, sonur og bróðir,

Dr. Erlendur Ásgeir Júlíusson

til heimilis að Studiegången 13, Gautaborg, Svíþjóð,

varð bráðkvaddur í London 19. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Guðrún Stephensen
Jökull Ásgeirsson
Júlíus Sigurðsson — **Jóhanna Ellý Sigurðardóttir**
Hildur Júlíusdóttir
Júlíus Þór Júlíusson — **Íris Guðrún Ragnarsdóttir**
Davíð Júlíusson — **Kristín Inga Guðmundsdóttir**

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

FLUGURNAR FÆRÐU HÉR Flugan.is

VORTILBOÐ

VEIÐIBLAÐIÐ – EINTAKIÐ ÞITT
GEYMDU BLAÐIÐ

SPORTBÚÐIN
VEIÐIHORNIÐ
VEIDIMADURINN.IS

DAM

Dam Taslan nælonvöðlur.

VORTILBOÐ AÐEINS
6.995,-

DAM

DAM neopren-vöðlur.

VORTILBOÐ AÐEINS
13.995,-

SCIERRA

CC3 öndunar-vöðlur og skór.

PAKKATILBOÐ AÐEINS
29.900,-

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.
Félagsmenn og aðrir áhugasamir Kópavogsbúar eru velkomnir á fundinn.
Stjórnin.

Aðalfundur

Reykjavíkurdeildar Búmanna

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1, 2 hæð. Fundurinn verður fimmtudaginn 12. maí 2010 og hefst kl. 18.00
Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.
Félagsmenn og aðrir áhugasamir Reykvíkingar eru velkomnir á fundinn.
Stjórnin.

Vottun verkefnastjóra

Kynningarfundur um IPMA vottun verkefnastjóra verður haldinn á vegum Verkefnastjórnunarfélags Íslands þriðjudaginn 3. maí nk.

Fundurinn verður í húsi Verkfræðingafélagsins að Engjateigi 9 og verður frá kl. 15:00 til kl. 16:00.

Allir eru velkomnir.

Verkefnastjórnunarfélag Íslands

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

NUDD - TILBOÐ

TILBOÐ fyrir 1. Klukkutíma nudd. Kr. 5.500. 2 saman kr. 9.900. DETOX og fótanudd kr. 5500. DETOX 2 SAMAN kr. 9900. JB Heilsulind. S. 823 8280

EKKERT SEX NUDD,

en æðislegt LÍKAMSSKRÚBB, heitir POTTAR og margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR, SNYRTING og VEITINGAR. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. JB Heilsulind. S. 823 8280

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Dýrahald

Hundagalleríið auglýsir
Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro

www.hundaskoli.net

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Æfingarhúsnæði! Vortilboð!
Afnotagjöld 21þús. á mánuði Upplýsingar í síma 8243001 og contact@tonaslod.is www.tonaslod.is

Til leigu 3ja herb. íbúð á svæði 108. V. 110 þ. Uppl. gefur Gunnar í s. 694 3601 e. kl. 14.

105 Rvk; nice room for rent no kitchen, 35,000 kr. Only non smoker. smm3@hi.is.

Lækjargata 32, HFJ. 3 herb. 85fm. Leiga 120þ. trygging 3 mán. Laus 1 mai. áhugasamir hafa samband við bjorgvin@igl.is eða 892 4578

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu með aðgang að eldhús, baðherbergi og þvottavél í miðbæ Reykjavíkur við Hlemm. Uppl. í s. 661 5219.

Húsnæði óskast

Vantar ad leiga ibud fra 4 Juli til 8 Agust. Ma vera i Kopavogi, Reykjavik, Mosfellsbae. E-mail: afranklin12@cox.net

Leigusalar!
Skráið eignina ykkur að kostnaðrlausu inná leigulistinn.is og sjáið sjálfir um útleiguna, eða óskið eftir fullri þjónustu og látið okkur sjá um málið. Hringdu í s. 511-1600, Leigulistinn ehf.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu stórt iðnaðarhúsnæði í Garðabæ. Stórar dyr og hátt til lofts. Skammtímaleiga kemur til greina. Uppl. 897 2000 & 661 3131

Geymsluhúsnæði

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Bílskúr

BÍLSKÚRSHURÐIR OG OPNARAR
UPPSETNING, VIÐHALD, VIÐGERÐIR 30 ára reynsla.. Hringið í síma 892 7285

ATVINNA

Atvinna í boði

Liðsmenn óskast á þjónustustöðvar N1
N1 er eitt stærsta þjónustufyrirtæki landsins með þjónustunet sem telur á um annað hundrað afgreiðslustaði um allt land. Við leitum nú að starfsfólki á þjónustustöðvar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Kynntu þér málið og sæktu um á www.n1.is.

Járniðnaðarmenn
Óskum eftir vélvirkja, járniðnaðarmanni, nema og aðstoðamanni.
Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: Járniðnaðarmenn

Tapas Barinn óskar eftir skemmtilegum Þjónum um helgar. Reynsla æskileg en ekki skylda, eingöngu er tekið á móti umsóknum á staðnum á milli 14:00 og 18:00 virka daga. Tapasbarinn Vesturgata 3b.

Viljum ráða reglusaman og röskan mann á verkstæði vanan viðgerðum á stórum bílum til starfa. Vinsamlegast sendið umsóknir á verkstaedi001@visir.is

Vel launuð aukavinna á kvöldin
Okkur vantar íslenskumælandi fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá kl.18-22 Góð laun í boði. Aldur 22+++ Uppl. í síma 699-0005 milli kl.15-19 virka daga.

Stay Apartments
STAY APARTMENTS is looking for maids to work at apartment hotels in Reykjavik. Experience, drivers license and recommendations necessary. Day and weekend job. Please write to stay@stay.is for more info.

Óskum eftir hörkuduglegum, reyklausum og sjálfstæðum aðila á vaktir í söluturn í Breiðholti og Hraunbæ. Eingöngu 18 ára og eldri koma til greina. Umsóknir sendist á maria-holmgrims@hotmail.com. Uppl. í s. 846 1082.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

4 mán.kettlingur týndist frá Hringbraut 37 í Haf. 29 apríl sl. Hann er hvítur með gult skott. Er örmerktur. 6967429.

Fundir

Munið félagsfundinn í kvöld á Hótel Loftleiðum. Dagskrána má sjá á vef félagsins www.f4x4.is Stjórn F4x4.

Einkamál

Spjalldömur 908 5500
Opið allan sólarhringin.

Djörf spenna. Konur sem leita ævintýra nota Rauða Torgið Stefnumót til að kynnast karlmanni við hæfi. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlmenn heyra og svara auglýsingum kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

Dömurnar á Rauða Torginu Dömuvaktin er í kvöld frá kl. 20-24. S. 908-6000 og 535-9999.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

ÚRVAL

SIMMS

GORE-TEX

FRAMLEIDDAR Í BANDARÍKJUNUM

♀

AÐEINS
65.900,-

GORE-TEX VÖÐLUR - DÖMUR

Fótlaga neoprensokkar og áfastar sandhlífar. Vöðlurnar eru styrktar á álagsstöðum. Góður vasi. Vandaðar og sterkar öndunarvöðlur fyrir veiðikonur.

SIMMS

GORE-TEX

FRAMLEIDDAR Í BANDARÍKJUNUM

Fyrir börn!

AÐEINS
35.900,-

KRAKKA GORE-TEX VÖÐLUR

Gore-tex vöðlur fyrir unga veiðimenn. 3 stærðir. Belti fylgir.

REDINGTON

♀

AÐEINS
29.900,-

REDINGTON DÖMUVÖÐLUR

Vandaðar vöðlur í kvensniði. Góður vasi. Áfastar sandhlífar. Belti fylgir. Verð aðeins 29.900,- og aðeins 39.900,- með Redington dömuskóm.

SIMMS

Frábært úrval af vöðluskóm í mörgum verðflokkum

AÐEINS
35.900.,-

GUIDE STREAMTREAD SKÓR

Líklega bestu vöðluskórnir á markaðnum. Sérhannaður sóli frá Vibram sem framleiðir sóla undir öll bestu merkin í gönguskóm. Hægt að negla.

SIMMS

AÐEINS FRÁ
18.900,-

FREESTONE SKÓR

Frábærir skór á afar hagstæðu verði. Sterkt vinylefni sem breytir sér ekki. Sterkir skór með góðum ökklastuðningi. Hægt að velja um filt eða Vibram sóla.

SIMMS

WIND STOPPER

VERÐ FRÁ
34.900,-

WINDSTOPPER SOFTSHELL

Góður jakki sem hentar jafnt í veiði eða til daglegra nota.100% vindheldur með góðri öndun. Gore Windstopper gerir gæfumuninn.

SIMMS

Gott úrval af veiðivestum í mörgum verðflokkum

AÐEINS
13.995,-

HEADWATERS VEIÐIVESTI

Vestið er úr léttu efni sem drekkur ekki í sig vatn og er fljótt að þorna. Því hentar þetta vesti sérstaklega vel yfir veiðijakka.

SIMMS

♀♂

VERÐ FRÁ
9.995,-

SIMMS VEIÐISKYRTUR

Gott úrval af Simms skyrtum sem henta í veiðiferðina eða til daglegra nota. Margir litir.
Fyrir veiðimenn og konur!

SIMMS

AÐEINS
14.995,-

ROGUE HOODY CAMO

Flott hettupeysa úr vindstopp flísefni. Simms camo. Einnig úrval af húfum í Simms camo.

SIMMS

AÐEINS
17.995,-

HEADWATERS VÖÐLUTASKA

Frábær tvískipt veiðitaska. Í neðri hluta töskunnar er pláss fyrir blauta fatnaðinn. Í efri hluta töskunnar er gott pláss fyrir fatnað og fylgihluti.

SIMMS

AÐEINS
3.895,-

VISOR BEANIE

Flottar veiðihúfur frá Simms. 50% ull og 50% akryl. Húfurnar eu með deri og hægt er að bretta þær niður fyrir eyru. Tveir litir; grár og grænn.

SCIERRA

VORTILBOÐ AÐEINS
23.995,-

SCIERRA AQUATEX PRO JAKKI

Vandaður vatnsheldur jakki frá Scierra. Góð útöndun. Stór hetta og góðir vasar. Einn vinsælasti jakkinn.

RON THOMPSON

VORTILBOÐ AÐEINS
9.995,-

RT ONTARIO VEIÐIJAKKI

Trúlega ódýrasti veiðijakkin á markaðnum. Vatnsheldur jakki með fjölda vasa. Hægt að renna ermum af og breyta jakkanum í vesti.

SIMMS

AÐEINS
17.995,-

SIMMS GUIDE BIB

Samfestingur frá Simms, hugsaður undir vöðlurnar og veiðigallann. Hlýr og góður samfestingur með brjóstvasa og rennilás.

Frábært úrval af veiðitöskum í öllum stærðum og gerðum

AÐEINS
22.980,-

CASCADE VEIÐITASKA

Mögnuð tvöföld taska sem rúmar nokkrar veiðistangir í efri hluta ásamt línum og fleiru smálegu. Í neðri hluta eru hólf fyrir hjól, spólur og fleira.

SAGE

AÐEINS
29.900,-

SAGE 2000 FLUGUHJÓL

Vönduð hjól úr léttmálmi. Fislétt en sterk hjól með góðri bremsu. Sage 2000 eru vönduð fluguhjól á hagstæðu verði.

THE WATERWORKS LAMSON



VERÐ FRÁ
59.900,-

ULA FORCE FLUGUHJÓL

Einstaklega létt og sterk hjól. Einstakt, mjúkt bremsuátak sem stöðvar stærstu fiska.

THE WATERWORKS LAMSON

VERÐ FRÁ
35.900,-

LAMSON VELOCITY

Lamson fluguhjólin eru vönduð hjól á hagstæðu verði. Hjólin eru sterkbyggð úr léttmálmi með einhverjum besta bremsubúnaði sem völ er á.

okuma

VERÐ FRÁ
11.995,-

OKUMA SLV

Af mörgum talin bestu kaupin í fluguhjólum. Hjólið sem er úr áli er létt og sterkt með öflugum bremsum. Fáanleg í fjölmörgum stærðum fyrir línu #2 til #11.

oku

VORTILBOÐ AÐEINS
9.995,-

FLUGUHJÓL - PAKKI

Okuma Airframe "Large arbour" úr grafít. Vönduð lega og góð diskabremsa. 3 auka spólur fylgja (samtals 4 spólur) og taska utan um allt. Fyrir línu 7 til 9.

NDSMANNA Á NETINU

DURINN.IS

VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410

SIMMS

SIMMS VEIÐIHÚFUR Í MIKLU ÚRVALI

AÐEINS
2.995,-

sage

SAGE ER VINSÆLASTA FLUGUSTÖNGIN. ÞAÐ ER EKKI TILVILJUN.

Það er ekki tilviljun að Sage flugustangirnar eru þær vinsælustu í úrvalsflokki flugustanga. Að margra mati eru flugustangirnar frá Sage þær bestu á markaðnum. Því mótmælum við ekki. Allar Sage flugustangir eru hannaðar og þróaðar af fluguveiðimönnum og framleiddar í Seattle í Bandaríkjunum. Að kasta fyrir fisk og veiða með Sage er einstök upplifun. Allir fluguveiðimenn verða að eiga að minnsta kosti eina Sage stöng.

Allar Sage stangir eru með lífstíðar ábyrgð frá framleiðanda!

SAGE FLIGHT FLUGUVEIÐIPAKKI
Fjögurra hluta hröð stög. Vandað Sage hjól með diskabremsu. Góð Rio flotlína ásamt undirlínu og taumi. Hólkur fylgir. Aðeins 69.900 fyrir þenann frábæra pakka.

SAGE VANTAGE FLUGUVEIÐIPAKKI
Fjögurra hluta miðhröð stöng, vandað Sage hjól með diskabremsu. Góð Rio flotlína ásamt undirlínu og taumi. Hólkur fylgir. Aðeins 59.900 fyrir þennann frábæra pakka.

SAGE VXP FLUGUSTÖNG
Nýjasta stöngin frá Sage. Allar umsagnir og umfjöllun um þessa stöng er á einn veg. Frábær stöng enda var gamla góða XP stöngin sem margir þekkja lögð til grundvallar þegar Sage VXP var hönnuð.

Allar Sage flugustangir eru framleiddar í Bandaríkjunum

REDINGTON CROSSWATER FLUGUVEIÐIPAKKI
Tveggja hluta miðhröð stöng ásamt góðu hjóli með flotlínu, undirlínu og taumi. Góð Rio flotlína. Hólkur fylgir. Aðeins 24.900

REDINGTON CROSSWATER FLUGUVEIÐIPAKKI
Fjögurra hluta miðhröð stöng ásamt góðu hjóli með flotlínu, undirlínu og taumi. Góð Rio flotlína. Hólkur fylgir. Aðeins 29.900

ZPEY ZERO FLUGUVEIÐIPAKKI
Fjögurra hluta kraftmikil stöng. Zpey handfang fylgir. Gott hjól með öflugri bremsu. Zpey flotlína, baklína og taumur. Hólkur fylgir. Verð frá 79.900.

DAM KASTVEIÐIPAKKI
DAM PTS kaststöng og DAM Quick SLR hjól. Fullt verð 20.990. Tilboðsverð aðeins 14.995 og DAM letingi í kaupbæti.

DAM KASTVEIÐIPAKKI
DAM Devilstick kaststög og DAM HPN hjól. Fullt verð 17.990. Tilboðsverð aðeins 12.995 og DAM letingi í kaupbæti.

RON THOMPSON + OKUMA KASTVEIÐIPAKKI
Ron Thompson Tyran kaststöng og Okuma Safina hjól. Fullt verð 16.990. Tilboðsverð aðeins 11.895 og DAM letingi í kaupbæti.

RON THOMPSON + OKUMA KASTUVEIÐIPAKKI
Ron Thompson Steelhead kaststöng og Okuma Electron hjól. Fullt verð 12.990. Tilboðsverð aðeins 8.995 og DAM letingi í kaupbæti. Girni fylgir.

VAC RAC STANGAHALDARAR
Vandaðar og öruggar stangafestingar á bíla. Tvær útfærslur. Annars vegar með segulfestingu og hins vegar með sogblöðkum.

REYKOFN
Stór og góður reykofn. Hvort heldur sem er fugl eða fiskur þá er einfalt að töfra fram veislurétti úr villibráð með reykofninum. Þú færð einnig reyksagið hér en margir veitingastaðir í miðbæ Reykjavíkur nota einmitt reyksag frá okkur.

FLESTAR VÖRURNAR FÁST Í SPORTBÚÐINNI. ALLAR VÖRURNAR FÁST Í VEIÐIHORNINU.

SPORTBÚÐIN
KRÓKHÁLS 5 - SÍMI 517 8050

VEIÐIBÚÐ ALLRA LANDSMANNA Á NETINU
Veiðimaðurinn 1940
VEIDIMADURINN.IS

VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410

Veiðikortið aðeins 5.000 krónur þegar veiðibúnaðurinn er keyptur í Veiðihorninu

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Leifur Aðalsteinsson
Framkvæmdastj./Sölum.
leifur@101.is

Helgi J. Jónsson
Sölumaður / helgi@101.is

Kristín S. Sigurðardóttir
Löggildur fasteigna, skipa og fyrirtækjasali

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Bráðvantar allar gerðir og stærðir af eignum í sölu - mikil sala í gangi..

Sóleyjarimi – 112 Rvk. 50 ára og eldri.
Mjög falleg 59,9fm 2 herb.íbúð á jarðhæð í þessu vinsæla húsi. Parket og flísar á gólfum. Stór suður verönd með skjólveggjum. Stæði í bílageymslu.
Eignin er laus. V-14,9millj.

Dvergabakki – 109 Rvk.
Vel skipulögð 94,3fm 3-4ra herb.íbúð á 1 hæð í nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi. Eignin skiptist í : Stofu, eldhús, 2 herb., bað, þvottahús, herbergi í kj. og geymslu.
Eignin er laus. V-15,2millj.

Drápuhlíð – 105 Rvk.
Mjög vel skipulögð 174,7fm 7herb. efri sérhæð og ris með sérinngangi ásamt bílskúr. Tvennar svalir. Nýlegt eldhús og bað. Búið að endurnýja klóak. **V-37,9millj.**

Grandavegur – 107 Rvk.- Eldri borgarar.
Mjög skemmtileg og rúmbóð 114,8 fm 3 herb. íbúð á annari hæð í þessu vinsæla hús neðst við Grandaveg. Sjárvarútsýni. Yfirbyggðar Vestursvalir. Íbúðin Snýr í suður og vestur. **V- 28,8millj**

Búðagerði – 108 Rvk.
Mjög falleg 63,9fm 2 herb.íbúð á jarðhæð. Íbúðin myndi henta vel fyrir einstakling í hjólastól. Vestur svalir. Eignin er laus við kaupsamning. Nýlega uppgert baðherbergi. **V-15,9millj.**

Furugrund – 200 Kóp.
Mjög björt og falleg 75,5fm 3 herb.íbúð á 1 hæð í góðu húsi. Stórar vestur svalir. Mjög snyrtilegt eldhús og bað. **V-19,5millj.**

Maríubakki – 109 Rvk.
Vel skipulögð 103fm 3 herb.íbúð á 1 hæð í góðu húsi. Góðar vestur svalir. Fallegt útsýni. Stutt í alla þjónustu. **V-19,5millj.**

Grettisgata – 101 Rvk.
Sérstaklega skemmtileg 46,3 fm 2ja herberga íbúð í rísi. Ca: 15 fm suðursvalir. Íbúðin er töluvert undir súð norðanmegin svo gólfflötur hennar er töluvert stærri en birtir fermertrar segja til um.
V-16,5millj.

Hraunbær – 110 Rvk.
Stórglæsilegt MJÖG mikið endurnýjað 135,1fm 5 herb.raðhús á einni hæð ásamt 21,6fm bílskúr, samtals : 156,7fm. Húsið hefur meira og minna allt verið tekið í gegn. Sjón er sögu ríkari. **V-39,9millj.**

Kjarrhólmi – 200 Kóp.
Mjög falleg 75,1fm 3 herb.íbúð á 2 hæð í góðu húsi á vinsælum stað í Kópavogi. Gullfalleg íbúð með frábæru útsýni. Nýlegt parket, innihurðir og eldhúsinnrétting.
V- 19,3millj.

Naustabryggja – 110 Rvk.
Afar glæsileg 86,2fm 3 herb.íbúð á 2 hæð í góðu lyftuhúsi með vægast glæsilegu útsýni. Eigninni fylgir stæði í lokaðri bílageymslu. Tvennar svalir. Sjávarútsýni. Stórar suður svalir. **V- 28,9millj.**

Þórðarsveigur – 113 Rvk.
Glæsileg og vel skipulögð 111,2fm 4-5 herb. íbúð á 3.hæð (efstu) í fjölbýli með stæði í bílageymslu. Mjög fallegt útsýni. Stórglæsileg stofa og eldhús. **V- 26,9millj.**

Engihjalli – 200 Kóp.
Mjög vel staðsett 87,4fm 3 herb.íbúð á 2 hæð með góðum suð/vestur svölum. Mjög fallegt útsýni til suður og vesturs. Verið er að taka húsið í gegn að utan að hluta og verður sú framkvæmd greidd af seljanda.
V-15,9millj.

Fífulind – 201 Kóp.
Mjög falleg og vel skipulögð 134,2fm 6 herb. íbúð á 2 hæðum með góðum suður svölum. Vinsæl staðsetning. **EIGENDUR SKOÐA SKIPTI Á RAÐ/PAR EÐA EINBÝLI Í LINDAR EÐA SALAHVERFI. V-31,5millj**.

Gullsmári – 201 Kóp.
Mjög vel skipulögð 80,3fm 3 herb.íbúð á annari hæð í góðu húsi á þessum vinsæla stað. Örstutt er í alla þjónustu. **V- 20,9millj.**

AF GÆÐUNUM
ÞEKKIÐ ÞIÐ PALLAEFNIÐ FRÁ VÖLUNDARHÚSUM



Pallaefni, panill, girðinga-efni, undirstöður, skrúfur og festingar á frábæru vor-tilboðsverði.

Sjá nánar á heimasíðu
www.volundarhus.is

70 mm bjálki / Tvöföld nótun

Tilboð Gestahús 25 m²

kr. 1.689.000,- án fylgihluta
kr. 1.989.000,- með fylgihlutum
og byggingarnefndar teiknisetti.

31.5 m² kr. 2.149.000,- án fylgihluta
36.0 m² kr. 2.229.000,- án fylgihluta
39.0 m² kr. 2.499.000,- án fylgihluta

Sjá nánar á heimasíðu www.volundarhus.is

Garðhús og gestahús í úrvali á frábæru verði

Sjá nánar á heimasíðu
www.volundarhus.is

VH/11-05

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

VISA Lán

Staðgreiðslu lán

VH ehf · Njarðarbraut 11 · 260 Reykjanesbæ · **Sími 864-2400 · Sími í verslun 527-2400**

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is
www.berg.is
Fax: 588 5540

Pétur Pétursson lögg. fasteignasali
Petur@berg.is



Bakkastaðir.
Neðri hæð auk bílskúrs. Samtals 131 fm. Parket og flísar á gólfum. Fallegar innréttingar. Eldhúsinnrétting fyrsta flokks. 3 góð svefnh. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Glæsilegur garður með hellulögnum og fallegum gróðri. Stór bílskúr með geymslulofti og flísalögðu gólfi. **V. 29 m.** 5331

Laxatunga.
Vel byggt og vandað 339,9 fm. einbýli á tveimur hæðum við Laxatungu í Leirvogstunguhverfi í Mosfellsbæ. Húsið er fokhelt og fullbúið að utan. Sér íbúð á neðri hæð er tilbúin og búið að innrétta hana. Hiti í gólfum. Húsið stendur á flottum útsýnisstað. **Flott verð. V. 35 m.** 8097

Veghús.
Glæsileg 101 fm. íbúð á 3. og efstu hæð í fallegu fjölbýli. Íbúðin er á 2 hæðum. Vönduð gólfefni og flottar innréttingar. Glæsilegt baðh. Stórar svalir í suður. Flísalagðar. Eign í algjörum sérflokki. **V. 22,8 m.** 8284

Hraunbær
Falleg 88,5 fm. 3ja. herb. íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli í Hraunbæ. Mikið endurnýjuð. Góðar innréttingar.
V.18,5 m. 8349



Arkarholt
236,7 fm. einbýli á flottum stað neðst í lokaðri götu við Arkarholt í Mosfellsbæ, 4 góð svefnh. Stór 30 fm. sólstofa með heitum potti. 2 baðherbergi, nýlega endurnýjuð. Tvíbreiður bílskúr. Stór og fallegur garður. hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. **V. 46,9 m.** 8300



Sólvallagata.
Mjög glæsileg 71,6 fm. íbúð auk 20 fm. bílastæðis í góðu bílageymsluhúsi við Sólvallagötu. Afar vandaðar innréttingar. Flott útsýni af góðum svölum til vesturs. Eign fyrir vandláta. **V. 23,9 m.** 8347

Grenibyggð.
Glæsilegt 110 fm. parhús með góða staðsetningu við Grenibyggð. Flottur frágangur. 2 svefnherbergi. Arin í stofu. Vönduð gólfefni. Hiti í gólfum. Hátt til lofts. Innfelld ljós. Sólskáli. Eign fyrir vandláta. 8360

Álfkonuhvarf.
Mjög falleg og vel innréttur 88,2 fm. íbúð á jarðhæð auk 20 fm. stæðis í bílageymsluhúsi. Flottur timbur sólpallur með góðum skjólveggjum. Parket á gólfum. Getur losnað fljótlega. **V. 23,5 m**. 8314

Eign þýska sendiráðsins Laufásvegur 70 er til sölu.

Sendiráð
Sambandslýðveldisins Þýskalands
Reykjavík



Hér er um að ræða glæsilegt og vel skipulagt einbýlishús á góðum stað við Laufásveg. Húsið er talið um 420 fm og skiptist í tvær hæðir, kjallara og óinnréttað risloft. Á aðalhæð eru þrjár samliggjandi glæsilegar stofur, virðulegt hol, eldhús, forstofa og snyrting. Á annari hæð eru 4-5 herbergi og baðherbergi í kjallara eru góðar geymslur, stórt þvottahús og þurkherbergi, einnig eldhúsaðstaða, baðherbergi og stórt svefnherbergi. Bílskúr. Stór lóð til suðurs. Húsið var teiknað af Sigurði Guðmundssyni árið 1927 og olli það nokkrum tímamótum í byggingarsögu Reykjavíkur fyrir ýmsar nýjungar. Óskað er eftir staðgreiðslutilboðum í húsið. Lágmarkstilboð er kr. 100 millj. Tilboðum skal skila fyrir kl. 17:00, þann 9. maí 2011. Tilboðsskilmálar og allar nánari upplýsingar fást á skrifstofu Eignamiðlunar, sem annast söluna, í opnu húsi, og í Þýska sendiráðinu.

OPIÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL. 17:00 – 18:00

EIGNAMIÐLUN
Reykjavík

Sími 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, lögg. fasteignasali

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

Laugarásvegur einbýli m. aukaíbúð.

Sérlega glæsilegt og mikið endurnýjað 251,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á þessum eftirsótta stað. Sér íbúð er á jarðhæð. Sérstæður bílskúr m.kjallara. Húsið stendur innarlega á fallegri tæplega 1200 fm lóð fyrir ofan götu. Stórar svalir með útsýni yfir Laugardalinn og borgina. Innanhúsarkitekt hannaði eignina að innan í samráði við eigendur og var hvergi til sparað við efnisval og frágang. Sjón er sögu ríkari. **Verð kr. 85 millj. Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða s. 892 7798.**

Þingás einbýli.

Glæsilegt og íburðarmikið einbýlishús sem er hæð og ris ásamt bílskúr, alls 210 fm. Timburverönd er í fallegum og skjólsælum garði með heitum potti og garðhúsi sem ekki er skráð í fermetratölu hússins. Glæsilegt eldhús, 5 svefnh. o.fl.
Verð kr. 57,5 millj. Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða s. 892 7798.

Fyrir eldriborgara.

Dalbraut, 2ja herb. Íb. Kr. 18 millj.
Snorrabraut 2ja herb. Kr. 19,9 millj.
Hraunbær 2ja herb. Kr. 22,9 millj.
Kirkjulundur Garðabæ 2ja herb. Kr. 22,5 millj.
Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða s. 8927798.

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

Hamragarðar - Hávallagata - einstök eign

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sérlega glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara, teiknað af Guðjóni Samúelssyni, á mjög eftirsóttum stað. Húsið hefur nýverið verið mjög mikið endurnýjað á smekklegan og vandaðan hátt, m.a. innréttingar, gólfefni, lagnir, rafmagn og fleira. Lofthæð á aðalhæð er yfir 3 metrar. Skipting: 1. hæð: Forstofa, hol, stofa, borðstofa, húsbóndaherbergi, eldhús og gestawc. 2. hæð: Hol, 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi og fataherbergi. Í kjallara eru 3 herbergi, eldhús, baðherbergi, geymslur og fl. Húsið er í heild sinni 352,3 fm. Auk þess fylgir húsinu 27,0 fm bílskúr.
Óskað er eftir tilboðum í húsið. 6523

EIGNAMIÐLUN
Reykjavík

Sími 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, lögg. fasteignasali

Dómsdagur

Biblían tryggir það

21 Maí 2011

...hrópa til Guðs ákaflega

Jónas 3:8

FamilyRadio.com

Judgment Day

The Bible Guarantees It

21 May 2011

...Cry mightily unto God

Jonah 3:8

Time	Shortwave
06:00–07:45	7520 kHz
20:00–20:45	11750 kHz

FamilyRadio.com

krossgáta



LÁRÉTT
2. tímabils, **6.** skammstöfun, **8.** sægur, **9.** lítið býli, **11.** skammstöfun, **12.** langt op, **14.** fótmál, **16.** drykkur, **17.** fjallaskarð, **18.** spendýr, **20.** átt, **21.** bylgja.

LÓÐRÉTT
1. labbaði, **3.** ryk, **4.** örvandi efni, **5.** dýrahljóð, **7.** holdýr, **10.** hald, **13.** sarg, **15.** gan, **16.** samræða, **19.** hreyfing.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** vika, **6.** eh, **8.** mor, **9.** kot, **11.** fr, **12.** klauf, **14.** skref, **16.** te, **17.** gil, **18.** api, **20.** na, **21.** lida.
LÓÐRÉTT: **1.** gekk, **3.** im, **4.** koffein, **5.** urr, **7.** holsepi, **10.** tak, **13.** urg, **15.** fian, **16.** tal, **19.** id.

Blómin sem uxu inni í stofu

BAKÞANKAR Júlíu Margrétar Alexandersdóttur

Tölvuleikjakynslóðin er líklega með fyrirlitnustu kynslóðum síðari tíma (ef frá er talin klámkynslóðin en böðlar hennar virðast líka enn vera í undirbúningsvinnu hvernig leiða skuli hana á höggstokkinn). Litlu skítugu tölvuleikjabörnin með hrákadall á gólfinu eru hins vegar uppvaxin og orðin að stórum tölvuleikjabörnum því barnið í manni er einmitt það sem aldrei hverfur spili maður tölvuleiki.

ÞAÐ er svona á mörkunum að ég sé ekki utan lögsögu tölvuleikjakynslóðarinnar. Sumir telja að börnin þurfi að hafa verið vanin af bleiu fyrir framan tölvuskjáinn til að mega með réttu kalla sig hreinræktaða tegund en ég var orðin tíu ára þegar fyrsta Nintendo-sjónvarpsleikjatölvan var keypt en Rafbúð Sambandsins var með þeim fyrstu til að selja þær hérlendis.

HINS vegar lagði ég mig alla fram um að vinna upp glataðan tíma og sat því með yngra systkini og nágrannabörnum fyrir framan frá sólarupprás til næturfrétta. Heimilið fylltist nefnilega af börnum allt niður í fjögra ára þegar tryllitækið kom í hús, börnum sem sátu þétt í sófanum og skiptust á um að nota fjarstýringuna. Þau voru aldrei með hor, alltaf með nammi og máttu vera heima hjá okkur frá morgni til kvölds. Og ég frábið mér uppfræðslu 68-kynslóðarinnar að það hafi verið meira gefandi og gaman að byggja kofa í Vogahverfinu. Þið hafið ekki hugmynd um stuðið við að troða frostpinnaspýtum inn í vídeótæki.

ÉG hef séð þessi börn sem voru einu sinni alltaf í tölvunni úti í hinum stóra heimi í dag og þetta eru allt snillingar. Snillingar sem mætti henda út í völundarhús í aldingarði í Japan og þeir myndu spjara sig. Þessi undrabörn þurfa hins vegar æ ofan í æ að þola niðurlægjandi tal gamla liðsins sem er eins og fiskur á þurru landi ef strætó breytir tímatöflunni.

OG já, ég veit að þetta er ekki fallega sagt, en það er heldur ekki fallegt hvernig talað er niður til krakka í dag sem eru í tölvunni. Jú, þau kunna kannski ekki Eina krónu en þau eru oftar en ekki í skapandi og örvandi leikjum sem endar með því að þau fara að vinna hjá CCP og moka inn gjaldeyri.

ÚTILEIKJAKYNSLÓÐIN lætur stundum eins og það sé varla þess virði að ræða við blessuð börnin í tölvuspilunum. Heilagri en vígt vatn í Betlehem af því hún fór út að leika. Ég er hins vegar viss um að Kiddi og systkini hans fimm í Árbænum, sem áttu eina Nintendo-tölvu á kjaft, er fólkið sem mun bjarga okkur.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman


Lesendur okkar eru á öllum aldri

með ólíka sýn á lífið

– og við þjónum þeim öllum
FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA
Allt sem þú þarft

A4 skrifstofa og skóli • 3 málarar • 365 miðlar • A. Wendel • ABS fjölmiðlahús • Aðalstöðin BSH • Aðalvík • Allt fyrir garðinn • Alta • Alur, álvinnsla AMG Aukaraf • Apótek Vesturlands • Applicon • Armar • Artemes-Photos slf • Atlas • Augastaður • Auglýsingastofa Jónssons & Le'macks • Austfjarðaleið Austurfrakt • AX hugbúnaðarhús • AXFS • Á. Guðmundsson • Áberandi • Áhaldaleiga Austurlands • Áltak • Ásbjörn Ólafsson • Ásgeir Sigurðsson Ásinn • B & L • B. Markan pípulagnir • B. Ott. • B.M. Vallá • Bako Ísberg • Bakverk heildsala • Barki • Bergraf • Besta • Betri þrif • Bifreiðastöð ÞÞÞ Bindir og stál • Birta • Bisk-Verk • Bílabúð Benna • Bílaglerið • Bílalakk • Bílaleiga Flugleiða • Bílamálun Egilsstöðum • Bílasmiðurinn • Bílaverkstæði Hjalta Bílaverkstæði Högna • Bílskúrs- & iðnaðarhurðasalan • Bjarmar • Bjarnason • Blendi • Blikkhella • Blikksmiðja Guðm. J Hallgrímss. • Borgarplast • Borgartangi Bragasynir • Brautin • Brimborg • Bros auglýsingavörur • BS verktakar • Burstagerðin • Byko • Capacent • Code • Creditinfo/Fjölmiðlavaktin • Danco/Daníel Pétursson • Danfoss • Deloitte & Touche • DHL hraðflutningar • Dynjandi • EFLA verkfræðistofa • Eflir almannatengsl • Efnalaugin Glæsir • EG skrifstofuhúsgögn Eggert Kristjánsson • Eimskip Ísland • EJS • Ekran • Eldvarnarmiðstöðin • Eldvarnarþjónustan • Eldvörn • Elkem Ísland • Elvar Gottskálksson • Emmessís • Eng. Design • ENNEMM • Ensím • Enskuskólinn • Ernst & Young • ET • Expectus • Eyjalind • Eyrfeld • Fagval • Fastus • Faxaflóahafnir • Fálkinn • Fást • Ferðaskrifstofa Austurlands • Ferro Zink • FG veitingar • Filmus Productions • Firring • Fiskbúðin Sæbjörg • Fjarðanet • Fjarðarmálun • Fjarðarmót • Fjarðaþrif • Fjölsmiðjan Flugfélag Íslands • Flughótel Keflavík • Flúrlampar • Focal • Formatlausnir • Fossberg • Framtak-Blossi • Front • Frumherji • Frysti- og kæliþjónustan • FSV Ráðgjöf G. Skúlason vélaverkstæði • Gamla Kaupfélagið • Garðaholt 7 • Garri • Gasfélagið • Gámaþjónusta Austurlands • Gámaþjónusta Vesturlands • GB5 • Gestur og Ívar • Gísli Stefán Jónsson • Glerverksmiðjan Samverk • Glervík • Glófaxi • Grettir vatnskassar • Grófargil • Grænna land • GT Tækni • Guðmundur Arason Guðríður Guðmundsdóttir • Gunnar Eggertsson • Gúmmísteypa Þ. Lárusson • Hafnarbakki • Hagvangur • Hamar • Hampiðjan • Handrið og stigar Harðarbakarí • Hátækni • Heilbrigðisstofnun Austurlands • Heilsuvernd • Hekla • Hereford-Steikhús • Héðinn • Héðinn Schindler lyftur • Héraðsprent • HFG Hlaðbær Colas • Hnit • Hópbílar • Hótel Glymur • Hótel Hengill • Hótel Holt • Hótel Ísland-Park Inn Island • Hreinsitækni • Hreint • Hringrás endurvinnsla Hróar • HRV verkfræðistofa • Hugur/Ax • Húsasmiðjan • Húsið þitt • HVE Heilbrigðisstofnun Vesturlands • Hýsi - Verslun • Höldur Bílaleiga • IBT á Íslandi IceCom • Icelandair • Icelandair Cargo • Icelandair hotels • Iðnaðarlausnir • Iðnvélar • Innnes • Intellecta • Iso-tækni • ISS Ísland • Ísaga • Ísfell • Ísgló • Ískraft Íslandsbanki • Íslandspóstur Íslenska auglýsingastofan Íslenska gámafélagið • Íslenska járnblendifélagið • Íslenskir aðalverktakar • Ísloft blikk- og stálsmiðja • Íslyft • Ísmar • Ísold Ísól • Íssegl • Jákó/Ísaco vélar og efnavörur • Járn og blikk JGR umboðs- og heildverslun JOCO L.M. Jóhannsson • Johan Rönning • Jonni Run • Jón Egilsson • Jónar Transport JRJ verktakar • Juris • Jötunn vélar • K&S flutningur Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar • Kaupmaður Kemi • Kerfóðrun • Kia Motors Kistufell • Kjaran • Kjarnafæði Kjörís • Klafi • Klaki • Klettur sala og þjónusta • Klif • KOM Kone • KPMG endurskoðun Kraftvélar • Kriteria • Kríunes Kvistás • Kælismiðjan Frost Kælitækni • Kæliver Köfunarþjónustan Kökubankinn • Körfubílar Landsnet • Landtangi Landvélar • Launafl Leiðtogaþjálfun • LEX Léttitækni • Líf og sál • Límtré vírnet • Loft og raftæki Loftorka í Borgarnesi LOGOS lögmannsþjónusta Lostæti • Lostæti Austurland Lyf & heilsa • Lýsing Lögheimtan • Mannvit • Margt smátt • Mark Stofa • Markið Heiðrún • Mata • Matbær Hótel Hafnarfirði • Matfugl Matís • Málmsteypa Þorgríms Jónss. • Málmsteypan Hella • Málning • MHG verslun • Miðbæjarradíó • Miracle • Mjólkursamsalan • Model • Múlalundur • Múlaradio • Mörkin lögmannsstofa N1 • NATURALIS • Naust Marine • Nepal hugbúnaður • Nesafl • Nesradíó • Nesskip • Netspor • Neyðarlínan • Njáll SU 8 • Nor Con • Nortek • Nýherji Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn • Nýi ökuskólinn • Nýsköpunarmiðstöð Íslands • OBEX lausnir • Olíuverslun Íslands/Ellingsen • Omnis • Opin kerfi • Orkuverk Orkuvirki • Ó. Johnson & Kaaber • Ólafur Gíslason & Co • Ósal • Pappír • Partur spyrnan lyftarar • Par-X • Pasta • Penninn á Íslandi/Eymundsson Pípulagningaþjónustan • Plastco • Plastprent • PON Pétur O. Nikulásson • Poulsen • Pósturinn • Practical • Prentmet • Prentmet Vesturlands • Prentsmiðjan ODDI • PricewaterhouseCoopers • Progastro • ProNor • PS verktakar • Pyrotek á Íslandi • Rafgeymasalan • Rafhitun • Rafholt • Rafholt Austurland Rafiðnaðarskólinn • Rafleit • Rafmiðlun • Rafport • Rafstilling • Rafstjórn • Rafver • Rafvirki • Raf-x • Ratsjá • Red Food • Reginn A1 • Rekstrarvörur • Reyk- og eldþéttingar • Reykjafell • Reykjagarður • Reykjaneshöfn • Reykjavík Geothermal • RÍ Verslun • RJ verkfræðingar • RST net • Ræstivörur • Röst • S. Guðjónsson SAGAsystem • Saltkaup • Samey • Samhentir VGI • Samrás • Samskip • Samskipti • Sálfræðiþjón. Jóhanns Inga Gunnarssonar • Sáning • Securitas • Sensa • Sense Servida • SG Merking / Minni • SG Síur • Sigurjón Runólfsson • Sindri • Síld og fiskur • Síminn • Sjónglerið • Sjóvá-almennar tryggingar • Skagastál • Skagaverk Skeljungur • Skemmuvargur • Skerpa renniverkstæði • Skerping • Skessuhorn • Skiltaval • Skipavík • Skjal prófarka- og þýðingarþjónusta • Skóflan • Skræða Skútan veislusalir • Skyggnir • Skýrr • Slippfélagið • Smákranar • Smáralind • Smáraprent • Smith & Norland • Snókur verktakar • Sólning • SP-Fjármögnun Spölur • Stálhönnun • Stáliðjan • Stálsmiðjan • Steðji • Steinbock þjónustan • Steinull • Steypustöðin • Stilling (AJ vörur) • Stjörnublikk • Stóreldhús • Strikamerki Sturlaugur & Co • Suðulist • Suðulist-Reisir • Svansprent • Sveinbjörn Sigurðsson • Sælkeradreifing • Sæsteinn • Takk hreinlæti • Tandraberg • Tandur Tankahreinsun Magnúsar • Tanni ferðaþjónusta • TBL Arkitektar • Teiti • TGM ráðgjöf • TM Software • TNT hraðflutningar • Topp-útlit • Trefjar • Trésmiðjan Akur Trésmíðaverkstæði Aðalvík • Trévangur • Trico • Tryggingamiðstöðin • Túnfiskar • Tækniþjónusta Péturs Sigurðssonar • Tölvumiðlun • Tölvuþjónustan Securstore Vaktaskipan • Varma & vélaverk • Varmaverk • Vatnsveita Hafnarfjarðar • Vátryggingafélag Íslands • VB vörumeðhöndlun • Veisluhald • Veisluturninn BS turn Veitingahúsið Perlan • Verkfell • Verkfræðiskrifstofa Jóhanns in • Verkfræðistofan Afl og orka • Verkfræðistofan Vatnaskil • Verkfræðistofan Vista • Verkfærasalan Verkís • Verkvit • Verkvík-Sandtak • Vélaborg • Vélar & verkfæri • Vélaverk • Vélaverkstæði Akraness • Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar • Vélaverkstæði Kristjáns Vélaviðgerðir • Vélsmiðja Guðmundar • Vélsmiðja Ingvars Guðna • Vélsmiðja Orms & Víglundar • Vélsmiðja Ólafs Guðjónssonar • Vélvík • Viðhaldsstjórnun • Vigur Vinnuföt • Vífilfell • Vodafone Og Fjarskipti • VPA • VPS verkfræðiþjónusta • VSÓ Ráðgjöf • Vökvatæki • Vörukaup • Vörumerking • Würth á Íslandi • Yndisauki Zo-International • Þekkingarmiðlun • Þekkingarnet Austurlands • Þorgeir & Ellert • Þór • Þór Shipping • Þróttur • Þvottabjörn • Ölgerðin Egill Skallagrímsson • Öryggismiðstöðin

VIÐ KAUPUM ÁRLEGA ÞJÓNUSTU FRÁ UM

500

ÍSLENSKUM FYRIRTÆKJUM

Meira en 500 fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum sinna þjónustu við áliðnað á Íslandi. Á síðasta ári keyptu álverin vörur og þjónustu af íslenskum fyrirtækjum fyrir 24 milljarða króna. Heildarútgjöld áliðnaðar hér á landi námu á sama tíma um 80 milljörðum króna.

samál
SAMTÖK ÁLFRAMLEIÐENDA

Samál • Sími: 571 5300 • Fax: 571 5301 • www.samal.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-2080

SÍÐUSTU TÓNLEIKAR VETRARINS í tónleikaröðinni Te og tónlist verða haldnir á Bókasafni Seltjarnarness í kvöld kl. 17.30. Á tónleikunum verða flutt verk eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Flytjendur eru Selnes-tríó, en það skipa Auður Edda Erlendsdóttir klarinett,Stefanía Bergljót Stefánsdóttir víóla og Halldór Víkingsson píanó.

JÓN STEFÁNSSON Stjórnar kór Langholtskirkju.

Kór Langholtskirkju með tónleika

Verkið Te Deum fyrir kór, einsöngvara og kammersveit eftir Marc-Antonie Charpentier verður flutt á tónleikum kórs Langholtsskirkju næsta sunnudag, 8. maí, klukkan 20. Stjórnandi kórsins er Jón Stefánsson og einsöngvararnir þrettán koma allir úr röðum kórfélaga en flestir kórfélaganna hafa lokið eða stunda söngnám.

Te Deum er samið á síðari hluta 17. aldar og er fullt af gleði og birtu. Flestir þekkja upphaf verksins sem er prelúdía í rondóformi og er kynningarlag Evrópusöngvakeppninnar. Á sömu tónleikum verður frumflutt nýtt verk eftir Misti Þorkelsdóttur með styrk frá Musica nova. Verkið heitir In via aeterna eða Á hinum eilífa vegi.

Miðasala fer fram í Langholtskirkju og miðaverð er kr. 3.500 en 2.500 fyrir félaga í Listafélagi Langholtskirkju, nemendur og eldri borgara.

Ýkjur, dellur og merkjavörur

Leikhús ★★★★

Húsmóðirin

Vesturport

Leikarar: Björn Hlynur Haraldsson, Gísli Örn Garðarsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Jóhannes Niels Sigurðsson, Víkingur Kristjánsson. **Tónlist:** Pálmi Sigurhjartarson Leikmynd og búningar: Ilmur Stefánsdóttir **Lýsing:** Þórður Orri Pétursson **Hljóð:** Ólafur Thoroddsen **Frumsamin tónlist:** Pálmi Sigurhjartarson **Hljómsveit:** Benedikt Brynleifsson, Birgir Kárason, Pálmi Sigurhjartarson Hljóðblöndun og upptaka: Þröstur Jóhannsson

Leikritið Húsmóðirin var frumsýnt í sal Nýja sviðsins í Borgarleikhúsinu síðastliðinn miðvikudag. Þá gnauðuðu vindar og vorblærinn slóst við sjálfan sig meðan leikarahópur Vesturports bauð upp á ferðalag í miklum hita, ferðalag milli tímaskeiða í lífi þriggja kynslóða húsmæðra. Áhorfendur komu sér fyrir við lítil kaffihúsaborð og á sviðinu gaf að líta þrjár heimilismyndir allar merktar Bessastöðum, í höfuð forfeðurins Bessa. Á hverju þessara heimila búa hjón með dóttur tilheyrandi þrem kynslóðum úr sömu fjölskyldu. Hér var verið að leika sér með þær ýkjur sem þóttu hvað mest áberandi á hverjum tíma.

Vesturportsleikurum fatast ekki listin þó hér sé um léttmeti, hopp og hí að ræða. Á margan hátt var eins og verið væri að fletta Fálkanum og Vikunni og hlusta svolítið á Ríkisútvarpið inn á milli. Sá sem leiðir leikinn áfram er pínóleikarinn Pálmi Sigurhjartarson sem var hreint frábær, ekki aðeins andardráttur verksins heldur einnig lungu þess. Mamman í fína húsinu frá sjötta áratugnum með túperaða hárið eins og klippt út úr Axminster-teppaauglýsingu,

HÚSMÓÐIRIN „Vesturportsleikurum fatast ekki listin þó hér sé um léttmeti, hopp og hí að ræða," segir í leikdómi.

hundleið á sínum karli. Pabbinn eins og blanda milli Peters Sellers og pabba Denna dæmalausa. Nína Dögg Filippusdóttir lék öll hlutverk mæðranna og stekkur fimlega milli tímaskeiða. Það er erfitt að gera upp á milli hvar hún botnaði best enda gervin góð og naut hún sín til fulls og var á köflum sprenghlægileg. En það var einmitt markmiðið að fá fólk til að hlæja þótt margur væri broddurinn og hann oft beittur. Fólk hló vegna þess að það þekkti sínar eigin og forfeðranna dellur. Golf, sílíkon, skiptinemi, þríhyrningur, Eldhúsmellur, súludans og söngvakeppni, allt það sem heltekið hefur landann í dægurmálum fékk sinn sess.

Hugmyndirnar voru ýktar og fyndnar og þrátt fyrir að liðin séu allmörg ár þekktu allir Baldur og Konna í gervi Guðna og Tómasar og lá við að sumir í salnum köfnuðu úr hlátri yfir aulafyndni þeirra. Karlmenn hópsins brugðu sér í kvenmannsgervi án þess að verið væri að ganga alla leið í einhverju draggi. Þeir léku eins og maður getur ímyndað sér að gömlu bresku leikararnir hafi gert þar sem ungir piltar urðu að leika smástúlkur en hér var ekkert gert til að fela að um pilta væri að ræða. Víkingur Kristjánsson í hlutverki stúlkubarnsins sem vill ný brjóst í fermingargjöf var frábær. Það gerðust nokkur atvik sem greinilega ekki var reiknað með og áttu leikarar sjálfir því stundum svolítið bágt með að halda sér frá því að springa, en samspil salarins og hópsins var svo gott að slík smáatriði trufluðu engan.

Þeir Gísli Örn Garðarsson og Björn Hlynur Haraldsson, voru vægast sagt skrautlegir sem parið Arna og Aron sem birtist skyndilega inni í lífi hjónanna Guðnýjar og Klemens og rugla svolítið þeirra ofurvenjulegu tilveru. Dansatriði hátt uppi á mæni og niðri á súluprýddum grasigrónum gangi voru frábær einkum þegar Björn Hlynur renndi sér ísmeygilega syngjandi með skökk gleraugu í anda Cary Grant.

Guðrún er gamla frænkan sem fylgir kynslóðunum og sýnir sig svo að hafa verið viðhald afans allan tímann. Sú hin skakkmynnta mær sem alltaf er að kvarta yfir hávaða mismunandi kynslóða er líka svolítið lím í verkinu. Jóhannes Níels Sigurðsson lék dömuna þá, auk þess sem hann brá sér í hlutverk Aladdíns sem kom með indverskan mat í furðuboðið. Hann náði mjög góðum tökum á því að kreista hlátur úr áhorfendum. Gísli Örn, sem hippapabbinn, sjóarinn sem var sífullur í landi, var einnig mjög trúverðugur í samhenginu og hreyfimynstur þeirra allra vel tengd við tímaskeiðin.

Eina sem var svolítið þreytandi var ameríska kerlingin, en því var bjargað með því að hún var drepin fyrir allra augum.

Búningar Ilmar Stefánsdóttur, einkum hippafrúardressið tímasetti leikinn vel.Ólafur Thoroddsen sér um hljóðið sem skiptir öllu máli ásamt lýsingunni sem var í höndum Þórðar Orra Péturssonar og var skemmtileg.

Elísabet Brekkan

Niðurstaða: Skemmtileg og heit sýning í vorkuldanum.

VERÐLAUNIN AFHENT Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti Erlingi E. Halldórssyni þýðingarverðlaunin.

Verðlaunaður fyrir Dante-þýðingu

Erlingur E. Halldórsson hlaut Íslensku þýðingaverðlaunin sem afhent voru við hátíðlega athöfn á Gljúfrasteini á laugardag. Verðlaunin hlaut hann fyrir þýðingu sína á Gleðileiknum guðdómlega eftir Dante Alighieri. Erlingur E. Halldórsson fékkst fyrr á árum einkum við leikstjórn og leikritagerð en hefur í seinni tíð snúið sér æ meir að þýðingum sígildra meistaraverka frá fornöld og síðmiðöldum og sent frá sér þýðingar á verkum eftir höfunda á borð við Rabelais, Petrónius, Apúleius, Boccaccio og Chaucer. Fyrir þýðingu sína á Gargantúa og Pantagrúl eftir Rabelais hlaut hann heiðursverðlaun Frönsku akademíunnar árið 1993.

Gleðileikurinn guðdómlegi leiðir lesandann inn í hugarheim miðalda og lýsir leiðsluferð skáldsins um handanheima þar sem birtast ýmis stig mannlegrar reynslu, allt neðan frá dýpsta víti illsku og kvala til uppheima ljóss og sælu. Á frummálinu er Gleðileikurinn kveðinn undir svonefndum tersínahætti með þríteknu rími, sem knýr frásögnina áfram, en Erlingur þýðir verkið yfir á lausamál sem nær „á sinn hátt með kjarnmiklu, en stundum nokkuð sérviskulegu orðfæri að gera ferðalýsinguna ljóslifandi, jafnt innra sem ytra, og miðla lesanda af þeirri óvenjulegu reynslu sem þar er lýst," eins og segir í fréttatilkynningu.

Dómnefnd um Íslensku þýðingaverðlaunin 2011 skipa þau Kristján Árnason formaður, Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir og Steinunn Inga Óttarsdóttir

Fjórir aðrir þýðendur voru tilnefndir til verðlaunanna að þessu sinni: Atli Magnússon var tilnefndur fyrir Silas Marner eftir George Eliot, Njörður P. Njarðvík fyrir Vetrarbraut eftir Kjell Espmark, Óskar Árni Óskarsson fyrir Kaffihús tregans eftir Carson McCullers, og Þórarinn Eldjárn fyrir Lé konung eftir William Shakespeare

Verðlaununum fylgja 400.000 kr. sem Rithöfundasamband Íslands og Félag íslenskra bókaútgefenda leggja til.

máltíð mánaðarins á kfc

Zinger®

TWISTER®

899 kr.

svooogott™

0gr. trans-fita

www.kfc.is

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

PIPAR\TBWA • SÍA • 111001

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
THOR 5, 7.30 og 10 POWER
RIO - ÍSL TAL 3D 6
YOUR HIGHNESS 8 og 10
HOPP - ÍSL TAL 6
KURTEIST FÓLK 8
NO STRINGS ATTACHED 10

NÚMERUÐ SÆTI
Í SAMBÍÓIN KRINGLUNNI www.SAMbio.is

SAMBÍÓIN
POWERSÝNING 10.30 Í ÁLFABAKKA
MATTHEW McCONAUGHEY
THE LINCOLN LAWYER
HÖRKUSPENNANDI PRILLER MEÐ MATTHEW MCCONAUGHEY, WILLIAM H. MACY, MARISA TOMEI OG RYAN PHILLIPE
RUSSELL BRAND HELEN MIRREN GRETA GERWIG JENNIFER GARNER
arthur
DREKA BANSI
SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI

ÁLFABAKKA
THOR kl. 5:30 - 8 - 10:30 POWERSÝNING 12
ARTHUR kl. 5:40 - 8 - 10:20 7
ARTHUR Luxus VIP kl. 5:40 - 8 - 10:30 VIP
DREKABANAR M/ísl. Tali kl. 6 L
CHALET GIRL kl. 5:50 - 8 - 10:20 L
SOURCE CODE kl. 8 - 10:30 12
SUCKER PUNCH kl. 5:50 12
UNKNOWN kl. 8 - 10:30 16

AKUREYRI
THE LINCOLN LAWYER kl. 8 - 10:20 12
ARTHUR kl. 8 - 10:20 7

SELFOSS
THOR kl. 8 - 10:30 12
THE ADJUSTMENT BUREAU kl. 8 10
SOURCE CODE kl. 10:30 12

EGILSHÖLL
THOR 3D kl. 5.20 - 8 - 10.40 12
LINCOLN LAWYER kl. 5.20 - 8 - 10.40 12
ARTHUR kl. 8 - 10.30 7
RIO 3D M/ísl. Tali kl. 5.30 L
SOURCE CODE kl. 5.40 12
CHALET GIRL kl. 8 L
RED RIDING HOOD kl. 10.20 12

KRINGLUNNI
THE LINCOLN LAWYER kl. 5:30 - 8 - 10:30 12
ARTHUR kl. 8 - 10:20 7
RED RIDING HOOD kl. 8 - 10:20 12
DREKABANAR M/ísl. Tali kl. 6 L
BARNEY'S VERSION kl. 5:30 L

Tryggðu þér miða á
www.SAMbio.is

Tarantino klár í nýja mynd

Quentin Tarantino hefur lokið við að skrifa handrit að næstu kvikmynd sinni. Myndin hefur fengið nafnið Django Unchained.

NÚ ERU ÞAÐ SUÐURRÍKIN Quentin Tarantino hefur lokið við að skrifa handrit að næstu mynd sinni. Myndin verður „suðri" og kallast Django Unchained.

NORDICPHOTOS/GETTY

Aðdáendur kvikmyndaleikstjórans Quentin Tarantinos geta farið að hlakka til næstu myndar hans. Skömmu fyrir helgi lauk hann við að skrifa handrit að kvikmyndinni sem kallast Django Unchained. Myndin verður „suðri", útgáfa Tarantinos af vestra.

Fjölmargar kvikmyndavefsíður og fjölmiðlar hafa greint frá væntanlegri mynd Íslandsvinarins góðkunna en nokkuð er þó enn í að myndin komi í kvikmyndahús. Nú taka framleiðendur við keflinu áður en leikstjórinn getur hafið tökur. Talið er líklegt að þetta verði enn ein myndin sem Tarantino gerir til heiðurs kvikmyndaformi að hans skapi, rétt eins og Kill Bill heiðraði vestra, bardagalista- og hefndarmyndir og Inglourious Basterds var til heiðurs stríðsmyndum. Titillinn sjálfur vísar til spagettívestrans Django sem Sergio Corbucci gerði árið 1966.

Myndin mun gerast í Suðurríkjum Bandaríkjanna og fjallar um frelsaðan þræl, Django, (sem skýrir nafnið Unchained) sem í félagi við þýskan mannaveiðara ræðst gegn þrælahöldurum. Talið er líklegt að hinn stórgóði Christopher Waltz, sem sló í gegn í Inglourious Basterds, muni leika mannaveiðarann. Eins og Tarantino er von og vísa verður myndin mjög ofbeldisfull.

hdm@frettabladid.is

Fannst hún aldrei feit

Söng- og leikkonan Jennifer Hudson grenntist talsvert eftir fæðingu dóttur sinnar. Nýverið viðurkenndi hún að hún þekkti varla sjálfa sig þegar hún sér gamlar ljósmyndir af sér.

„Nýlega sá ég gamlar ljósmyndir af mér og ég varð hissa. Ég þekkti sjálfa mig, en samt ekki. Mér fannst þetta vera allt önnur kona," sagði Hudson, sem kveðst þó aldrei hafa talið sjálfa sig feita. „Mér fannst ég aldrei feit. Mér fannst ég nokkuð eðlileg. Allar stúlkurnar í Chicago litu eins út og ég þannig að þetta var aldrei vandamál."

HISSA Söngkonan Jennifer Hudson segist varla þekkja sjálfa sig á gömlum ljósmyndum. Líkt og sjá má hefur hún grennst töluvert.

NORDICPHOTOS/GETTY

Í fötum af dóttur sinni

Steven Tyler, dómari í American Idol og söngvari Aerosmith, er óhræddur við að klæðast fötum af dóttur sinni, leikkonunni Liv Tyler. „Pabbi klæðist kvenmannsfötum. Það er ótrúlega fyndið," sagði Liv. „Stundum sé ég hann og hugsa: „En falleg skyrta – vegna þess að hún er úr fataskápnum mínum." Hún er engu að síður ánægð með pabba gamla. „Mér finnst hann mjög myndarlegur og ég er stolt af honum. Ég skil hann mjög vel og veit hvernig hann hugsar."

Í KVENMANNSFÖTUM Steven Tyler klæðist fötum af dóttur sinni Liv.

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
KOMIN GÆÐI!
HÆVNEN IN A BETTER WORLD SUSANNE BIER
ÓSKARSVERÐLAUN GOLDEN GLOBE
LÚXUS midi.is
græna ljósið midi.is
SCREAM 4 midi.is
MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 3-D
HANNA midi.is

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIDI.IS
THOR 3D KL. 5.30 - 8 - 10.30 12
THOR 3D Í LÚXUS KL. 5.30 - 8 - 10.30 12
SCREAM 4 KL. 5.40 - 8 - 10.20 16
HANNA KL. 8 - 10.25 16
RIO 3D ÍSLENSKT TAL KL. 3.30 - 5.45 L
RIO 2D ÍSLENSKT TAL KL. 3.30 - 5.45 L
RIO 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ KL. 3.30 L
YOUR HIGHNESS KL. 8 16
HOPP ÍSLENSKT TAL KL. 3.30 L
LIMITLESS KL. 10.20 14

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS 5%
HÆVNEN KL. 5.25 – 8 – 10.35 12
THOR 3D KL. 6 - 9 12
HANNA KL. 8 - 10.20 16
KURTEIST FÓLK KL. 5.45 L
RIO 3D ÍSLENSKT TAL KL. 5.50 L
OKKAR EIGIN OSLÓ KL. 8 - 10.10 L

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS
THOR 3D KL. 8 - 10.15* KRAFTSÝNING 16
SEASON OF THE WITCH KL. 8 16
HANNA KL. 10 16
RIO 3D ÍSLENSKT TAL KL. 6 L
HOPP ÍSLENSKT TAL KL. 6 L

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

LYFJA – Lifið heil
www.lyfja.is
+15% afsláttur í maí á öllum stærðum af Nicotinell IceMint
Dæmi: 2 mg, 204 stk. með afslætti 5.516 kr.
Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA SÍA IS LYF 54667 04/11

BÍÓ PARADÍS BAR & CAFÉ
MÁNUDAGUR

BOY	18:00, 20:00, 22:00
A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP	18:00, 20:00, 22:00
BLUE VALENTINE	17:50, 20:00, 22:10
FOUR LIONS	18:00, 20:00, 22:00

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

Sumarið er komið í umferð

Sumardekkin færðu hjá okkur!

Nú getur þú fengið öll dekk hjá okkur á vaxtalausum lánum frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði

Japönsk hágæðadekk

TOYO TIRES

Vönduð dekk á frábæru verði

accelera

Áratuga reynsla á Íslandi

BFGoodrich Tires

Smurþjónusta

Það er ekki sama hvaða olía er notuð á bílinn þinn. Bílvélar eru jafn mismunandi og þær eru margar og því mikilvægt að rétt olía sé notuð.

Rétt smurolía verndar vélina og fyrirbyggir kostnaðarsamt viðhald.

Smurolíurnar frá Shell uppfylla hæstu gæðastaðla.

Shell HELIX Smurolía

SMURÞJÓNUSTA

Þjónustumiðstöðvar

Dekk, smurþjónusta og smáviðgerðir, allt á sama stað. Rafgeymar, þurrkublöð og perur.

Tangarhöfði 8 - Sími 590 2000

Fiskislóð 30 - Sími 561 4110

Njarðarbraut 9 - Sími 420 3333

Reykjavík NESDEKK Reykjanesbæ

Bílabúð Benna

Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - Reykjavík - S: 590 2000 - www.benni.is

Nesdekk - Fiskislóð 30 - Reykjavík - S: 561 4110 / Nesdekk - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - S: 420 3333

SUNDSVALL DRAGONS tapaði í gær, 75-87, í fimmta úrslitaleik gegn Norrköping Dolphins um sænska meistaratitilinn í körfubolta. Leikið var á heimavelli Sundsvall. Norrköping er því komið í 3-2 í einvígi liðanna og getur tryggt sér titilinn á morgun. Hlynur Bæringsson skoraði 17 stig fyrir Sundsvall í leiknum og Jakob Örn Sigurðarson bætti 16 við.

ÚRSLIT

N1-deild karla:

Akureyri-FH 23-22 (12-13)

Mörk Akureyrar (skot): Heimir Örn Árnason 7 (9), Bjarni Fritzson 4 (6), Oddur Gretarsson 4/2 (9), Halldór Logi Árnason 3 (3), Daníel Einarsson 2 (2), Guðlaugur Arnarsson 1 (1), Hreinn Þór Hauksson 1 (1), Hörður Fannar Sigþórsson 1 (2), Bergvin Gíslason 0 (2), Guðmundur Hólmar Helgason 0 (6).

Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 24/1 (44) 55%, Stefán Guðnason 0 (2) 0%.

Hraðaupphlaup: 4 (Guðlaugur, Hreinn, Bjarni, Heimir).

Fiskuð víti: 2 (Oddur 2).

Utan vallar: 8 mínútur.

Mörk FH (skot): Ásbjörn Friðriksson 8/5 (15/6), Ólafur Guðmundsson 6 (17), Ólafur Gústafsson 5 (8), Atli Rúnar Steinþórsson 2 (5), Örn Ingi Bjarkason 1 (4), Ari Þorgeirsson 0 (1), Baldvin Þorsteinsson 0 (4).

Varin skot: Daníel Andrésson 5 (10) 33%), Pálmar Pétursson 7 (0) 35%

Hraðaupphlaup: 3 (Ásbjörn 2, Ólafur Guðmundsson).

Fiskuð víti: 6 (Örn 2, Ólafur Guðmundsson, Ólafur Gústafsson, Baldvin, Atli).

Utan vallar: 2 mínútur.

Dómarar: Ingvar Guðjónsson og Ingvar Elíasson. Fínir.

SNJÓR Svona var ástandið á Kópavogsvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HBG

Opnunarleik frestað:

Mótið byrjar í Eyjum

FÓTBOLTI Fresta varð opnunarleik Pepsi-deildar karla í gær. Sá leikur átti að vera á milli Íslandsmeistara Breiðabliks og KR. Kópavogsvöllur var á kafi í snjó og langt frá því að vera leikfær. Leikurinn mun fara fram annað kvöld.

Opnunarleikur Íslandsmótsins í ár verður því viðureign ÍBV og Fram sem hefst klukkan 18.00 í kvöld. Þrír aðrir leikir eru áætlaðir klukkan 19.15 í kvöld.

Víkingur fór fram á frestun á leik sínum gegn Þór og reynt verður að spila þann leik á morgun. Víkingsvöllurinn var ekki í góðu standi fyrir snjókomuna og er ekki tilbúinn í dag. Hvort hann verður tilbúinn á morgun mun koma í ljós síðar. Ef ekki er mögulegt að leiknum verði frestað fram í júní.

Þá er gert hlé á deildinni vegna þátttöku U-21 árs liðsins á EM. Þar sem hvorki Víkingur né Þór mun eiga mann í íslenska hópnum verður hægt að nota þann glugga til þess að spila leikinn.

Valsmenn segjast vera klárir í að spila gegn FH svo lengi sem snjórinn fari af vellinum. Samkvæmt veðurspám á það að ganga eftir. Völlur Valsmanna er með upphitun og því í betra standi en Víkingsvöllurinn.

Nettóvöllurinn í Keflavík er í góðu standi enda enginn snjór þar. Sömu sögu er að segja af Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum. Ekki þarf svo að hafa áhyggjur af aðstæðum í leik Fylkis og Grindavíkur enda fer hann fram innan dyra í Kórnum. - hbg

Við vitum vel að þetta er hægt

Akureyri beit frá sér í einvíginu um Íslandsmeistaratitilinn í gær og lagði FH á Akureyri. Enn og aftur var leikur liðanna jafn og æsispennandi. Úrslit réðust ekki fyrr en í blálokin. Sveinbjörn Pétursson, markvörður Akureyrar, steig upp í gær og gerði gæfumuninn fyrir heimamenn með virkilega góðri markvörslu.

HANDBOLTI Það er líf í Norðlendingum. Eftir tvo tapleiki náðu deildarmeistararnir loksins að vinna leik í einvíginu við FH um Íslandsmeistaratitilinn. Staðan er 2-1 eftir 23-22 sigur Akureyrar en næst er leikið í Krikanum á miðvikudaginn.

Það var meiri barátta í Akureyringum framan af en eftir að Heimir Örn hafði skorað tvö fyrstu mörkin var jafnt á nánast öllum tölum í fyrri hálfleik. FH var skrefinu á undan og leikurinn ágætlega spilaður. Akureyringar skutu þó oft illa í sókninni en Sveinbjörn var vel vakandi í rammanum.

Staðan í hálfleik var 12-13 fyrir FH.

Um miðjan síðari hálfleik var staðan 16-16 en þá skoraði Akureyri þrjú mörk í röð. Barátta, spenna og kaflaskipti hafa einkennt alla þrjá leikina til þessa og í gær var engin breyting þar á. FH jafnaði leikinn í 19-19 en Akureyri skoraði svo næstu þrjú mörk.

FH fékk tækifæri til að jafna í síðustu sókninni þegar sjö sekúndur voru eftir, en ólíkt leikkerfinu á lokasekúndunum í fyrsta leiknum sem afgreiddi Akureyri, misheppnaðist sending Hafnfirðinga og Akureyri hrósaði sigri.

Sveinbjörn varði frábærlega í marki Akureyrar, alls 24 skot og skaraði fram úr ásamt Heimi. Miklu munaði um að Guðmundur Hólmar náði sér ekki á strik. Mikið hefur verið rætt um breiddina í liði Akureyrar, margir telja hana of litla, en Atli Hilmarsson gefur því langt nef. Maður eins og Halldór Logi Árnason hafi komið inn og staðið sig vel, Halldór skoraði þrjú mikilvæg mörk í gær úr þremur skotum.

Hjá FH voru þrír menn sem skoruðu 19 af 22 mörkum. Ásbjörn og Ólafur Guðmundsson skoruðu samtals 14 mörk en þeir skutu líka 32 sinnum að markinu. Markvarsla liðsins var svo alls ekki nógu góð.

EKKERT GEFIÐ FH fékk að hafa fyrir hlutunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SÆVAR

GLEÐI Á AKUREYRI Guðmundur Hólmar Helgason og félagar í liði Akureyrar fögnuðu sigrinum í gær vel og innilega. Þeir eru enn á lífi í einvíginu. Á neðri myndinni stjakar Ásbjörn Friðriksson við Bjarna Fritzsyni. FRÉTTABLAÐIÐ/SÆVAR

Atli náði þeim magnaða árangri árið 2002 að stýra KA til Íslandsmeistaratitilsins eftir að hafa lent 2-0 undir í einvígi, þá við Val. Hann segir að samanburður við slíkt sé afstæður en hann sér ýmislegt sameiginlegt með því einvígi og nú.

„Til dæmis er stígandi í okkar leik, við vorum betri í þessum leik en þeim fyrsta, sem er jákvætt. Við vorum alveg ákveðnir í því að láta þá ekki lyfta bikarnum hérna, ég lenti í því með KA gegn Haukum einu sinni og það var ömurlegt. En eins og 2002 þá vitum við að þetta er hægt, við getum orðið meistarar, og það er hugarfarið sem við tókum inn í leikinn,“sagði Atli.

„Það er enn líf í okkur. Þetta var þvílík barátta og jafn leikur, eins og hinir tveir. Vörnin okkar var betri í seinni hálfleik, þá gekk betur að ganga út í þá og brjóta á þeim, en Sveinbjörn var alveg frábær líka,“ sagði Atli. - hþh

FH-ingar lentu á vegg á Akureyri í gær og voru í miklum vandræðum með markvörð Akureyrarliðsins:

Sveinbjörn múraði upp í markið hjá sér

HANDBOLTI Sveinbjörn Pétursson varði alls 24 skot gegn FH og sýndi sinn besta leik í úrslitaeinvíginu til þessa. Það munaði um minna, hann sá til þess að FH-ingar fóru tómhentir heim.

„Við fórum illa með dauðafærin í leiknum, Sveinbjörn varði mjög vel. Við þurfum að nýta færin betur,“ sagði Kristján Arason, þjálfari FH, í leikslok.

„Mér fannst þetta vera besti leikurinn af þessum þremur. Við hefðum samt sem áður þurft að stýra leiknum betur. Við tókum mikið af ótímabærum skotum og við þurfum að nýta færin miklu betur. En með sömu spilamennsku vinnum við þá á miðvikudaginn,“ sagði Kristján sem vill sjá þrjú þúsund manns á leiknum í Kaplakrika.

Ólafur Gústafsson var öflugur í leiknum en hann skoraði fimm mörk. „Við gáfum þeim of auðveld mörk, við skoruðum of lítið úr uppstilltum færum. Þetta eru smáatriði sem þarf að laga,“ sagði Ólafur. „Sveinbjörn varði líka vel, en það er engin endastöð, við máttum búast við þessu.“

Hann býst við sömu spennu í næsta leik líka. „Þetta ræðst aldrei fyrr en á síðustu mínútunum, þannig á það líka bara að vera. Það er engin sjáanleg breyta á liðunum, þetta verður hörkuleikur á miðvikudaginn þar sem við ætlum að lyfta bikarnum,“ sagði Ólafur Gústafsson.

FRÁBÆR Sveinbjörn Pétursson datt í gírinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

PIPAR\TBWA-SÍA

Spennandi húsnæði til sölu eða leigu

Rými fyrir stórar hugmyndir!

Atlantic Studios

Atlantic Studios er 4.730 m² kvikmyndaver í flugskýli sem þjónaði áður Bandaríkjaher. Kvikmyndaverið er hið stærsta á Íslandi, með 2.700 m² aðalsviði (e. soundstage) þar sem lofthæð er 9 metrar. Einnig er þjónustuaðstaða með búningsherbergjum, skrifstofum og kaffistofu. Kvikmyndin Reykjavík Whale Watching Massacre var meðal annars tekin upp í verinu.

Andrews-leikhúsið

Hið sögufræga Andrews-leikhús er til sölu eða leigu. Húsið var áður kvikmyndasýningar-salur Nató, en byggingin var endurnýjuð árið 2010. Salurinn tekur 499 í sæti og sviðið er 100 m². Myndvarpi, tjald og gott hljóðkerfi er til staðar fyrir fyrirlestra. Húsnæðið hentar undir leik- eða kvikmyndasýningar, tónleika eða ráðstefnur.

Banki

Húsnæðið er 292 m² og hýsti áður banka. Húsið er steinsteypt á tveimur hæðum og var byggt árið 1956. Gengið er inn á fyrstu hæð í afgreiðslu með afgreiðsluborðum. Á fyrstu hæð eru einnig tvær skrifstofur, baðherbergi og peningaskápur. Á efri hæð eru sjö skrifstofur af ýmsum stærðum ásamt baðherbergi. Húsnæðið hentar vel undir skrifstofur, verslun eða aðra þjónustu.

Skotheld bygging

Húsnæðið hýsti áður samskiptamiðstöð Bandaríkjahers. Það var byggt árið 1997 og er tæplega 1.700 m². Húsið er ákaflega rammbyggt, hefur eins metra þykka steypuveggi og stálhurðir sem hannaðar eru til að standast loftárásir. Lóðin er afgirt og slökkvistöð í næsta nágrenni. Húsið hentar því vel sem geymsla fyrir mikilvæg verðmæti, hvort sem þau eru stafræn eða áþreifanleg.

ÁSBRÚ

Samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs

Ásbrú er spennandi svæði þar sem fyrrum herstöð er umbreytt í samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs. Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.



Þetta er einungis sýnishorn af þeim eignum sem eru til sölu eða leigu á svæðinu. Nánari upplýsingar um eignir á www.asbru.is/fasteignir.

Kadeco®

Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is

Úrslitaleikur á Old Trafford

Man. Utd og Chelsea spila nánast hreinan úrslitaleik um enska meistaratitilinn í Manchester um næstu helgi. Það féll allt með Chelsea um helgina. Man. Utd tapaði á meðan Chelsea lagði Tottenham með tveimur umdeildum mörkum.

FÓTBOLTI Arsenal hleypti miklu lífi í toppbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar í gær er það lagði Man. Utd að velli, 1-0, á Emirates-vellinum. Því miður kemur þessi sigur væntanlega of seint fyrir Arsenal en leikmenn Chelsea fögnuðu úrslitunum enda er Chelsea aðeins þrem stigum á eftir Man. Utd núna.

Chelsea sækir síðan Man. Utd heim næsta sunnudag. Vinni Chelsea-leikinn kemst það í toppsæti deildarinnar en vinni United er það komið langleiðina með að vinna sinn nítjánda meistaratitil.

Það var Aaron Ramsey sem skoraði eina mark leiksins á Emirates í gær. Nokkuð sanngjörn úrslit enda Arsenal ívið sterkari aðilinn. Arsenal hefði líka átt að fá víti í fyrri hálfleik er Nemanja Vidic handlék boltann innan teigs en hann slapp með skrekkinn. Það gerði Arsenal líka undir lok leiksins þegar virtist vera brotið á Michael Owen innan teigs.

„Þetta er of stór leikur til þess að klikka á svona atriðum," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, fúll en hann vildi fá víti. „Vissulega jafnaðist þetta út þar sem þeir áttu að fá víti. Nú á Chelsea góðan möguleika og það gerist þegar svona mistök eiga sér stað. Við verðum samt tilbúnir í slaginn gegn þeim um næstu helgi."

MARKIÐ SEM GLADDI CHELSEA Aaron Ramsey skoraði eina markið gegn Man. Utd í gær. Stuðningsmenn Chelsea fögnuðu markinu ekki síður en stuðningsmenn Arsenal. Á minni myndinni má sjá óðan stuðningsmann Chelsea fagna með Frank Lampard en hann hljóp inn í völlinn til þess að fagna sigri.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Chelsea skoraði tvö umdeild mörk gegn Spurs. Fyrra markið, sem Frank Lampard skoraði, átti aldrei að standa þar sem boltinn fór ekki inn fyrir línuna. Það viðurkenndu allir eftir leik en Lampard sagðist hafa átt það inni að skora slíkt mark eftir að það var tekið af honum mark á HM þar sem boltinn fór langt inn fyrir línuna. Síðara markið var rangstöðumark. Það fellur því allt með Chelsea þessa dagana.

„Við vorum heppnir. Við verðum að vera heiðarlegir og viðurkenna að mörkin voru ólögleg. Stundum falla hlutirnir með manni og stundum ekki. Þannig er boltinn," sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, en hann tók undir þá skoðun Harry Redknapp, stjóra Tottenham, að tími væri kominn á að nýta tæknina í boltanum. Þó svo þá hefði fyrra mark Chelsea aldrei verið látið standa.

henry@frettabladid.is

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

MAN. CITY - WEST HAM	2-1
1-0 Nigel de Jong (9.), 2-0 Lars Jacobsen, sjm (15.), 2-1 Demba Ba (32.)	
ARSENAL - MAN. UTD	1-0
1-0 Aaron Ramsey (55.)	
BIRMINGHAM - WOLVES	1-1
0-1 Steven Fletcher (6.), 1-1 Sebastian Larsson (26.).	
LIVERPOOL - NEWCASTLE UNITED	3-0
1-0 Maxi Rodriguez (9.), 2-0 Dirk Kuyt (58.), 3-0 Luis Suarez (64.)	
BLACKBURN - BOLTON	1-0
1-0 Martin Olsson (19.).	
CHELSEA - TOTTENHAM HOTSPUR	2-1
0-1 Sandro (18.), 1-1 Frank Lampard (44.), 2-1 Salomon Kalou (88.).	
SUNDERLAND - FULHAM	0-3
0-1 Gael Kakuta (32.), 0-2 Simon Davies (60.), 0-3 Simon Davies (72.).	
WEST BROMWICH ALBION - ASTON VILLA	2-1
1-1 Peter Odemwingie (59.), 2-1 Youssuf Mulumbu (83.).	
WIGAN ATHLETIC - EVERTON	1-1
1-0 Charles N'Zogbia (20.), 1-1 Leighton Baines (77.)	

STAÐAN:

Man. United	**35**	**21**	**10**	**4**	**71-33**	**73**
Chelsea	35	21	7	7	66-28	70
Arsenal	**35**	**19**	**10**	**6**	**68-36**	**67**
Man. City	34	18	8	8	53-31	62
Liverpool	**35**	**16**	**7**	**12**	**54-39**	**55**
Tottenham	34	14	13	7	50-43	55
Everton	**35**	**11**	**15**	**9**	**48-43**	**48**
Bolton	35	12	10	13	48-48	46
Fulham	**35**	**10**	**15**	**10**	**43-36**	**45**
Stoke City	35	12	7	16	43-43	43
WBA	**35**	**11**	**10**	**14**	**51-65**	**43**
Newcastle	35	10	11	14	49-51	41
Aston Villa	**35**	**10**	**11**	**14**	**44-57**	**41**
Sunderland	35	10	11	14	39-52	41
Birmingham	**35**	**8**	**15**	**12**	**35-52**	**39**
Blackburn	35	10	8	17	41-55	38
Blackpool	**35**	**9**	**8**	**18**	**48-70**	**35**
Wigan Athletic	35	7	14	14	35-58	35
Wolves	**35**	**9**	**7**	**19**	**38-61**	**34**
West Ham	35	7	11	17	40-63	32

Löwen í undanúrslit eftir ótrúlegan síðari hálfleik:

Þessi leikur á eftir að fara í sögubækurnar

HANDBOLTI „Þetta var alveg rosalegt dæmi. Hreint út sagt svakalegur leikur. Þessi leikur á eftir að fara í sögubækurnar," sagði kátur þjálfari Rhein-Neckar Löwen, Guðmundur Guðmundsson, við Fréttablaðið en hans lið komst í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu eftir ótrúlegan sigur, 26-35, gegn franska liðinu Montpellier.

Montpellier vann fyrri leikinn í Þýskalandi með tveggja marka mun og leiddi í hálfleik í seinni leiknum, 17-15. Síðari hálfleikur hjá Löwen var síðan hreint út sagt ótrúlegur því liðið vann hann 20-9.

„Við vorum ekki nógu góðir í fyrri leiknum og mér fannst við eiga mikið inni. Ég hafði ekki miklar áhyggjur í hálfleik því ég hafði alltaf á tilfinningunni að þetta myndi koma hjá okkur og við keyra yfir þá. Vörnin var frábær í síðari hálfleik þar sem Guðjón Valur var í lykilhlutverki sem framliggjandi maður í 5-1 vörn. Það er svakalegt að fá bara 9 mörk á sig í síðari hálfleik gegn svona sterku liði á útivelli," sagði Guðmundur en það sauð upp úr í húsinu þegar reynt var að taka hljóðnemann af vallarþulnum sem var að tala í tíma og ótíma.

Önnur lið sem komust í undanúrslit eru Ciudad Real, Hamburg og Barcelona.

Kiel, lið Alfreðs Gíslasonar og Arons Pálmarssonar, steinlá gegn Barcelona, 33-36, á heimavelli þar sem Barcelona var betri aðilinn allan tímann. Vonbrigðatímabil Kiel heldur því áfram en liðið tapaði einnig fyrri leiknum gegn Barcelona á Spáni.

Úrslitahelgin fer fram í Köln í lok mánaðarins.

- hbg

SIGURREIFUR Guðmundur fagnaði ákaft í leiknum um helgina.

NORDIC PHOTOS/BONGARTS

VORÚTSALA

HEIMABÍÓKERFI FRÁ 24.990
ALLT AÐ 38% AFSLÁTTUR

PHILIPS JVC Panasonic

FRÁBÆR TILBOÐ Á SJÓNVÖRPUM

JVC - GRUNDIG - PANASONIC - PHILIPS - TOSHIBA - UNITED

19" LCD SJÓNVARP
FULLT VERÐ 99.990
TILBOÐ 49.990
PHILIPS AFSL. 50.000

24" LCD SJÓNVARP
FULLT VERÐ 64.990
TILBOÐ 54.990
FINLUX AFSL. 10.000

50" PLASMA SJÓNVARP
FULLT VERÐ 349.990
TILBOÐ 219.990
Panasonic AFSL. 130.000

JVC HEYRNARTÓL OG TAPPAR
30-50% AFSLÁTTUR

TASCO SJÓNAUKAR MEÐ ALLT AÐ
35% AFSLÆTTI

JBL IPOD VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ
40% AFSLÆTTI

MÖRG HUNDRUÐ VÖRUR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

HLJÓMTÆKI - SJÓNVÖRP
MYNDAVÉLAR - BLU-RAY SPILARAR

MYNDAVÉLAR – FRÁ 9.990

Nikon CASIO Panasonic OLYMPUS

SJÁ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

JVC PHILIPS Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk JBL

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

dagskrá

> Tracy Morgan

„Framtíðin er eins og japanskur skemmtiþáttur, þú hefur ekki hugmynd um hvað er í gangi."

Tracy Morgan leikur LeeJohn sem þarf að aðstoða vin sinn Durell við að greiða háa skuld svo hinn síðarnefndi missi ekki son sinn í skemmtilegu gamanmyndinni First Sunday sem sýnd er á Stöð 2 Bíói kl. 18.

VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON HLUSTAR Á ÚTVARPIÐ DAGINN ÚT OG INN

Gamlir tímar heimsóttir á ný

Þegar ég var unglingur var ég dyggur hlustandi útvarpsrásarinnar X-ið 977 og missti sjaldan úr þætti með þeim Þossa og Simma, Í klóm drekans. Lítið útvarpstæki sat á skrifborði mínu og þaðan ómaði tónlist og spjall og hélt mér félagsskap á meðan ég sat yfir heimalærdómnum. Í kasettutækinu sat alltaf tóm spóla svo ég gæti tekið upp uppáhaldslögin mín væru þau spiluð. Maður var ávallt í viðbragðsstöðu. Útvarpstækið fór líka með manni í unglingavinnuna og þá var hlustað á Fóstbræður á meðan arfinn var tættur upp úr beðunum og blóm gróðursett í staðinn. Rafhlöðukostnaðurinn gat numið nokkur þúsund krónum á mánuði en upphæðin kom yfirleitt úr samskotspúkki unglingavinnuhópsins enda vildi enginn tína arfa útvarpslaus.

En nú er öldin önnur og með komu iPodsins og niðurhalsins hætti ég að mestu að hlusta á útvarp og gerðist minn eigin plötusnúður. Þegar ég þrí heimilið hlusta ég á „play-lista" sem ber heitið Tiltekt 1, á rólegum vetrarkvöldum verður Ýmis tónlist 2 fyrir valinu og í veislum er yfirleitt boðið upp á Youtube.

Nýverið gerðist það svo að ég fékk mig fullsadda af eigin tónlist og ákvað í staðinn að kveikja á útvarpinu. Aldurinn er greinilega farinn að segja til sín því stöðin sem verður nú fyrir valinu er Rás 1 og fær hún að óma daginn út og inn. Dagurinn hefst með KK og endar oftast á Speglinum eða Víðsjá á meðan kvöldmaturinn er undirbúinn og uppvaskið klárað.

RÚV

15.40 Næsta stopp: Düsseldorf! (e)
17.20 Landinn (e)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Mærin Mæja (12:52)
18.08 Franklín (61:65)
18.30 Sagan af Enyó (18:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Villtar mæður og afkvæmi þeirra (Wild Mothers and Babies) Heimildamynd frá BBC. Hér fylgist David Attenborough með afkvæmum nokkurra dýrategunda á fyrstu ævidögum þeirra.
20.55 Nýsköpun - Íslensk vísindi (12:12) Miklar umræður hafa orðið um umhverfi það sem íslenskar rannsókna- og vísindastofnanir og fyrirtæki búa við, meðal annars opinbera samkeppnissjóði og erlent styrkjafé.
21.25 Listakonur með ljósmyndavél – Mary Ellen Mark (Kobra sommar) Heimildaþáttaröð um þekkta kvenljósmyndara. Í þessum þætti er fjallað um Mary Ellen Mark, sem varð fræg fyrir myndir sínar af utangarðsfólki.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Íslenski boltinn
23.10 Svellkaldar konur
23.30 Þýski boltinn
00.30 Kastljós (e)
00.55 Fréttir (e)
01.05 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

08.00 Baby Mama
10.00 Pirates Who Don't Do Anything
12.00 First Sunday
14.00 Baby Mama
16.00 Pirates Who Don't Do Anything
18.00 First Sunday
20.00 Meet the Spartans
22.00 Drillbit Taylor
00.00 The Incredible Hulk
02.00 The Ruins
04.00 Drillbit Taylor

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Masterchef (11:13)
11.00 Lie to Me (7:13)
11.45 Falcon Crest (25:28)
12.35 Nágrannar
13.00 Frasier (17:24)
13.25 So You Think You Can Dance
14.50 ET Weekend
15.30 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 The Simpsons (5:22)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (18:19)
19.45 Modern Family (1:24)
20.10 Jamie Oliver's Food Revolution (6:6)
20.55 The Event (18:23) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök. Ásamt kærustu sinni lendir hann á flótta og áður en þau vita af eru þau flækt í meiri háttar samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.
21.40 Ben Hur (1:2) Fyrri hluti magnaðrar sögu um hinn uppreisnagjarna Ben Hur sem er tekinn til fanga af rómverska hernum.
23.15 The Office (1:6)
23.45 How I Met Your Mother (5:24)
00.05 Bones (5:23)
00.50 Hung (3:10)
01.20 Eastbound and Down (3:6)
01.45 True Blood (1:12)
02.40 True Blood (2:12)
03.35 Jamie Oliver's Food Revolution (6:6)
04.20 The Event (18:23)
05.05 The Simpsons (5:22)
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Breiðablik - KR
15.20 NBA 2010/2011 - Playoff Games
17.10 Breiðablik - KR Útsending frá leik Breiðabliks og KR í 1. umferð Pepsi-deildar karla í knattspyrnu.
19.00 Valur - FH Bein útsending frá leik Vals og FH í 1. umferð Pepsi-deildar karla í knattspyrnu.
21.15 Golfskóli Birgis Leifs (6/12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum á öllum stigum leiksins.
22.00 Pepsi-mörkin Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp umferðirnar í Pepsi-deildinni. Þeir fara ítarlega yfir allt það helsta sem gerist í hverjum leik. Öll mörkin eru skoðuð frá ólíkum sjónarhornum, farið í gegnum umdeildu atvikin, það sem vel er gert skoðað og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
23.10 Spænsku mörkin
00.00 Valur - FH
01.50 Pepsi mörkin

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Arsenal - Man. Utd.
13.05 Blackpool - Stoke
14.50 Man. City - West Ham
16.35 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
17.50 Premier League Review Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
18.45 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1996
19.15 Liverpool - Newcastle
21.00 Premier League Review Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
22.00 Ensku mörkin
22.30 Chelsea - Tottenahm
00.15 Birmingham - Wolves

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
15.50 An Idiot Abroad (3:9) (e)
16.40 Game Tíví (14:14) (e)
17.10 Dr. Phil
17.55 Matarklúbburinn (5:7) (e)
18.20 Spjallið með Sölva (11:16) (e)
19.00 Kitchen Nightmares (5:13) (e)
19.45 Will & Grace (3:25)
20.10 One Tree Hill (6:22)
20.55 Hawaii Five-O (9:24) Bandarísk þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. Þegar öryggisvörður er myrtur eru McGarrett og félagar kallaðir til. Í ljós kemur að hann hafði mikilvægar upplýsingar um manndráp sem er í uppsiglingu. Það er undir McGarret komið að afhjúpa sannleikann.
21.45 CSI (16:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Rannsóknarteymið fær undarlegt mál til sín þar sem um er að ræða tvö lík.
22.35 Penn & Teller (1:10)
23.05 Californication (5:12) (e)
23.35 Rabbit Fall (5:8) (e)
00.05 Heroes (13:19) (e)
00.45 Will & Grace (3:25) (e)
01.05 Hawaii Five-O (9:24) (e)
01.50 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
08.10 Zürich Classic (4:4)
11.10 Golfing World
12.00 Golfing World
12.50 Zürich Classic (4:4)
15.55 Ryder Cup Official Film 2004
17.10 PGA Tour - Highlights (15:45)
18.00 Golfing World
18.50 Zürich Classic (4:4)
22.00 Golfing World
22.50 Champions Tour - Highlights (8:25)
23.45 ESPN America

EXTRA

19.30 The Doctors
20.15 Ally McBeal (3:22)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.55 The Mentalist (17:24) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.
22.40 Chase (17:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost sem leggur sig alla fram við að vera skrefinu á undan glæpamönnunum. Þeir geta hlaupið en þeir geta ekki falið sig. Hún er klók kúrekastelpa frá Texas, með stórt hjarta, ótrúlegan persónuleika og hún mun hafa hendur í hári glæpamannanna fyrr en seinna.
23.25 Boardwalk Empire (10:12) Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum. Wall Street var á mikilli uppleið en mörg glæpagengi spruttu fram og græðgin og hömluleysið var allsráðandi.
00.25 Ally McBeal (3:22)
01.10 The Doctors
01.50 Sjáðu
02.15 Fréttir Stöðvar 2
03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Tveir gestir
18.45 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
19.00 Fróðleiksmolinn

ÍNN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Hvers vegna eldumst við of hratt? Þorbjörg Hafsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur og næringarþerapisti.
20.30 Golf fyrir alla
21.00 Frumkvöðlar Elínóra Inga og framtíðaratvinnusköpun.
21.30 Eldhús meistarana Magnús Ingi og Viðar Freyr á eldamennskuslóðum.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.40

Ben-Hur

Fyrri hluti stórbrotinnar framhaldsmyndar um gyðinginn Ben-Hur sem er svikinn af Rómverjum og seldur í þrældóm. Hann er staðráðinn í að ná fram hefndum gegn „vini" sínum sem sveik hann. Seinni hlutinn er á dagskrá annað kvöld.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags **06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Bak við stjörnurnar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Girni, grúsk og gloríur **23.05** Lostafulli listræninginn **23.45** Málstofan **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

06.15 Deal or No Deal **06.50** Deal or No Deal **07.25** Monarch of the Glen **08.15** Programmes Celebrating Royal Wedding **09.45** EastEnders **11.45** EastEnders **12.10** Keeping Up Appearances **12.40** Programmes Celebrating Royal Wedding **15.05** The Weakest Link **15.50** Fawlty Towers **16.25** ‚Allo ‚Allo! **16.55** ‚Allo ‚Allo! **17.30** Dalziel and Pascoe **18.20** Dalziel and Pascoe **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Jack Dee Live at the Apollo **23.00** Dalziel and Pascoe

DR 1

11.00 Bonderøven **11.30** Saras køkken **12.00** William og Kate - Højdepunkter fra den store dag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie i det fede USA **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Kaj og Andrea **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Jamie Olivers eget køkken **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Jamie Oliver i Marrakesh **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Miss Marple **21.35** OBS **21.40** Barnebrud gør oprør

NRK 1

11.35 Ein dag i Sverige **11.50** Glimt av Norge **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Den nordiske smaken **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Popstokk **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Lev lenge! **18.15** Det ukjente Mallorca **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Norge i krig - oppdrag Afghanistan **20.00** The Street **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lewis **22.50** Nytt på nytt

svt1

10.30 Sverige! **11.00** Kære John **13.00** Gloria-tv **13.05** Vilma **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Jakten på de kungliga **14.55** Mästarnas mästare **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Djursjukhuset **18.30** Det söta livet **19.00** Himmelblå **19.45** Väsen **20.00** Hej litteraturen! **20.30** Ett evigt berättande **21.00** Damages **21.45** The Kennedys **23.10** Rapport

ora

Ástríða í matargerð

Smakkaðu nýjung frá ORA

Kjúklingabollur í drekasósu

Kjúklingabollur í súrsætri sósu

... einfalt, fljótlegt og gott!

www.ora.is

pepsi

PEPSI DEILDIN ER HAFIN!

VALUR - FH
Í kvöld kl. 19

PEPSI MÖRKIN
Í kvöld kl. 22
Hörður Magnússon, Magnús Gylfason og Hjörvar Hafliðason láta allt flakka um mörkin, tilþrifin, dómarana, o.fl. o.fl.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

SJÓNVARPSÞÁTTURINN



Eins glatað og það hljómar er ég forfallinn aðdáandi þáttanna Desperate Housewives sem hafa verið í sjónvarpi lengi. Mér til varnar er þetta það eina sem ég hef þar sem ég er bara með RÚV.

Lára Björg Björnsdóttir rithöfundur

Fótboltaáhugamaður heldur tónleika í Álaborg

„Ég vildi endilega gera eitthvað sniðugt, fyrst ég var búinn að ákveða að fara út og styðja landsliðið," segir Hjörvar Hermannsson. Hann hefur skipulagt stóra tónleika með Retro Stefson og Danna Deluxe í Álaborg hinn 18. júní, sama dag og íslenska U-21 árs landsliðið í knattspyrnu mætir Dönum í úrslitum Evrópumótsins. „Það er rosalega mikil spenna fyrir mótinu og margir hópar sem ætla að fara út og hvetja landsliðið," segir Hjörvar, sem sjálfur er mikill Bliki og þekkir vel til strákanna í liðinu. „Þetta eru flestallt guttar sem maður hefur alist upp með og ég held að þeir eigi eftir að slá í gegn í keppninni."

Ísland leikur í A-riðli Evrópumótsins og er fyrsti leikurinn 11. júní gegn Hvíta-Rússlandi. Síðasti leikurinn í riðlinum verður 18. júní í Álaborg. Ef Íslendingar vinna riðilinn þá fara þeir í umspil um verðlaunasæti. Spurður að því hvort hann vonist til þess að landsliðsstrákarnir sitji eftir í riðlinum til þess að komast á tónleikana, segir Hjörvar að svo sé ekki. „Ég veit að þeir munu mæta ef þeir tapa, en ég ætla samt að vona að við séum frekar að fara að fagna góðu gengi okkar manna þetta kvöld." Miðasala á tónleikana hefst á midi.is á morgun. **- ka**

ÍSLENDINGAR FJÖLMENNA TIL ÁLABORGAR Hjörvar Hermannsson stendur fyrir tónleikum með Retro Stefson og Danna Deluxe í Álaborg í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kærustparatónlist sem varð til á fylleríi

Valdimar Guðmundsson, söngvari hljómsveitarinnar Valdimar, og Björgvin Ívar Baldursson, upptökustjóri hjá Geimsteini og liðsmaður Lifunar, gefa saman út plötu í sumar.

„Þetta er svona kærustuparatónlist. Ég tók upp Valdimars-plötuna og síðan á einhverju fylleríi ákváðum við að semja saman lög. Daginn eftir var það enn þá góð hugmynd," segir Björgvin Ívar. „Við hittumst þrisvar og náðum að koma með hugmyndir að yfir tuttugu lögum. Það gekk svo fáránlega vel að við ákváðum að gera plötu."

Valdimar er einnig mjög spenntur fyrir plötunni. „Það er alltaf gaman að gera eitthvað nýtt. Þetta dæmi verður svolítið rólegra en ég hef gert. Ég hef alltaf verið hrifinn af þessum kósý tónum," segir hann og líkir samstarfi þeirra Björgvins við hljómsveitina Bon Iver.

Fyrsta plata hljómsveitarinnar Valdimars, Undraland, kom út fyrir síðustu jól og hefur selst í hátt í tvö þúsund eintökum. Hún er um þessar mundir í efsta sætinu á sölusíðunum Tonlist.is og Gogoyoko.com, auk þess sem lagið Yfirgefinn er vinsælast á Tonlist.is. „Ég bjóst ekki alveg við svona miklum vinsældum," segir Valdimar, ánægður með lífið og tilveruna.

Fram undan hjá hljómsveitinni er spilamennska á alþjóðlegri tónlistarhátíð stúdenta í bænum Greifswald í Þýskalandi um miðjan maí. Það verða fyrstu alvöru tónleikar sveitarinnar erlendis. „Ég hlakka mikið til. Þetta verður svakalega gaman," segir hann og útilokar ekki nýja Valdimars-plötu á næsta ári. **- fb**

NÝTT EFNI Valdimar Guðmundsson og Björgvin Ívar Baldursson eru að undirbúa sína fyrstu plötu saman. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HOLLENSKAR STÓRSTJÖRNUR Robert de Hoog og Doutzen Kroes, fyrirsæta hjá Victoria's Secret, ásamt leikstjóranum Reinout Oerlemans á blaðamannafundi þegar tilkynnt var um gerð myndarinnar Nova Zembla. Þetta er fyrsta þrívíddarkvikmynd Hollendinga sem virðast ekki erfa Icesave-málið við íslenska kvikmyndagerð eða náttúru. NORDICPHOTOS/AFP

KRISTINN ÞÓRÐARSON: ICESAVE-DEILAN LÖGÐ TIL HLIÐAR

Hollendingar taka upp þrívíddarmynd á Íslandi

Tökulið frá hollenska kvikmyndafyrirtækinu Eyeworks er statt hér á landi til að taka upp fyrstu hollensku þrívíddar-kvikmyndina, Nova Zembla. Um níutíu íslenskir og hollenskir kvikmyndagerðarmenn koma að tökunum en það er framleiðslufyrirtækið Saga Film sem hefur veg og vanda af íslenska hlutanum. Verkefni af þessari stærðargráðu skila yfirleitt tugum milljóna inn til landsins og getur þar að auki haft veruleg áhrif á ferðamannastraum frá viðkomandi landi, ekki síst ef myndin slær í gegn heima fyrir.

Tökur fara meðal annars fram á Langjökli en um er að ræða mjög stórt verkefni. Kristinn Þórðarson, framleiðandi hjá Saga Film, segir í samtali við Fréttablaðið að Icesave-deilan víðfræga hafi ekki einu sinni verið rædd, einn eða tveir hafi spurt um atkvæðagreiðsluna en síðan hafi menn einbeitt sér að kvikmyndagerðinni. „Það er enginn að velta sér upp úr þessu, það eru allir svo uppteknir."

Nova Zembla byggir á sannri sögu og segir frá skipi sem hollenska konungsfjölskyldan sendi norður fyrir Rússland fyrir fjórum öldum til að finna skipaleiðina til Indlands. Skipsverjarnir lentu í miklum hremmingum í baráttu sinni við óblíð náttúruöflin og myndin fjallar um sögu þeirra. Alls eru tólf hollenskir leikarar staddir hér á landi, þar á meðal aðalleikarinn Robert de Hoog, sem er einn sá vinsælasti í föðurlandi sínu. Því miður fyrir íslenskan karlpening mun hin aðalstjarna myndarinnar ekki koma til landsins, hollenska fyrirsætan Doutzen Kroes, en hún er ein af hinum svokölluðu englum Victoria's Secret-undirfataframleiðandans.

Gerð kvikmyndarinnar hefur vakið mikla athygli í Hollandi enda í fyrsta skipti sem Hollendingar reyna fyrir sér með þrívíddartækninni. Kristinn er bjartsýnn á að allt eigi eftir að ganga snurðulaust fyrir sig. „Þetta verður örugglega alveg heljarinnar ævintýri." freyrgigja@frettabladid.is

Karl Berndsen á tímamótum

„Ég ætla ekki að fara leka einu eða neinu en get þó staðfest að ég á í viðræðum við Stöð 2," segir hárgreiðslumaðurinn Karl Berndsen sem er hættur að stjórna þættinum Nýtt útlit á Skjá einum.

Samkvæmt öruggum heimildum Fréttablaðsins ætlar Karl þó ekki að hverfa af skjánum fyrir fullt og allt heldur hyggist hann byrja með sambærilegan þátt á Stöð 2. Skjár einn hyggst hins vegar ekki leggja sína þáttaröð á hilluna þrátt fyrir brotthvarf Karls því Kristjana Thors Brynjólfsdóttir, dagskrárstjóri Skjás eins, sagði í samtali við Vísi.is að þau hygðust finna arftaka Karls og halda uppteknum hætti. „Sjónvarpsþáttaröðin mun að sjálfsögðu halda áfram í haust en að þessu sinni með breyttum áherslum."

Karl var ákaflega loðinn í sínum svörum, sagðist ætla að einbeita sér að vinnu sinni við Beauty Barinn í Kópavogi. Samstarf hans og Skjás eins hefði einfaldlega verið komið á endastöð. „Við vorum búin að gera 45 þætti og mér fannst þetta bara verið búið. Það veit hins vegar enginn hvað framtíðin ber í skauti sér en það er mjög ólíklegt að ég geri ekki neitt. Það mun hins vegar ekkert gerast í þessu fyrr en eftir jólin." **- fgg**

TIL STÖÐVAR 2 Karl Berndsen hefur gengið til liðs við Stöð 2 og hyggst stjórna nýjum þætti á vegum stöðvarinnar. Skjár einn ætlar engu að síður að halda áfram með þættina Nýtt útlit. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nýtt happdrættisár byrjar í maí

HAPPDRÆTTI das

Vinningur í hverri viku

Viltu einfaldan eða tvöfaldan?

dregið vikulega! 52 útdrættir á árinu!

Þú getur unnið Toyota Avensis

6 Toyota Avensis á 5 milljónir króna hver á einfaldan miða

Miðaverð **1.100 kr.**

Þú getur unnið Toyota Land Cruiser 150

6 Toyota Land Cruiser á 10 milljónir króna hver á tvöfaldan miða

Miðaverð **2.200 kr.**

Eða allt í peningum

6 aðalvinningar á 10 milljónir hver,
10 aðalvinningar á 6 milljónir og
36 aðalvinningar á 4 milljónir hver.

845 milljónir dregnar út á árinu | Kauptu miða á www.das.is

ÍSLENSKA SÍA.IS DAS 54280 3 04/11

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLKI

Barist um stórleikara

Vorhreingerning stendur nú yfir hjá Þjóðleikhúsinu. Tveimur leikurum var í síðustu viku sagt upp störfum og samningar við tvo aðra voru ekki endurnýjaðir. Þá sagði í tilkynningu að **Hilmir Snær Guðnason** sneri aftur til Þjóðleikhússins eftir nokkurt hlé. Magnús Geir Þórðarson og hans fólk í Borgarleikhúsinu mótmælti þessum fullyrðingum og ítrekuðu með tilkynningu að Hilmi Snæ væru eftir sem áður ætlaðir stórir hlutir þar á bæ næsta vetur. Ari Matthíasson í Þjóðleikhúsinu lét ekki þar við sitja og sendi út enn eina tilkynninguna seinni partinn í gær og virtist enn ætla að hvessa í þessu litla vatnsglasi leikhúsanna.

- hdm

Tískutröll í blaðamennsku

Tískulöggan **Arnar Gauti Sverrisson** hefur söðlað um og er nú farinn að skrifa um fræga og fallega fólkið í tímaritið Séð og heyrt. Glöggir lesendur tóku eftir því að hans fyrsta verk var að taka viðtal við félaga sinn **Ásgeir Kolbeinsson**. Ásgeir hefur, ásamt fjölskyldu sinni, keypt aðra eigendur veitingastaðarins Austurs í Austurstræti út úr rekstrinum. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem leiðir Arnars og Ásgeirs liggja saman. Margir eru minnugir þess þegar Arnar fór með tökulið sjónvarpsþáttarins Innlits/Útlits í nýja íbúð Ásgeirs og þeir skemmtu sér við það í drykklanga stund að úthúða húsakostinum, fussa og sveia. Minna fór fyrir munnsöfnuðinum í viðtalinu í vikunni.

- sh

Mest lesið VÍSIR

1. Brúðkaup aldarinnar: Hvar voru blökkumennirnir?
2. Andlát í Árbæ: Tvær konur látnar lausar
3. Alelda bíll og mikið um forgangsflutninga
4. Seldi skólabróður sínum skammbyssu
5. Sonur og barnabörn Gaddafis drepin í loftárásum

UPPLIFÐU LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 20. MAÍ – 5. JÚNÍ



Ljósmyndir/SÍA

Office1
Fyrirtækjaþjónusta
ÓDÝR REKSTRARVARA
Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.
PÖNTUNARSÍMI 550 4111
Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is

Big Wheel Café, Háskólatónleikar, Michel Houellebecq, hljóðganga, Bændur flugust á, Klúbburinn, myndlistarsýningar, Subtales, útiatriði á Austurvelli og margt fleira.

KYNNTU ÞÉR DAGSKRÁNA OG TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á WWW.LISTAHATID.IS
Miðasölusími: 552 8588 | Miðasölusími á viðburði í Hörpu: 528 5050

Landsvirkjun | samskip | PÓSTURINN | Iceland Express | CENTER HOTELS | FRÉTTABLAÐIÐ

LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 2011
REYKJAVIK ARTS FESTIVAL 20. MAÍ – 5. JÚNÍ